ANDRÉS PÉTUR RÚNARSSON

*Draumur um Dallas*

Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




SJÖUNDA BÓKIN UM HARRY POTTER

*Tveir deyja í lokabókinni*

Væntanleg á næsta ári.

FÓLK 34



JAKOB HRAFNSSON

*Mörg tækifæri í umhverfisráði*

Fyrsta fundur nýs umhverfisráðs Reykjavíkur í gær.

TILVERA 16




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júní 2006 — 171. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




**BEÐIÐ AÐSTOÐAR LÆKNIS** Ingvar Ingvarsson, íbúi á Eskifirði, sést á myndinni halda á dóttur sinni, Jensínu Mörthu Ingvarsdóttur og vinkonu hennar Guðrúnu Karítas Hallgrímsdóttur, á meðan þær bíða eftir aðstoð á heilsugæslunni á Eskifirði. Við hlið þeirra eru feðgarnir Bergur Ingi Einarsson og Einar Dalberg. Þrjátíu og fjórir leituðu sér aðstoðar á heilsugæslunni á Eskifirði vegna eitrunar sem kom upp í sundlauginni á staðnum en 25 af þeim þurftu í frekari skoðun á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARÐARSSON

# Klórgas ógnaði lífi fólksins

**Grípa þurfti til umfangsmikilla björgunaraðgerða er klórgasmengun myndaðist við blöndun ediksýru og klórs í sundlaugarhúsinu á Eskifirði í gær. Á fjórða tug manna þurftu að leita aðstoðar sökum eymsla.**

**EITRUN** Flytja þurfti 34 á heilsugæsluna á Eskifirði vegna klórgasmengunar sem upp kom í sundlaugarhúsi Eskifjarðar rétt fyrir hádegi í gær. Orsök slyssins má rekja til þess að ediksýru var fyrir mistök hellt í klórtank sundlaugarinnar. Við þetta lækkaði sýrustigið skyndilega og klórgas, sem er lífshættulegt í ákveðnu magni, losnaði út.

Rýma þurfti fjórtán hús á Eskifirði auk leikskóla en um tíma var hætta talin vera á ferðum í nágrenni við laugina, vegna klórgasmengunarinnar.

Pípulagningamenn sem voru að störfum í byggingu sundlaugarinnar urðu varir við klórgasmengunina og forðuðu sér fljótt úr henni. Tilkynnt var um mengunina til lögreglu skömmu síðar.

Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, sagði lögreglu hafa gert samhæfingarstöð aðgerða í Reykjavík viðvart um leið og alvarleiki málsins var ljós. „Við ákváðum að grípa strax til mikilla aðgerða þar sem ljóst var að klórgasið gat ógnað lífi fólksins sem var í og við sundlaugina.“

Eftir skoðun á heilsugæslunni á Eskifirði voru tuttugu og fimm fluttir á fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað til frekari skoðunar, en flestir þeirra sem urðu fyrir mengunini þjáðust af gröfum hósta og öndunarerfiðleikum.

Björgunarsveitir í nágrenni Eskifjarðar voru kallaðar út auk flugvélar og þyrlu Landhelgisgæslunnar, en með þeim kom greiningarsveit frá Landspítalanum og bráðatæknar.

Auk þess komu sjúkraflutningamenn og læknir með flugi frá Akureyri til Neskaupstaðar.

Eftir gaumgæfilega skoðun voru tveir fluttir með sjúkraflugi frá Neskaupstað til Akureyrar en fjórir til Reykjavíkur. Ekkert þeirra sem leitaði aðstoðar á sjúkrahúsi var lífshættulega slasað.

Elín G. Guðmundsdóttir, efnafræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir fólki stafa mikil hætta af klórgasmengun. „Klórgas er mjög eitrað og er það binst vatni myndar það saltsýru í slímhúð, sem er lífshættuleg og veldur miklum óþægindum.“

Mildi þykir að ekki fór verr en fjöldi heimamanna á Eskifirði tók þátt í björgunaraðgerðum sem voru umfangsmiklar og erfiðar.

**- mh** / Sjá síður 8 og 10

## Seldi lag í hafnaboltaauglýsingu



Baldvin Ringsted vekur athygli fyrir tónlist sem hann semur undir nafninu Bela.

FÓLK 36

## Fótboltinn og lífið

„Það er auðvitað alltaf stutt í pólitík og enn styttra í fordóma, klisjur og grunnfærar staðalímyndir af fólki og þjóðum en sú einfalda tilfinning að mannkynið sé eitt og heimurinn einn er hins vegar sífellt að breiðast út og verða dýpri og sterkari,“ skrifar Jón Ormur Halldórsson.



Í DAG 20

## Einfarinn sem yfirgaf Hollywood

Leikarinn og leikritahöfundurinn Eric Bogosian er hér á landi til að taka þátt í Act alone-einleikjahátíðinni sem hefst á Ísafirði á morgun.

TILVERA 16

## Ekki góð þróun

Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrum landsliðsþjálfari kvenna, segir þróunina í kvennaboltanum ekki góða og að deildarkeppnin sé farin að bitna á landsliðinu. Hún segir tíma kominn á breytingar á deildarkeppninni.



ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÖFLÓTT - Í** dag verður stíf austlæg átt allra syðst, annars hægari. Bjart með köflum á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi en fer að rigna suðaustan til nálægt hádegi. Víða skúrir með kvöldinu, síst norðaustan til. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4

## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




FL Group keypti í gær 24,2 prósenta hlut í Straumi-Burðarási fjárfestingabanka:

# Viðskipti fyrir 47 milljarða

**VIÐSKIPTI** FL Group festi í gær kaup á 24,2 prósenta hlut í Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf., en seljendur eru að stærstum hluta Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson.

Alls nemur andvirði viðskiptanna 47 milljörðum króna en eftir kaupin á FL Group tæplega 26 prósenta hlut í bankanum.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir í fréttatilkynningu kaupin á hlutnum í bankanum vera í takt við þá stefnu félagsins að vera áhrifafjárfestir í félögum í vexti. „Við hlökkum til samstarfsins við aðra hluthafa í bankanum og sjáum ýmis tækifæri til sóknar, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.“



HANNES SMÁRASON



MAGNÚS KRISTINSSON

Magnús Kristinsson segist skilja sáttur við Straum-Burðarás. „Ég tel að það sé Straumi farsælast að brjóta upp það eigendamynstur sem verið hefur í félaginu og freista þess að þann veg að ná fram sáttum um áherslur og framtíðarsýn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. Jafnframt tel ég og þeir sem mér tengjast mjög áhugavert að koma til liðs við FL Group hf., sem hefur á liðnum misserum sýnt frábæra hæfni til endurnýjunar, byggir á traustum stoðum kjarnastarfsemi og nýrri sýn við árangursmiðaðar fjárfestingar innan lands sem utan,“ er haft eftir Magnúsi í tilkynningu. Greitt verður fyrir hlutinn með hlutabréfum í Kaupþingi banka, að verðmæti tólf milljarða, og FL Group, að verðmæti 35 milljarðar.

Talið er víst að með þessum kaupum hafi komist á friður í eigendahópi Straums-Burðaráss. FL Group er nú stærsti einstaki hluthafinn í félaginu. **- mh**






## SPURNING DAGSINS

*Egill, eru Kallarnir komnir í aflitað hár saman?*

„Ákveðnir menn innan hópsins hafa einfaldlega girt niðrum sig og skitið á sig."

Upp er komið ósætti innan Kallanna eftir að heimasíðu þeirra, kallarnir.is var lokað. Egill „Gilzenegger" Einarsson var afar ósáttur við ákvörðunina, svo ekki sé meira sagt.

Þrír hafa verið úrskurðaðir í ellefu daga gæsluvarðhald til viðbótar:

# Svikin nema 75 milljónum

**LÖGREGLAN** Þrír hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til sjöunda júlí til viðbótar við þann sem úrskurðaður var í fyrradag vegna gruns um fjársvik og bótasvik í starfi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Svikin nema 75 milljónum króna og er talið að þau hafi staðið yfir frá 2002.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, segir að málið geti tengst tugum fólks og því þurfi að rannsaka hlutdeild eða meinta hlutdeild fólksins. Ekki skipti máli hvort það taki einn eða tvo daga að tala við fólk. Margir verði yfirheyrðir.

„Rannsóknin er á frumstigi og miðast við að ná utan um málið eins og það er. Til þess þarf að afla gagna," segir hann. „Aðferðir okkar eru fólgnar í því að afla gagna og yfirheyra alla sem eru taldir geta tengst málinu eða geta gefið upplýsingar um það."



**RANNSÓKNIN Á FRUMSTIGI** Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir að fjársvikamálið hjá Tryggingastofnun geti tengst tugum fólks.

Jón segir að eðlilegt sé að fara yfir öryggismál og vinnuferla, hvort sem það er hjá einkafyrirtæki eða opinberri stofnun, þegar manneskja í lykilstöðu virðist hafa brugðist trúnaði í starfi sínu. Það verði gert hjá Tryggingastofnun.

„Þegar upplýst er um svona mál þá reyna allir að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja að slíkt geti komið upp eða viðgengist," segir hann. **- ghs**

Khamenei æðstiklerkur Írans:

# Segir viðræður tilgangslausar

**ÍRAN, AP** Ali Khamenei æðstiklerkur sagðist í gær ekki sjá neinn tilgang í því að Íranar ættu viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um kjarnorkumál sín.

„Viðræður við Bandaríkjamenn myndu ekki skila okkur neinu, og við þurfum ekki á þeim að halda," hafði íranska ríkissjónvarpið eftir Khamenei. Talsmenn Bandaríkjastjórnar hafa sagt að fallist Íranar á tilboð stórveldanna til lausnar á kjarnorkudeilunni kunni stjórnin að slást í lið með samningamönnum Evrópuveldanna og eiga þar með sínar fyrstu beinu viðræður við Íransstjórn frá því í klerkabyltingunni árið 1979. **- aa**

Fyrrum innanríkisráðherra:

# Hörð gagnrýni á Tony Blair

**BRETLAND, AP** Charles Clarke, fyrrverandi innanríkisráðherra Tony Blair, gagnrýndi fyrrverandi samherja sinn harkalega í gær og sagði hann hafa misst sjónar á þeim stefnumálum og markmiðum sem Verkamannaflokkurinn hefði áður staðið fyrir.



**CHARLES CLARKE**

Gagnrýnin kemur í kjölfar slæmrar útreiðar Verkamannaflokksins í skoðanakönnun í vikunni.

Undir rós fylgdi þessari gagnrýni áskorun um að Blair leiddi flokkinn áfram til ársins 2008, en Blair íhugar að segja af sér á kjörtímabilinu. Clarke lét hafa eftir sér að til þess að Blair nái aftur áttum, og klári þau mál sem flokkurinn fékk kosningu til að framfylgja, væri heilladrýgst að hann sæti áfram við stjórnvölinn enn um sinn. **- kóþ**

Innbrot í Mosfellsbæ:

# Tvö innbrot um miðjan dag

**INNBROT** Tvö innbrot voru framin í Mosfellsbænum um kaffileytið í fyrradag með stuttu millibili.

Húsin sem brotist var inn í eru staðsett í sama hverfi og skammt er á milli þeirra. Lögreglan í Mosfellsbæ grunar að innbrotin séu tengd. Lögreglan telur að annað húsanna hafi verið ólæst, en í hinu tilvikinu var brotin upp gluggafesting.

Á meðal þess sem var stolið voru tvær fartölvur úr hvoru húsi um sig, ein stafræn myndavél og ipod tónlistarspilari. **- æþe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Mikið um ölvun** Mikið barst af tilkynningum um ölvun til lögreglunnar í Hafnarfirði. Erlendur maður var handtekinn fyrir að hafa undir höndum smyglað áfengi.

# Lækka lán og fresta framkvæmdum

**Ríkisstjórnin ætlar að draga úr þenslu og minnka verðbólgu með því að lækka lánshlutfall og hámarkslán Íbúðalánasjóðs, fresta nýjum framkvæmdum og fá sveitarfélögin til að draga úr nýjum fjárfestingum á þessu ári og næsta.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka lánshlutfall úr 90 prósentum í 80 prósent og hámarkslán Íbúðalánasjóðs úr 18 milljónum króna í 17 milljónir frá 1. júlí. Lán til íbúðakaupenda og húsbyggjenda verða takmörkuð þannig að sami aðili geti ekki átt samtímis fleiri en eina íbúð með lánum frá sjóðnum nema við sérstakar aðstæður.

Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að fresta útboðum og nýjum framkvæmdum á vegum ríkisins og óskar eftir viðræðum við forystumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og stærstu sveitarfélög landsins með það að markmiði að draga úr fjárfestingum þeirra á þessu ári og næsta ári. Stór samstarfsverkefni ríkisins og Reykjavíkurborgar verða skoðuð sérstaklega.

„Allt sem hér verður boðið út lendir í frestun en ekki þar með sagt að hætt sé við framkvæmdir. Það er bara verið að ýta þeim á undan sér þangað til þróunin skýrist betur," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra og bætir við að fyrst og fremst sé um vegaframkvæmdir að ræða og einhverjar húsbyggingar á vegum ríkisins. „Allt sem búið er að semja um mun halda áfram."

Geir telur að umfang aðgerðarinnar fari eftir því hvað komi út úr viðræðum við sveitarfélögin. Hjá ríkinu nemi framkvæmdirnar tæpum þremur milljörðum króna.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra bendir á að umfang framkvæmda sveitarfélaganna á þessu ári sé nánast jafn mikið og hjá ríkinu þannig að „þátttaka sveitarfélaganna getur haft veruleg áhrif".



**AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR ÞENSLU** Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Geir H. Haarde forsætisráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra kynntu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu eftir ríkisstjórnarfund í gær. „Þetta mun róa vinnumarkaðinn. Það þarf að kæla hann aðeins niður," segir forsætisráðherra um áhrifin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjá Íbúðalánasjóði er þegar byrjað að hægja þar á en þetta mun væntanlega flýta þeirri þróun," segir Geir og kveðst ekkert geta sagt um vaxtastigið en miðað við þróunina undanfarið sé líklegra að vextir hækki en lækki.

Geir telur ákvörðun ríkisstjórnarinnar ekki hafa bein áhrif á hátæknisjúkrahús og Sundabraut. Bygging Tónlistarhúss verði rædd við Reykjavíkurborg og þá komi í ljós hvort hægt sé að fresta henni „en við höfum það mál ekki á valdi okkar," segir Geir.

„Þetta eru mjög tímanlegar aðgerðir í samhengi við samningana í síðustu viku," segir Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra telur að með þessu sé mikilvægt skref stigið á bremsuna.

**ghs@frettabladid.is**



**TEIKNING AF ÓPERUHÚSI Í KÓPAVOGI** Bæjarstjóri ætlar rólega í byggingu þess.

Framkvæmdir í Kópavogi:

# Óperuhúsinu verður seinkað

**EFNAHAGSMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að Kópavogsbær geti ekkert skorið niður í framkvæmdum á þessu ári, þær séu fastbundnar. „En við munum reyna að sjá til þess að hér verði stöðugleiki og festa í efnahagslífi þjóðarinnar."

Spurður um hvaða framkvæmdum komi til greina að fresta segir hann að Kópavogsbær muni fara sér „rólega í byggingu óperuhúss og kannski fleiri mannvirkja," en skólar og leikskólar verði byggðir. **- ghs**

Aðgerðir stjórnvalda:

# Vekja reiði hjá fólki

**EFNAHAGSMÁL** Ögmundi Jónassyni þingmanni finnst afleitt að lánshlutfall Íbúðalánasjóðs verði lækkað, því að það bitni á þeim sem séu að festa kaup á sínu fyrsta húsnæði. „Þetta er fráleit ráðstöfun," segir Ögmundur, „og vekur fyrst og fremst reiði hjá fólki".

Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður segir að með ákvörðun sinni sé ríkisstjórnin að viðurkenna sjálfskaparvanda sem stjórnarandstaðan hafi fyrir löngu bent á. Þetta sé skammtímaaðgerð til að bregðast við vonlausri hagstjórn en með henni sviki ríkisstjórnin loforð sín. Stjórnvöld þurfi að segja hvað eigi að skera niður. **- ghs**


BÍLL DAGSINS

OPEL ASTRA 1.6 EA

Nýskr 10.05 - Beinskiptur - Ekinn 8 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


Ráðherra Hamas-samtakanna dregur úr væntingum:

# Viðurkenna ekki Ísraelsríki

**PALESTÍNA, AP** Abdel Rahman Zeidan, ráðherra í palestínsku heimastjórninni, leiðrétti fréttaflutning af samkomulagi milli Hamas-samtakanna og Fatah-hreyfingarinnar í gærkvöldi. BBC hefur eftir honum að í samkomulaginu milli Hamas og Fatah væri ekki minnst einu orði á viðurkenningu á Ísraelsríki. „Þetta hefur enginn samþykkt. Þetta var aldrei á borðinu."

Fréttamaður BBC segir að í plagginu samþykkta sé einungis talað um myndun ríkis Palestínumanna og hvernig skuli unnið að henni. Þetta hafi hingað til verið talið hluti af „tveggja ríkja lausninni," og var því reiknað með að samkomulagið síðan í gær viðurkenndi tilvist Ísraels, þótt á óbeinan máta væri. Þetta virðist nú hafa verið oftúlkun.

Hamas-liðar telja samkomulagið samt sem áður „sögulegan viðburð," en það er ávöxtur nokkurra vikna hatrammra samningaviðræðna milli þessara stríðandi fylkinga.



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM** Hátt settir menn innan fylkinga Palestínumanna tilkynntu um samkomulagið á Gaza-ströndinni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Benita Ferrero-Waldner, stjórnarmaður utanríkismálanefndar Evrópusambandsins, tók tilkynningunni fagnandi en sagði að meira þyrfti til að ESB veitti heimastjórninni aftur beina neyðaraðstoð. Samkomulagið væri einungis „upphaf ferlis" að áðurtöldum markmiðum. Talsmaður Hvíta hússins tók í sama streng. **- kóþ**


Síminn
SMS & MMS
5 KR*
ALLAR HELGAR Í SUMAR
HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.
SONY ERICSSON W810i
35.980 kr.
Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfílinginn.
SONY ERICSSON Z530i
17.980 kr.
Þessi uppfyllir allar þarfir þínar í sumar – með spilara, tölvutengingu og myndavél.
SONY ERICSSON Z300i
10.980 kr.
Lítill og krúttlegur skjaldbökusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögunum.
Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.
* Eingöngu innan kerfis Símans

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.06.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,69 | 76,05 |
| Sterlingspund | 137,82 | 138,50 |
| Evra | 95,12 | 95,66 |
| Dönsk króna | 12,755 | 12,829 |
| Norsk króna | 11,968 | 12,038 |
| Sænsk króna | 10,302 | 10,362 |
| Japanskt jen | 0,6494 | 0,6532 |
| SDR | 111,19 | 111,85 |

*Gengisvísitala krónunnar*
131,8593

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði íslenska ríkið af skaðabótakröfum:

# Kröfum Péturs Þórs hafnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær íslenska ríkið af skaðabótakröfum Péturs Þórs Gunnarssonar.

Pétur krafðist þess að honum yrðu greiddar tæpar 4 milljónir í skaða- og miskabætur vegna synjunar Fangelsismálastofnunar um reynslulausn úr fangelsi í júlí árið 2000. Þá hafði hann afplánað helming af sex mánaða fangelsisdómi vegna fjársvika og skjalafals.

Synjunin var gerð á þeim forsendum að á sama tíma stóð yfir rannsókn hjá embætti Ríkislögreglustjóra á meintum málverkafölsunum Péturs. Á grundvelli þeirrar rannsóknar var Pétur kærður árið 2003 og sýknaður í Hæstarétti rúmu ári síðar.


PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON

Fram kemur í dómi héraðsdóms að heimilt sé að veita föngum reynslulausn, en það sé undantekning. Þá er einnig ákvæði sem segir að mönnum sé ekki veitt slík reynslulausn, sé ólokið öðru máli þar sem viðkomandi er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Taldi Pétur að það ákvæði stangaðist á við stjórnarskrá sem og mannréttindasáttmála Evrópu þar sem fram kemur að hver sá sem borinn er sökum, skuli talinn saklaus, uns sekt er sönnuð.

Dómurinn fellst ekki á að í ákvæðinu felist, að fangelsisyfirvöldum sé gert að meta sekt viðkomandi eða sýknu í málum þeim sem kunni að vera ólokið.

Þá segir að ekki verði séð að slíku mati hafi verið beitt við afgreiðslu umsóknar Péturs um reynslulausn.

Því var ríkið sýknað af öllum kröfum en málskostnaður fellur niður. Ekki náðist í Pétur vegna dómsins í gær. **- öhö**

Stúlka myrt í Danmörku:

# Níu sekir um heiðursmorð

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Dómar voru kveðnir upp yfir níu manns í Kaupmannahöfn í gær vegna morðs á nítján ára stúlku, Ghazala Khan, í september síðastliðnum.

Það var eldri bróðir hennar sem skaut hana tveimur dögum eftir brúðkaup hennar vegna þess að fjölskylda hennar, sem er frá Pakistan, gat ekki sætt sig við val hennar á brúðguma.

Hinir dæmdu eru allir úr fjölskyldu hinnar myrtu, eða vinahópi fjölskyldunnar.

Eiginmaður hennar var skotinn tvisvar í magann, en hann lifði af árásina. **- gb**


**ZHANG MEIYING OG SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR** Sátu klukkustundar langan fund saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Zhang Meiying í heimsókn:

# Þingforsetar ræddu viðskipti

**HEIMSÓKN** Zhang Meiying, varaforseti kínverska ráðgjafarþingsins, hitti í gær Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á Bessastöðum þar sem viðskiptasambönd landanna voru meðal annars rædd. Einnig hitti hún Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra en einkum var rætt um viðskipti og mannréttindi á þeim fundum.

Zhang Meiying fer af landi brott í dag en hún hefur dvalið hér ásamt sjö manna sendinefnd síðan á sunnudag. **- gbg**

## PÓLLAND

**Ákært vegna húshruns** Þrír menn sem áttu þátt í að hanna fjölnotahús sem hrundi í Suðvestur-Póllandi í janúar í vetur, með þeim afleiðingum að 65 manns létu lífið, hafa verið handteknir og ákærðir fyrir að hafa vísvitandi stefnt lífi og limum fólks í hættu með því að brjóta gildandi byggingareglugerðir. Þeir gætu átt allt að átta til tólf ára dóma yfir höfði sér, verði þeir sakfelldir.

## BANDARÍKIN

**Sami herafli áfram** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði á mánudag að orðrómur um að fækka ætti í liði Bandaríkjahers í Írak um 7.000 hermenn væri byggður á einni hugmynd af mörgum sem yfirmaður heraflans í Írak hefði sett fram. Hann sagði enga ákvörðun hafa verið tekna um þetta.

# Meint fangaflug CIA rannsakað áfram

**Evrópuráðsþingið samþykkti í gær að halda skyldi áfram rannsókn á ásökunum um að stjórnvöld í Evrópuríkjum hafi liðsinnt bandarísku leyniþjónustunni við að brjóta mannréttindi á föngum, grunuðum um að tengjast hryðjuverkum.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** Þing Evrópuráðsins samþykkti nær einróma í gær að halda skyldi áfram rannsókn á meintum leynilegum fangaflutningum og fangelsum á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA í lögsögu Evrópuríkja. Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sló því föstu að menn sem grunaðir hefðu verið um að vera viðriðnir hryðjuverkastarfsemi hefðu verið handteknir og seldir í hendur útsendara Bandaríkjastjórnar í evrópskri lögsögu.

Frattini hvatti til þess að ítarleg rannsókn færi fram í hverju landi á meintu ólöglegu athæfi erlendra útsendara og samsekt stjórnvalda í viðkomandi Evrópuríkjum í hugsanlegum mannréttindabrotum. Fór hann þess jafnframt á leit að reynt yrði að tryggja að erlendir útsendarar kæmust ekki upp með það framvegis að fremja mannréttindabrot í Evrópu.


BIRGIR ÁRMANNSSON


KRISTINN H. GUNNARSSON

Frattini sagði það vera „staðreynd“ að slík tilvik hefðu átt sér stað í evrópskri lögsögu eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001, en fjöldi þeirra væri óljós. Einnig væri óljóst að hve miklu leyti stjórnvöld í viðkomandi Evrópulöndum hafi verið upplýst um það sem fram fór og að hve miklu leyti þau lögðu hinum erlendu útsendurum lið. Hann sagði það vera á könnu landsyfirvalda að ganga úr skugga um hvað hæft sé í öllum þeim ábendingum sem fram koma um meint mannréttindabrot af hálfu erlendra útsendara í hverju landi fyrir sig.

Í nýlegri skýrslu svissneska þingmannsins Dick Marty, sem unnin var í nafni mannréttinda- og laganefndar Evrópuráðsþingsins, er komist að þeirri niðurstöðu að sterkar vísbendingar séu um að í 14 Evrópulöndum hefðu stjórnvöld gerst meðsek um slík brot. Nýja ályktunin, sem samþykkt var í gær, veitir umboð til að halda þessari rannsókn áfram.

„Það er nauðsynlegt að upplýsa málið til fulls, það vantar ennþá töluvert upp á að stjórnvöld í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins hafi veitt þær upplýsingar sem beðið hefur verið um, til að skýra sinn hlut í málinu. Það eru dæmi um það að mönnum var rænt um hábjartan dag af útsendurum Bandaríkjastjórnar og það er auðvitað ekki líðandi að slíkt sé gert í lögsögu Evrópuríkja,“ sagði Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, sem var annar tveggja íslenskra þingmanna sem sóttu fund Evrópuráðsþingsins að þessu sinni. Hinn var Birgir Ármannsson. Báðir sögðu þeir að af því að dæma sem fram er komið sé engin ástæða til að ætla að Ísland hafi tengst þessum málum á nokkurn hátt.


**FRANCO FRATTINI OG DICK MARTY** Á blaðamannafundi í Strassborg í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Birgir lét þess jafnframt getið að hafa bæri í huga að engar óyggjandi sannanir væru bornar fram í skýrslu Dick Marty, aðeins rök færð fyrir missterkum vísbendingum um að umrædd brot hefðu átt sér stað.

audunn@frettabladid.is


**FRÁ UNDIRRITUN** Björn Bjarnason staðfestir samkomulagið.

Tímamót fyrir Lögregluskólann:

# Í samstarf við evrópska skóla

**SAMKOMULAG** Í gær var undirritað aðildarsamkomulag Íslands og Noregs að Evrópska lögregluskólasamstarfinu í Þjóðmenningarhúsinu. Með samkomulaginu er opnað fyrir nánara samstarf á milli Lögregluskóla ríkisins og evrópskra lögregluskóla um upplýsingaskipti og þjálfun.

Viðfangsefni Evrópska lögregluskólasamstarfsins tengjast meðal annars ólöglegum innflytjendum og baráttunni gegn afbrotum.

Þetta er í fyrsta skipti sem lögregluskólum utan Evrópusambandslanda er veitt aðild að þessu samstarfi. **- gbg**

Afnám fyrningarfrests:

# Tuttugu þúsund skrifa undir

**UNDIRSKRIFTASÖFNUN** Rúmlega 20 þúsund manns hafa nú ritað nafn sitt á undirskriftalista, þar sem alþingismenn eru hvattir til að samþykkja lagafrumvarp Ágústs Ólafs Ágústssonar, um afnám fyrningarfrests á kynferðisbrotum gegn börnum.

Það eru samtökin Blátt áfram sem standa fyrir undirskriftasöfnuninni og munu þau í haust, þegar þing kemur saman að nýju, afhenda þær sex þúsund undirskriftir sem bæst hafa við frá síðustu afhendingu. **- öhö**


afrit.is

- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr

afrit.is


# VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BLAUTT FRAMUNDAN**
Um hádegi í dag ganga skil inn á sunnanvert landið. Þeim fylgir væta sem gengur smám saman inn á landið. Samfara því verður úrkoman sífellt rýrari en þó gæti orðið úrkomuvottur norðan til. Í nótt ganga öllu skarpari skil inn á landið með rigningu víða um land. Svipað endurtekur sig svo á föstudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**
Fremur hæg austlæg átt. Skýjað en úrkomulítið framan af degi en skúrir síðdegis. Hiti 11-14 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» föstudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 21°C léttskýjað | Alicante | 29°C léttskýjað |
| Billund | 16°C skúrir | París | 19°C skýjað | Mallorca | 26°C léttskýjað |
| Osló | 17°C rigning | Frankfurt | 26°C skýjað | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C skýjað | Friedrichshafen | 22°C léttskýjað | Krít | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 32°C skúrir | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Útsalan

## hefst í dag

# 30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

**500 og 1000 kr.**

**MARKAÐUR**



Fyrstur kemur fyrstur fær

**allt á 500**
**eða 1000 kr.**

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að fara á listasýningu í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 28% |
| Nei | 72% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú sent SMS-skilaboð undir stýri?*

Segðu þína skoðun á Visi.is

visir

Forkeppni í B-flokki lokið á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í gær:

# Rökkvi efstur inn í milliriðil

**LANDSMÓT** Forkeppni í B-flokki gæðinga lauk í gær á öðrum degi Landsmóts hestamanna í Skagafirði. Landsmótssigurvegarinn frá síðasta landsmóti sem haldið var á Hellu fyrir tveimur árum, Rökkvi frá Hárlaugsstöðum, sýndi kunnuglega takta og fer efstur inn í milliriðil sem riðinn verður á föstudag með einkunnina 8,76. Forkeppni í barnaflokki er einnig lokið, mjótt er á munum á efstu hrossunum enda börnin vel ríðandi. Efst inn í milliriðli eru Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Svalur frá Álftárósi.

Yfirlitssýningum hryssna er lokið á mótinu en yfirlitssýning stóðhesta hefst í dag. Dögg frá Breiðholti vakti verðskuldaða athygli en Jón Páll Sveinsson reið henni í einkunnina 8,56 í flokki fimm vetra hryssna.

Á fjórða þúsund gestir eru nú komnir á Landsmót, veðrið hefur verið nokkuð milt og gott það sem af er þó sólin hafi ekki látið sjá sig. Nokkrir dropar hafa fallið en að sögn þeirra sem staddir eru á mótssvæðinu hafa veðurguðirnir tímasett rigningardembur á sama tíma og kaffihlé þegar flestir eru í veitingatjöldunum. Spáð er svipuðu veðri næstu daga, að mestu þurrt en þó von á einhverjum skúrum. **- sg**



**TÖLT MEÐ TILÞRIFUM.** Landsmótssigurvegararnir í B-flokki frá árinu 2004, þeir Rökkvi frá Hárlaugsstöðum og Þorvaldur Árni, ætla sér að koma, sjá og sigra. LJÓSMYND/HESTAR, JE

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Lamdi sambýliskonu sína

**LÍKAMSÁRÁS** Maður á fertugsaldri er ákærður fyrir líkamsárás, á þáverandi sambýliskonu sína, í desember í fyrra.

Honum er gefið að sök að hafa tekið konuna hálstaki og slegið hana nokkrum sinnum í andlitið með þeim afleiðingum að hún marðist og bólgnaði. Ákæruvaldið krafðist refsingar, en maðurinn neitaði alfarið sök, sagðist einungis hafa ýtt við konunni í sjálfsvörn en að hún hafi verið drukkin og ofbeldisfull.

Málinu var frestað fyrir dómi fram í september. **- æþe**

Vinstri græn:

# Birta uppgjör

**KOSNINGAR** Kostnaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs við síðustu sveitarstjórnarkosningar er tólf til tólf og hálf milljónir króna á landsvísu.

Útlagður kostnaður hreyfingarinnar nam fjórum til fjórum og hálfri milljón króna en hann felst meðal annars í launagreiðslum, ferðakostnaði og auglýsingum. Til viðbótar við þetta styrkti flokkurinn framboð á sínum vegum, bæði V-lista framboð og blönduð framboð, um 8 milljónir króna.

Bráðabirgðauppgjör svæðisfélaga má sjá á vef flokksins, www.vg.is. **- gbg**

## BRETLAND

**Lýsa eftir lúsum** Breskir og bandarískir vísindamenn bjóða foreldrum 20 sterlingspund, tæpar 2.800 krónur, fyrir að plokka og selja lýs úr hári barna sinna. Vísindamennirnir eru að berjast við ofurlýs sem eru ónæmar fyrir lúsaeitri.



**KAMILLA OG KARL** Héldu upp á 150 ára afmæli Viktoríukrossins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karl prins og Kamilla:

# Alls ekki stödd á flæðiskeri

**LONDON, AP** Skrifstofa Karls Bretaprins hefur skýrt frá því að tekjur prinsins á síðasta ári hafi numið rúmlega fjórtán milljónum punda, eða jafnvirði um það bil 1.900 milljóna íslenskra króna.

Tekjurnar hækkuðu um sex prósent á síðasta ári, en líknarstofnanir á vegum Karls prins söfnuðu 110 milljónum punda, eða um það bil fimmtán milljörðum króna, sem nýttar eru til margvíslegra mannúðarmála. **- gb**

# Fjárbóndi drap dýrbíta og var laminn

**Tveir hundar voru skotnir við bæinn Holt í Svínadal, eftir að þeir höfðu drepið fimmtán lömb í æði. Eigandi annars hundsins lagði hendur á búfjáreigandann sem segir sig sáran eftir. Hann hefur kært árásina til lögreglu.**

**LÍKAMSÁRÁS** Hundarnir voru skotnir á færi af Halldóri Guðmundssyni refaskyttu sem býr á bænum Holti, þegar til þeirra sást þar sem þeir réðust á lömb og drápu á landareign bæjarins. Alls lágu fimmtán lömb dauð eftir drápsæði hundanna.

Búfjáreigendum er heimilt, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, að drepa hunda á landareign sinni sem slíkt æði hleypur í til að verja fé sitt og geta hundeigendur verið krafðir um skaðabætur ef hundar þeirra drepa búfé.

Eftir drápin gerði bróðir skyttunnar, Jóhann Guðmundsson sem einnig býr að Holti, lögreglunni á Blönduósi viðvart. Þá var haft samband við eiganda annars hundsins og hjálpaði sá við að hirða upp dauðu lömbin ásamt Jóhanni.

Lögregla tilkynnti drápin til Valdemars Ásgeirssonar, eiganda hins hundsins, sem býr að Auðkúlu I í Svínadal.

Jóhann Guðmundsson segir, í samtali við blaðamann Fréttablaðsins, að Valdemar hafa verið ansi heitt í hamsi þegar hann bar að bænum. Hann segir Valdemar hafa þrifið sig innan úr dyragættinni fyrirvaralaust og dregið sig niður tröppur á íbúðarhúsi sínu. Þar segir hann Valdemar hafa snúið sig niður og sest ofan á sig og látið nokkur vel valin orð falla.

Að þessu loknu segist Jóhann hafa vísað Valdemar á hræið, þar hafi hann aftur misst stjórn á sér og meðal annars hrint konu Jóhanns til jarðar með þeim afleiðingum að hún meiddist á hné.

Valdemar hefur aðra sögu að segja. Hann segist hafa ákveðið að gera sér ferð að Holti til að hirða um hræið af hundi sínum eftir að lögregla hafði samband við hann.

Hann segir að sér hafi verið meinað að taka hundinn sinn og hann hafi reiðst við það. Hann segir það ekki hafa komið til greina að skilja hundinn eftir, sem var að hans sögn mikið eftirlæti fjölskyldunnar, úti yfir nóttina. Hann neitar staðfastlega að hafa lagt hendur á Jóhann, heldur einungis tekið hann taki og: „lagt fallega niður á jörðina eins og er gert við óþekka krakka," eins og hann lýsir atburðarásinni sjálfur. Féllst Jóhann að því loknu á beiðni hans og voru hundshræin afhent Valdemar.

Jóhann kærði atvikið formlega til lögreglu síðastliðinn sunnudag. Hann segist vera marinn og með brákað rifbein, auk þess að kona sín hafi hlotið áðurnefnd meiðsli. Lögreglan á Blönduósi segir málið í rannsókn. **aegir@frettabladid.is**



**BILL GATES, EIGINKONA HANS MELINDA GATES, OG WARREN BUFFETT** Þau skýrðu sameiginlega frá rausnarlegri gjöf Buffets til líknarstofnunar Gates-hjónanna á blaðamannafundi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Warren Buffet ætlar einungis að láta lítinn hlut auðæfa sinna renna í arf:

# Í kapphlaup um gjafmildi

**BANDARÍKIN, AP** Rausnarleg gjöf bandaríska auðkýfingsins Warren Buffetts gæti orðið fleiri auðkýfingum fyrirmynd til þess að gefa stóran hluta auðæfa sinna til líknarmála af ýmsu tagi.

„Ég er viss um að það er fullt af ungum auðkýfingum sem hafa grætt á tá og fingri og fylgjast vel með þessu," sagði Diana Aviv, forseti og framkvæmdastjóri samtakanna Independent Sector, sem er bandalag um það bil 550 líknarstofnana og fyrirtækja í Bandaríkjunum sem stunda það skipulega að gefa fé til líknarmála. Gates-stofnunin er innan vébanda þessara samtaka.

„Þessir viðskiptaleiðtogar eru átrúnaðargoð margra," segir Aviv og nefnir einnig til sögunnar fleiri gjafmilda auðkýfinga á borð við Andrew Carnegie, John D. Rockefeller og W.K.K. Kellogg.

Buffett er talinn vera næstríkasti maður heims. Hann skýrði frá því á sunnudaginn að hann ætli sér að gefa 1,5 milljarða dali á ári til Gates-stofnunarinnar, en sú upphæð samsvarar um það bil 114 milljörðum íslenskra króna.

Á mánudaginn skýrði Buffett svo frá því að hann myndi ekki láta nema lítinn hlut auðæfa sinna renna í arf til barna sinna, og gaf þá skýringu að hann væri ekkert sérstaklega mikið fyrir fjölskylduauðæfi, „ekki síst þegar hinn kosturinn eru sex milljónir manna," sem geta notið góðs af fénu.

Þeir Buffett og Bill Gates kynntust fyrir rúmlega áratug og hittast reglulega til að spila brids. Með framlagi Buffets nánast tvöfaldast framlag Gates-stofnunarinnar til líknarmála á ári.

Sérstaka athygli hefur vakið að Buffett gerir enga kröfu um að nafn sitt sé á neinn hátt tengt þeim gjafaverkefnum, sem fé hans verður notað í.

„Þegar svona mikið fé er til að spila úr hafa gefendurnir oftast farið þá leið að gera þetta sjálfir, og hafa sjálfir umsjón með hlutunum," segir Doug Bauer, en hann er aðstoðarforseti ráðgjafastofnunarinnar Rockefeller Philanthropy Advisors í New York. Sú stofnun veitir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja gjafastarfsemi.

Bauer segist vonast til þess að gjöf Buffetts verði öðrum auðkýfingum hvatning til þess að taka saman höndum frekar en að vinna hver í sínu lagi að sömu markmiðunum. **gudsteinn@frettabladid.is**














ENNEMM / SIA / NM22491

## Topp 10

5 vinsælustu þættirnir á Skjá*Einum*

1. Lífsháski
2. Aðþrengdar eiginkonur
3. CSI
4. America's Next Top Model
5. CSI: Miami
6. Prison Break
7. Boston Legal
8. Grey's Anatomy
9. Twenty Four
10. The L Word

# Takk fyrir

Við erum til vegna þess að þú ert að horfa. Skjár*Einn* er með 5 af 10 vinsælustu þáttunum hjá fólki á aldrinum 18-39 ára samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Fyrir hvað stendur W og H í nafni George H. W. Bush, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna?*

2 *Hvað heitir nýjasti liðsmaður Kastljóssins?*

3 *Hvað voru mörg mörk skoruð samtals í síðustu þremur leikjum Landsbankadeildar kvenna?*

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM ERU Á BLS. 42

Efni á borð við ediksýru og klór eiga að vera vel merkt samkvæmt lögum og reglum í landinu:

# Segir að svona eigi ekki að geta gerst

**EITRUN** „Það er með ólíkindum að þetta skyldi geta komið fyrir, efnin eiga öll að vera merkt,“ segir Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, um slysið í sundlauginni á Eskifirði í gær þar sem sundlaugargestir slösuðust alvarlega við að anda að sér klórgasi. „Þetta sýnir það að mannleg mistök geta orðið og það er ofsalega erfitt að koma algjörlega í veg fyrir þau. Þetta verður allt rannsakað ofan í kjölinn, hvort nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir og þá hverjar.“

Slysið varð þegar ediksýru var fyrir mistök dælt í klórgeymi sundlaugarinnar í stað klórs, en lítið var af klór í geyminum. Þó þarf ekki mikið til þess að hætta skapist eins og raunin varð í sundlauginni. Ekki mátti miklu muna að afleiðingarnar hefðu verið miklu alvarlegri.

„Ef merkingum er haldið almennilega til haga eiga svona slys ekki að geta gerst. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig þetta gerðist en þarna hefur greinilega eitthvað misfarist við meðferð efnanna og vonandi mun rannsókn málsins hjálpa okkur við að koma í veg fyrir svona slys í framtíðinni,“ segir Eyjólfur.

- sþs



**AF SLYSSTAÐ Á ESKIFIRÐI** Ekki mátti miklu muna að afleiðingarnar hefðu verið alvarlegri. Forstjóri Vinnueftirlitsins segir að málið verði rannsakað ofan í kjölinn.

MYND/HELGI GARÐARSSON

Fjöldi manns tók þátt í gær:

## Aðgerðir voru samhæfðar

**EITRUN** Lögregla, slökkviliðsmenn, læknar og hjúkrunarlið auk björgunarsveitarmanna og liðsmanna Rauða kross Íslands tóku þátt í aðgerðum í gær.

Samhæfingarstöð veitti aðstoð eftir þörfum og stýrði flutningi bjarga til og frá staðnum og flutningi á sjúklingum. Einnig veitti starfsfólk stöðvarinnar fjölmiðlum upplýsingar jafn harðan og þær var að fá.

Samhæfingarstöðin heyrir undir almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sér um að samhæfa aðgerðir af hálfu ríkisins. Auk starfsfólks almannavarnadeildar er samhæfingarstöðin mönnuð hjálparliði frá margvíslegum stofnunum og félagasamtökum sem virkjast að hluta eða öllu leyti í almannavarnaaðgerðum.

- sdg

## » RÖÐ ATBURÐA Í KJÖLFAR MENGUNARINNAR

**UM 13:30 >**
Iðnaðarmenn verða varir við klórgasmengun í byggingu sundlaugarinnar.

**13:35 >**
Tilkynning berst til Neyðarlínunnar um að klórgaseitrun hafi myndast í sundlauginni.

**13:35-13:40 >**
Lögregla kemur strax á staðinn og hefur störf.

**13:40-13:45 >**
Sjúkraflutningsmenn og slökkvilið koma á staðinn.

**13:35-13:50 >**
Fólk flutt til aðhlynningar á Heilsugæslu Eskifjarðar.

**UM 14:00 >**
Hús og leikskóli í nágrenni sundlaugarinnar eru rýmd.

**UM 14:30 >**
Göngum um Oddskarð og aðalgötu Neskaupstaðar er lokað.

**RÚMLEGA 15:00 >**
Þeir fyrstu fluttir áfram á sjúkrahúsið á Neskaupstað.

**UM 16:00 >**
Flugvél og þyrla frá Reykjavík lenda með mannskap og búnað.

**UM 16:00 >**
Tvær flugvélar frá Akureyri lenda með mannskap og búnað.

**RÚMLEGA 16:00 >**
Átta manna afeitrunarlið kemur með áætlunarflugi.

**UM 16:30 >**
Flugvél með tvo sjúklinga frá Neskaupstað lendir á Akureyri.

**UM 19.30 >**
Störfum á vettvangi lokið. Jafnvægi komið á klórtank.

**UM 20:00 >**
Flugvél með fjóra sjúklinga frá Neskaupstað lendir í Reykjavík.

# Flutti edik í stað klórs

**Rúmlega þrjátíu manns lentu í klórgasmengun í sundlaug Eskifjarðar í gær. Orsök slyssins er að ediksýru var hellt í klórtank laugarinnar fyrir mistök.**

**EITRUN** Klórgasmengun kom upp í sundlaug Eskifjarðar rétt eftir hádegi í gær og þurfti fjöldi fólks á aðhlynningu að halda vegna eitrunar. Orsök slyssins er að ediksýru var hellt í klórtank laugarinnar fyrir mistök. Þegar ediksýra blandast klór lækkar sýrustig skyndilega og klórgas losnar. Klórgas er stórhættuleg eiturlofttegund sem getur verið banvæn í ákveðnu magni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var flutningabíll frá Olís, sem átti að fara með klór til sundlaugarinnar, með ediksýru í staðinn, án vitundar flutningabílstjórans. Ekki er ljóst nákvæmlega hvernig það átti sér stað að ediksýra var í stað klórs í flutningabílnum. Þorsteinn Ólafsson, forstöðumaður heildsöludeildar Olís, viðurkenndi að eitthvað hefði misfarist við flutninga á efnum til sundlaugarinnar, en ekkert yrði gefið upp fyrr en málið hefði verið skoðað ofan í kjölinn. Strangar reglur eru um hverjir mega flytja efni af þessu tagi.

„Það voru iðnaðarmenn, sem voru að störfum í byggingu sundlaugarinnar, sem fyrst urðu varir við klórgasið og forðuðu sér út,“ segir Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, sem stjórnaði aðgerðum á vettvangi. Jónas segir óljóst hver tilkynnti slysið til lögreglunnar. Alls voru 34 fluttir til aðhlynningar á heilsugæslunni á Eskifirði og 25 af þeim fluttir áfram á Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað. Göngunum um Oddskarð og aðalgötunni á Neskaupsstað var lokað á meðan til að greiða fyrir umferð sjúkrabíla. Tveir voru svo fluttir þaðan með sjúkraflugi á Akureyri og fjórir til Reykjavíkur. Enginn er lífshættulega slasaður.

Jónas segir að ákveðið ferli hafi verið sett af stað þegar ljóst var hversu alvarlegt ástandið var. Haft var samband við samhæfingarstöðina í Reykjavík og björgunarsveitir kallaðar til ásamt læknaliði. Flugvél og þyrla Landhelgisgæslunnar voru send frá Reykjavík til Egilsstaða með slökkviliðsmenn, greiningarsveit frá Landspítalaháskólasjúkrahúsi auk bráðatækna. Tvær flugvélar fóru frá Akureyri til Neskaupstaðar með sjúkraflutningamenn og lækni.

Fjórtán hús og leikskóli í nágrenni sundlaugarinnar voru rýmd vegna klórgassins. Vindur var sex til átta metrar á sekúndu og út frá því var áætlað að tvo tíma tæki fyrir loftið að hreinsast að sögn Jónínu Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa samhæfingarmiðstöðvarinnar, sem heyrir undir almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. „Fólk var varað við því að vera á þessu svæði strax þegar vart varð við mengunina.“

Lögreglan lauk störfum á vettvangi upp úr hálfátta um kvöldið og hafði þá lokið við að koma á jafnvægi á klórtankinum með því að dæla vatni og sóta í hann.

sdg@frettabladid.is / salvar@frettabladid.is



MYND/HÖRÐUR GEIRSSON

**SJÚKRAFLUG FRÁ ESKIFIRÐI** Tveir þeirra sem urðu fyrir eitrun voru fluttir til Akureyrar í gær með sjúkraflugi en fjórir til Reykjavíkur. Var það meðal annars gert til að dreifa álaginu.




# IG+ gjaldeyrisreikningur



# Blómlegri dalir!

$ | Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

**Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?**
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

ARGUS / 06-0310



**GJÓÐUR MERKTUR** Ungur gjóður, sem er smávaxinn flökkuörn sem kvað oft ranglega vera nefndur fiskiörn, er hér merktur í Lasko í Póllandi áður en honum var sleppt aftur út í frelsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Elín G. Guðmundsdóttir, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir klórgas mjög eitraða lofttegund:

# Gasið myndar saltsýru í slímhúð

**EITRUN** Í sundlauginni á Eskifirði var blandað saman röngum hlutföllum efna með þeim afleiðingum að það myndaðist eiturgas. Elín G. Guðmundsdóttir, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun og efnafræðingur, útskýrir að hýpóklórít, sem er efnasamband með klór og notað til að leysa úr læðingi klórgas til að sótthreinsa vatn, hafi lent saman við sýru í röngum hlutföllum.

„Það sem hefur gerst er að það er blandað saman sýrum við hýpóklórít sem lækkar sýrustigið svo mikið að það losnar mikið klórgas. Klórgas er mjög eitrað og þegar einstaklingur andar því að sér þá binst það vatni og myndar saltsýru í slímhúð. Þegar það gerist í lungum er það afar hættulegt.“

Elín segir að þegar um bráðhrif slíkrar eitrunar sé að ræða skipti ekki máli hver aldur einstaklingsins sé. „Hins vegar við langvarandi áhrif eru börn meira í hættu því frumuskiptingar þeirra eru miklu hraðari. Viðkvæmir einstaklingar sem eiga við öndunarfærasjúkdóma að stríða eru einnig í aukinni hættu vegna þess að þetta herjar á slímhúð þeirra sem eru veikir fyrir.“

Elín segir að umrædd efni eigi að vera í umbúðum sem séu mjög vel merktar og allir sem flytja slíkan varning eigi að hafa farið á námskeið og lært um meðferð efnanna. „Ég veit ekki hvað gerðist þarna nákvæmlega en ef einstaklingur þekkir ekki munin á lyktinni af ediksýru og hýpóklórít þá getur farið svona.“ **- shá**



**FRÁ ESKIFIRÐI Í GÆR** Þegar sýru er blandað í röngu hlutfalli við hýpóklórít myndast eiturgas. Það er afar hættulegt þegar það berst í lungu. MYND/HELGI GARÐARSSON



**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Í NESKAUPSTAÐ**

Aðstaða Rauða krossins:

## Stuðningur og upplýsingar

**EITRUN** Rauði kross Íslands opnaði söfnunarstað aðstandenda í grunnskólanum á Eskifirði og á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað þar sem aðstandendur fórnarlamba slyssins fengu sálrænan stuðning og upplýsingar um gang mála. Nokkrir leituðu sér aðstoðar hjá Rauða krossinum og héldu sjálfboðaliðar aðstöðunni opinni til hálf sjö að sögn Ástu Tryggvadóttur, formanns Rauða krossins á Eskifirði. „Fulltrúar Rauða krossins í Reykjavík höfðu samband við okkur og við förum í viðbragðsstöðu.“ **- sdg**

Yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað:

## Allir sjúklingarnir komu inn í einu

**EITRUN** Það var í nógu að snúast á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað í gær, en þangað leituðu tuttugu og fimm sjúklingar vegna mengunarslyssins í sundlauginni á Eskifirði. Björn Magnússon yfirlæknir var í sumarleyfi þegar hann var kallaður til vinnu ásamt fjölda annarra starfsmanna á sjúkrahúsinu.

„Við fengum alla sjúklingana inn í einu þannig að það var mikið öngþveiti til að byrja með, en við lögðum áherslu á að flokka sjúklinga eftir því hverja við þyrftum að flytja og hverjum við gætum sinnt. Þeir sem við fluttum voru með súrefnisskort í blóði og við vildum flytja þá á stað sem hefur öndunarvél ef á þyrfti að halda.



**BJÖRN MAGNÚSSON**

Sjúkrahúsið í Neskaupstað er því miður vanbúið hvað varðar slík tæki.“

Á sjúkrahúsinu liggja nú inni nítján sjúklingar sem verða þar yfir nótt, en enginn er í mikilli hættu. Björn segir eitrun af völdum klórgass geta haft alvarleg áhrif á öndunarfæri, húð og augu. „Fjórir eða fimm voru með augnskaða en hann var sem betur fer ekki varanlegur. Starfsfólkið stóð sig ótrúlega vel og sinnti sínu starfi af miklum sóma.“ **- sþs**

# Skelfingin í sundlauginni

### Faðir drengs sem veiktist vegna eitrunarinnar í sundlauginni á Eskifirði, segir ástandið sem skapaðist hafa verið óraunverulegt.

**EITRUN** „Ég hélt að þetta gæti einungis gerst í bandarískum kvikmyndum,“ sagði Magnús Guðnason, faðir níu ára gamals drengs, Arons Gauta, sem veiktist vegna eitrunarinnar í sundlauginni á Eskifirði í gær. Aron Gauti var fluttur á fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað en slapp við alvarleg meiðsli. Hann dvaldi á sjúkrahúsinu fram eftir degi.

Magnús sagðist hafa orðið skelkaður er hann gerði sér grein fyrir því að hætta væri á ferðum. „Það greip um sig mikil skelfing þegar fólk gerði sér grein fyrir því að það hefði myndast mikil hætta í sundlauginni. Það reyndu allir að hjálpa. Ég hjálpaði til við að stjórna umferð á svæðinu, á meðan mesti hamagangurinn var við sundlaugina á Eskifirði. Björgunaraðgerðum var virkilega vel stjórnað og það er gott til þess vita, að það séu fagmenn hér á þessu sviði sem geta stýrt aðgerðum á vettvangi þegar svona kemur upp.“

Magnús, sem þjálfar unga drengi í fótbolta á Eskifirði, bannaði hópi drengja að fara í sund í gær, þrátt fyrir mikla veðurblíðu, þar sem drengirnir áttu að etja kappi við jafnaldra sína frá Egilsstöðum seinna um daginn. Hann segist þakka guði fyrir að hafa ekki leyft þeim að fara. „Ég sé ekki eftir því að hafa bannað þeim að fara í sund, enda hefðu þeir líklega veikst eins og aðrir sem voru í sundi á þeim tíma sem eitrunin kom upp. Þetta voru á milli tíu og tuttugu drengir, sem eflaust hefðu farið í sund enda veðrið gott.“ sagði Magnús.

Aðstandendur þeirra sem urðu fyrir eitruninni hjálpuðust að við að koma fólki sem fyrst undir læknishendur og gengu þeir að sögn Magnúsar vel. „Fólk sýndi mikla samstöðu á vettvangi og reyndi að hjálpast að eftir fremsta megni. Atburðir eins og þessir sýna vel hversu fólk stendur vel saman þegar svona kemur upp.“ **magnush@frettabladid.is**



**FRÁ VETTVANGI Á ESKIFIRÐI** Mikill fjöldi fólks var á vettvangi þegar björgunaraðgerðir stóðu sem hæst á Eskifirði. Eskfirðingar og aðrir hjálpuðust að við björgunina. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARÐARSSON

Leikskólinn Dalborg á Eskifirði rýmdur:

## Börnin voru róleg

**EITRUN** Í kjölfar atburðanna í gær var ákveðið að rýma leikskólann Dalborg á Eskifirði, sem er staðsettur um tvö hundruð metra frá sundlauginni þar sem slysið átti sér stað.

Sóley Valdimarsdóttir, leikskólastýra á Dalborg, segist hafa hringt í heilsugæsluna um leið og henni bárust fregnir af slysinu og var henni þá ráðlagt að rýma leikskólann í flýti. Hún segir enga hættu hafa skapast í leikskólanum og börnin hafi verið róleg yfir þessu öllu saman.

Í gærkvöldi var mælt hvort eitthvað af eiturefninu hefði borist inn í leikskólann og segir Sóley að sér hafi verið tilkynnt síðar um kvöldið að svo væri ekki.

Um þrjátíu börn og átta starfsmenn voru í leikskólanum þegar atburðir gærdagsins dundu yfir. **- æþe**


VIKTOR ARNAR SEGIR FRÁ FLATEYJARGÁTU Í FLATEY



**Föstudaginn 30. júní kl. 21 og laugardaginn 1. júlí kl. 15 og kl. 21**

mun Viktor Arnar Ingólfsson rithöfundur halda fyrirlestra um skáldsögu sína Flateyjargátu og sýna myndir með skjávarpa í Hótel Flatey. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.
Ferðaáætlun Breiðafjarðarferjunnar Baldurs er birt á www.saeferdir.is.

*„Það var gaman að glíma við Flateyjargátuna“*
**Úlfhildur Dagsdóttir, Kastljós**

*„Það er svo gaman að láta koma sér á óvart...“*
**Hrund Ólafsdóttir, Mbl.**

*„Einstakt andrúmsloft“*
**Katrín Jakobsdóttir, DV**

**Tilnefnd til Glerlykilsins 2004**




HÓTEL FLATEY
Sæferðir
Edda
edda.is

# ÚTSALA
# á húsgögnum

## fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófaborð | 5,600 kr. | ~~56,000~~ kr. | 90% |
| Borðstofuborð | 35,940 kr. | ~~59,900~~ kr. | 60% |
| Fataskápar Modena | 9,950 kr. | ~~19,900~~ kr. | 50% |
| Hægindaleðurstóll | 35,940 kr. | ~~59,900~~ kr. | 60% |
| Kommóða með glertopp | 9,995 kr. | ~~19,990~~ kr. | 50% |
| Kommóða með leðurtopp | 14,995 kr. | ~~29,990~~ kr. | 50% |
| Náttborð | 8,043 kr. | ~~16,085~~ kr. | 50% |
| Sjónvarpsborð | 7,740 kr. | ~~12,900~~ kr. | 60% |
| Sófasett leður | 99,000 kr. | ~~259,900~~ kr. | 62% |
| Sófasett tau | 78,435 kr. | ~~156,870~~ kr. | 50% |
| Speglar | 12,450 kr. | ~~24,900~~ kr. | 50% |
| Stakir stólar | 7,794 kr. | ~~12,990~~ kr. | 60% |
| Stóll með snúningi | 7,794 kr. | ~~12,990~~ kr. | 60% |
| Svefnsófi | 17,495 kr. | ~~34,990~~ kr. | 50% |

**Húsgögn fást einungis í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**FÓTBOLTAFLJÓÐ Í DORTMUND** Stemningin var góð í gær á leik Brasilíu og Ghana í Dortmund, Þýskalandi og minnti á stundum á litríka kjötkveðjuhátíð í Ríó. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstu kosningarnar í Kúveit þar sem konur mega bjóða fram og ríkir mikill órói vegna þessa:

# Mestur tími fer í að ræða spillingarmál

**KÚVEIT, AP** Mikill órói er nú í Kúveit vegna væntanlegra þingkosninga í landinu. Kosningarnar fara fram þann 29. júní og eru sögulegar að því leyti að nú er konum í fyrsta skipti leyft að kjósa og bjóða sig fram til þings.

Búist var við að nýfenginn kosninga- og framboðsréttur kvenna yrði veigamikill í baráttunni, sem og átök um hversu langt skuli gengið í því að koma á lögum í anda Kóransins. Í kosningabaráttunni hefur hins vegar mestur tími farið í að ræða um ýmis spillingarmál og ásakanir um atkvæðakaup. Konur hafa ásakað einn frambjóðandann um að hafa borið á þær fé og reynt að múta þeim með dýrum handtöskum. Þetta tilboð til atkvæðakaupa hefur verið kallað „sigur fyrir konur“ í kúveisku samfélagi.

Umbótasinnar segja slaginn vera á milli þeirra og „herbúða hinna siðspillandi“, en með því eiga þeir við gömlu valdaelítuna í landinu; ríkisstjórnina og meðlimi fjölskyldu emírsins. Í herbúðum umbótasinna hafa sameinast íhaldssamir íslamistar og frjálslyndir menn sem aðhyllast vestræna stjórnarhætti.

Í látunum hafa nokkrir þingmenn umbótasinna strunsað út úr þingsal til að mótmæla nýrri kjördæmaskiptingu, sem þeir segja að gangi ekki nógu langt til að hamla gegn spillingu. Það þykja nýmæli í landinu að háskólanemar hafa verið með háværi mótmæli. Ágreiningurinn milli fylkinganna er svo djúpstæður að líklegt þykir að átökin muni setja mark sitt á kúveiskt samfélag til langframa.

- kóþ



**KONUR Í FRAMBOÐI** Ekki eru allir jafn hrifnir af því að konur bjóði sig fram til þings í Kúveit og eru fjölmörg auglýsingaskilti skemmd. NORDICPHOTOS/AFP

Meta átti umhverfisáhrif:

# Úrskurðurinn ógiltur að hluta

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur ógilti í gær að hluta úrskurð setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, frá 30. janúar 2003 þar sem heimiluð var gerð set- og miðlunarlóns norðan og vestan Þjórsárvera og veituskurðar í Þjórsárlón án mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera, ásamt sjö einstaklingum, meðal annars Hjörleifur Guttormsson fyrrverandi iðnaðarráðherra, höfðuðu málið á hendur íslenska ríkinu, Skipulagsstofnun og Landsvirkjun og var þess meðal annars krafist að ógiltur yrði í heild sinni úrskurður setts umhverfisráðherra. Auk þess kröfðust þau þess að úrskurður Skipulagsstofnunar yrði felldur úr gildi.

Á það féllst dómurinn hins vegar ekki.

- öhö

Eftir að stokka upp innan þingflokks Framsóknar:

# Ráðherrar enn í eldri embættum

**STJÓRNMÁL** Innan Framsóknarflokksins hefur verið ákveðið að Jónína Bjartmarz láti af störfum sem annar varaforseti Alþingis og sömuleiðis Magnús Stefánsson sem varaformaður stjórnar þingflokksins, eftir skipun þeirra í ráðherraembætti flokksins.

Að sögn Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokksins, hefur enn ekki verið ákveðið hverjir muni taka við fyrrnefndum stöðum. „Enn hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum, en þingflokkurinn mun funda um þessi mál bráðlega,“ segir Hjálmar.

Aðspurður um hvenær búast megi fregna um eftirmenn þeirra tveggja, segir Hjálmar að tilkynningar sé hugsanlega að vænta eftir rúma viku.



JÓNÍNA BJARTMARZ



MAGNÚS STEFÁNSSON

Í stað þeirra Halldórs Ásgrímssonar og Jóns Magnússonar, sem stigu upp úr ráðherrastóli fyrir skemmstu eins og kunnugt er, koma inn á þing þau Guðjón Ólafur Jónsson og Sæunn Stefánsdóttir sem verða þingmenn Reykjavíkurkjördæmis norðurs.

- æþe

Ísraelsmenn og Palestínumenn vígbúast:

# Stefndi í hörð átök

**GAZA-SVÆÐIÐ, AP** Palestínumenn bjuggu sig undir innrás Ísraelsmanna á Gaza-svæðið í gærkvöldi og var vegum við landamærin lokað með jarðhleðslum og gaddavír. Ísraelsher hefur með öllu lokað landamærunum og Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hefur samþykkt drög að gríðarstórri hernaðaraðgerð inn á Gazasvæðið. Um þrjú þúsund ísraelskir hermenn voru við landamærin í gær, ásamt fjölda skriðdreka og vopnaðra herbíla.

Egypsk stjórnvöld hafa einnig brugðist við ástandinu með hervæðingu sinna landamæra, en þangað voru sendir um 2.500 hermenn í gær til að hindra straum væntanlegra flóttamanna frá Gaza-svæðinu. Hundruð Palestínumanna eru nú þegar föst Egyptalandsmegin landamæranna.



**ÍSRAELSKIR SKRIÐDREKAR** Ísraelskir skriðdrekar þustu að Gaza-svæðinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvatti Ísraelsmenn til að reyna samningaleiðina til þrautar, en alþjóðlegir sáttasemjarar voru vonlitlir í gærkvöldi. Var því búist við að vopnuð átök brytust út.

-kóþ


## Fögnum jafnrétti

### Helmingur ráherra Framsóknarflokksins eru konur



Jónína Bjartmarz
umhverfisráðherra



Siv Friðleifsdóttir
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra



Valgerður Sverrisdóttir
fyrsta konan sem gegnir stöðu utanríkisráðherra

Landssamband framsóknarkvenna boðar til fagnaðar og óskar Framsóknarflokknum til hamingju með að konur eru helmingur ráðherra flokksins. Fagnaðurinn fer fram fimmtudaginn 29. júní kl. 20.00 að Hverfisgötu 33. 3-hæð.

Veislustjóri; Ingibjörg Pálmadóttir fyrsti kvennráðherra Framsóknarflokksins.

*Léttar veitingar*
*Framsóknarfólk velkomið, takið með ykkur gesti*


# Áhorf á NFS jókst í maí

**Samkvæmt könnun IMG Gallup í maí eykur fréttastöðin NFS mest við sig áhorfi.**

**SJÓNVARP** Fréttastöðin NFS sækir í sig veðrið samkvæmt könnun Gallup á sjónvarpsáhorfi landsmanna í maí. Tæp 34 prósent aðspurðra horfðu eitthvað á NFS á tímabilinu, en það er um tíu prósentustiga aukning frá því í mars. Á sama tíma minnkaði áhorf á Stöð 2 um sjö prósentustig, en Skjár Einn stendur nokkurn veginn í stað. Ríkissjónvarpið nær enn til flestra landsmanna en tæp 92 prósent horfðu eitthvað á stöðina í vikunni sem könnuð var, sem er svipað og hefur verið seinasta árið. Áhorf á Sirkus fer lítillega lækkandi frá því síðast.

Meðaláhorf á virkum dögum lækkar eða stendur í stað hjá öllum stöðvum nema NFS, og er það líklegast sumarveðrið sem veldur því að fólk horfir almennt minna á sjónvarp. Karlmenn horfa meira á NFS og Sjónvarpið en konurnar eru í meirihluta hvað varðar Stöð 2, Skjá Einn og Sirkus.

Í einstökum dagskrárliðum eru það fréttir Ríkissjónvarpsins sem hafa vinninginn með rúmlega 38 prósenta áhorf en Kastljós fylgir þar á eftir með um 28 prósent. Í erlendum þáttum eru Aðþrengdar eiginkonur vinsælastar, en 28 prósent þátttakenda horfðu á ævintýri þeirra í hverri viku. Á sameiginlegan fréttatíma Stöðvar 2 og NFS horfðu 21 prósent aðspurðra. Vinsælasti innlendi þátturinn er Út og suður sem sýndur er í Ríkissjónvarpinu, en hann mældist með um 27 prósenta áhorf.

Áhorf á sjónvarpsstöðvar eftir aldurshópum er nokkuð mismunandi eftir því hvaða stöð er um að ræða. Ríkissjónvarpið er áberandi vinsælast hjá áhorfendum 50 ára og eldri en dæmið snýst við þegar áhorf á Sirkus og Skjá Einn er mælt.

Könnunin var gerð vikuna 28. maí til 3. júní og náði til 1.500 Íslendinga á aldrinum 12 - 80 ára, völdum af handahófi úr þjóðskrá. 43 prósent aðspurðra tóku þátt í könnuninni.

salvar@frettabladid.is

**UPPSAFNAÐ ÁHORF YFIR VIKUNA**




**VINSÆLUSTU SJÓNVARPSÞÆTTIRNIR**

| Sjónvarpsefni | Prósent |
|---|---|
| Fréttir, íþróttir og veður | 38,3% |
| Kastljós | 28,3% |
| Aðþrengdar eiginkonur | 28,4% |
| Út og suður | 26,7% |
| Lífsháski | 24,6% |
| Tíufréttir | 22,2% |
| Fréttir | 21,0% |
| CSI | 16,7% |
| CSI: Miami | 16,3% |
| America's Next Top Model | 14,2% |

Könnun gerð af Gallup vikuna 28. maí til 3. júní ■ Allir aldurshópar

# Útsalan

## hefst á morgun 29. júní

# 30-50% afsláttur

WAREHOUSE

Whistles

KAREN MILLEN

THE SHOE STUDIO

ALLSAINTS

Kringlan

Stilling
- betri en bestir

Bílavarah

# THULE® SWEDEN














| Ferðabox nr. | Heiti | Lítrar | Mál | Opnun | Verð |
|---|---|---|---|---|---|
| 683 | Apollo 100 Jetbag | 350 | 1390 x 905 x 420 | Aftan frá | 26.900 |
| 688 | Ocean 80 | 320 | 1330 x 860 x 370 | Aftan frá | 32.900 |
| 689 | Ocean 100 | 360 | 1390 x 900 x 390 | Hægra megin | 35.900 |
| 690 | Ocean 200 | 450 | 1750 x 820 x 450 | Hægra megin | 42.900 |
| 691 | Ocean 500 | 310 | 2260 x 550 x 380 | Hægra megin | 38.390 |
| 692 | Ocean 600 | 330 | 1900 x 630 x 370 | Hægra megin | 49.900 |
| | | | | | |
| 660 | Atlantis 200 | 440 | 1750 x 820 x 450 | Báðum megin | 49.900 |
| 666 | Atlantis 600 | 340 | 1900 x 630 x 410 | Öðru megin | 43.900 |
| 679 | Atlantis 780 | 480 | 1960 x 780 x 440 | Báðum megin | 55.900 |
| 680 | Atlantis 900 | 650 | 2350 x 900 x 460 | Báðum megin | 66.900 |
| | | | | | |
| 670 | Spirit 780 | 380 | 1960 x 780 x 330 | Báðum megin | 69.900 |
| 633 | Spirit 820 | 480 | 2300 x 820 s 360 | Báðum megin | 84.900 |
| | | | | | |
| 678 | X1 Box | 450 | 1900 x 900 x 380 | Báðum megin | 84.800 |
| | | | | | |
| 601100 | Thule Ranger | 340 | 1100 x 800 x 400 | Rennilás | 29.900 |



# lutir

# leysir vandann



Hjólafestingar á topp 561



Hjólafestingar á topp 591



Hjólafestingar á topp 530




Farangusgrindur á kúlu 902/903




Farangusgrindur á kúlu 9402/9403



Hjólfestingar á kúlu 970










Kajak og cano festingar

**Stilling**
Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

„ORÐRÉTT“

*Merkur áfangi*

**„Þetta er mikil gleðistund í lífi okkar. Við höfum öðlast þennan rétt á við aðra samborgara.“**

SÓLRÚN JÓNSDÓTTIR LJÓSMYNDARI OG INGRID JÓNSDÓTTIR LEIKKONA FENGU LOKSINS AÐ SKRÁ SIG Í SAMBÚÐ Í GÆR. FRÉTTABLAÐIÐ, 27. JÚNÍ.

*Aldrei of seint að læra*

**„Forsetinn talar spænsku, en ekki nógu vel.“**

TALSMAÐUR HVÍTA HÚSSINS UM GEORGE W. BUSH BANDARÍKJAFORSETA. FRÉTTABLAÐIÐ, 27. JÚNÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JAKOB HRAFNSSON, FORMAÐUR SAMBANDS UNGRA FRAMSÓKNARMANNA

## *Mörg tækifæri í umhverfisráði*



„Nú höfum við verið í mikilli kosningabaráttu, svo allir eru í smápásu,“ segir Jakob Hrafnsson, formaður Sambands ungra framsóknarmanna, um starfið í flokknum. „Það eru allir í pásu seinnipart júní og fram í júlí, fólk tekur smá sumarfrí frá þessu.“

Jakob vinnur á sölusviði Orkuveitu Reykjavíkur, en hefur ekki tekið eftir miklum breytingum síðan nýr stjórnarformaður, Guðlaugur Þór Þórðarson, tók við. Spurður um nýju auglýsinguna frá fyrirtækinu segist hann ánægður með hana. „Fólk tekur eftir henni, það er fyrir öllu,“ segir Jakob.

Jakob fór í gær á fyrsta fund nýs umhverfisráðs Reykjavíkurborgar eftir kosningar, en Gísli Marteinn Baldursson úr Sjálfstæðisflokknum er formaður þess. „Við erum þarna tveir úr Framsóknarflokknum, ég og Gestur Guðjónsson. Þar eru auðvitað mörg tækifæri, við ætlum að gera borgina hreinni og fallegri og láta gott af okkur leiða. Eins og frægt er ætlum við að losna við mávinn úr tjörninni og hreinsa til.“

Flokksþing Framsóknarflokksins verður haldið í ágúst, en Jakob segist ekkert geta spáð fyrir um útkomu þess. „Maður veit ekkert hverjir gefa kost á sér og það er ekkert hægt að segja til um það. En þetta verður spennandi.“

Bróðir Jakobs, Björn Ingi, komst inn í borgarstjórn og er Jakob að sjálfsögðu stoltur af eldri bróður sínum. Sambandsþing Sambands ungra framsóknarmanna verður haldið í haust og Jakobi finnst líklegt að hann gefi aftur kost á sér til embættis formanns.

Jakob er mikill veiðimaður og fer eins oft og hann getur í silungs- og laxveiði, til dæmis í Þingvallavatni. „Svo á heimsmeistarakeppnin hug minn allan þessa dagana,“ segir Jakob að lokum.



**LOÐNA Í FJÖRUNNI** Loðnutorfa synti upp í á með morgunflóðinu en þegar fjaraði aftur út enduðu fjölmargar eins og þessar. MYND/EIK ELFARSDÓTTIR

Ingólfsfjörður á Ströndum:

## Loðna á landi

Fiskifræðingarnir Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir komu að loðnu á þurru landi í Ingólfsfirði á Ströndum um síðustu helgi. Loðnutorfa hafði þá komið inn með morgunflóðinu og synt upp í á sem er venjulega ekki háttur loðnunnar. Áður fyrr var þó ekki óalgengt að sjá loðnu í fjörunni en Þórarinn Snorrason, bóndi á Selvogi, segir að loðna hafi skolast í fjöruna á hverju ári um miðja síðustu öld en afar óalgengt er að hún syndi sjálf í fjöru.

En fleiri tegundir eiga það til að taka upp á nýjungum eins og ósalúran sem fiskifræðingarnir tveir frá Veiðimálastofnun voru að rannsaka.

„Menn tóku eftir þessari tegund hér fyrst árið 1999 og þá töldu menn að aðeins væri um flækinga frá Færeyjum að ræða en nú hafa þeir hrygnt hér og dreift sér allt frá Faxaflóa, Breiðafirði og nú síðast er þeirra einnig orðið vart á Ströndum,“ segir Eik. - jse

# Einfarinn sem yfirgaf Hollywood

**Leikarinn og leikritahöfundurinn Eric Bogosian er hér á landi til að taka þátt í Act alone-einleikjahátíðinni sem hefst á Ísafirði á morgun. Þessi vandræðagemlingur sem afvegaleiddist frá Hollywood en rataði inn á ritvöllinn segir meðal annars frá föður sínum sem var hermaður á Íslandi.**

Eric Bogosian hefur samið sex einleiki sem hann hefur sýnt víða um heim og skrifað fimm leikrit sem sýnd hafa verið og verðlaunuð víða um Bandaríkin. Einnig hefur hann skrifað fjölmörg kvikmyndahandrit en þekktast þeirra er líklega Talk Radio sem Oliver Stone leikstýrði og Bogosian lék sjálfur í. Síðari ár hefur hann beitt fyrir sér stílvopninu í auknum mæli og nú liggja eftir hann tvær skáldsögur.

„Ég á rætur mínar að rekja til Armeníu en fjölskylda mín flúði ofsóknir Tyrkja í byrjun síðustu aldar,“ segir Bogosian. „Ég er hins vegar alinn upp í litlum bæ þar sem allir litu út... ja, eiginlega eins og Íslendingar,“ segir hann og lítur í kringum sig í matsalnum á Nordica Hotel þar sem fjölmargir Íslendingar sitja að snæðingi. Bogosian er nokkuð dökkur yfirlitum og sker sig því úr innan um víkingana. „Ég var því ólíkur öllum öðrum í útliti og háttum og var því nokkuð utangarðs. Þegar ég kynntist svo leiklistinni fimmtán ára gamall fannst mér ég hafa fundið eitthvað sem átti samleið með. Ég fór fljótlega að búa til einleiki, eiginlega til að æfa mig en mér til mikillar undrunar fóru sýningastjórar að sýna þeim áhuga. Ekki var undrunin minni þegar aðsóknin fór að aukast og fólk fór að hlæja á sýningunum hjá mér; ég sem ætlaði að vera svo alvarlegur.“

**Leiðin til og frá Hollywood**

Eftir það gerðust hlutirnir hratt en það var líka umhugsunarefni fyrir listamanninn. „Ég og kona mín lifðum á tæpum 400 þúsund krónum á ári árið 1981, sem ég skil eiginlega ekki hvernig er hægt núna, en svo fimm árum síðar var ég kominn með rokna tekjur, einkabílstjóra og allan pakkann. Auðvitað vil ég ekki vera svangur en það má nú á milli sjá og ég tel að svona stökkbreyting sé ekki góð fyrir listamann.

Ég tek ekki að mér hvaða vitleysu sem er og umbarnir voru alveg búnir að fá nóg af þessari vandlætingu minni svo smátt og smátt fjarlægðist ég Hollywood,“ segir Bogosian og sýpur á kaffinu. „Reyndar lék ég í myndinni Under Siege 2 með Steven Seagal árið 1992, svo maður getur nú gert eitt og annað fyrir góðan pening og nú er fullt af fólki sem þekkir mig einungis fyrir þessa vitleysu,“ segir hann og hlær við. „En málið er það að ég tók bara aðra stefnu. Ég er einfari á þessari leið sem ég hef valið mér sem er ólíkt hlutskipti Hollywood-liðsins sem er umsetið allan daginn.“

En hvað er það sem hann vill segja áhorfendum sínum? „Ég vil fyrst og fremst hafa gaman í eina og hálfa klukkustund. En til þess að það sé í raun eitthvað gaman verður sýningin að ná til áhorfandans og jafnvel hrista upp í honum. Ég á bágt með að þola viðhorf bandarískra áhorfenda sem líta á leiksýningu eins og um neyslu sé að ræða. Ég vil hrista upp í fólki svo stundum fer ég jafnvel að rífast við áhorfanda og skamma hann til dæmis ef hann hlær á vitlausum stað. Þá er komið á beint samband milli mín og hans og þá er gaman.“



**ERIC BOGOSIAN** Hann er vanur að segja skoðanir sínar umbúðarlaust enda átti hann ekki samleið með liðinu í Hollywood. Ekki verður betur séð en hann geti komist í frekari vandræði í heimalandi sínu miðað við það sem hann segir um stjórnina þar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Les Bandaríkjastjórn pistilinn**

En það er ekki aðeins á leiksviðinu sem Bogosian á það til að vera ódæll. „Ég var svolítið agressífur hér áður og kom mér oft í slagsmálaklandur þar sem ég hafði gaman af því að viðra skoðanir mínar þó þær féllu í grýttan jarðveg. En kona mín yrði ekkert hrifin af því ef ég kæmi heim á kvöldin með glóðarauga svo ég hef látið af þessu... að mestu, ég var reyndar kominn í klandur í gær,“ segir hann og hlær við. „En mér finnst bara fólk vera of gagnrýnislaust og latt. Það nennir ekki að hugsa þannig að þegar einhver Hollywood-mynd býður því upp á að finna samhljóm með fötluðum, saklausum manni sem heimurinn hefur farið illa með fer það að telja sér trú um að það sé saklaus fórnarlömb sem ekkert geti gert. Það nennir til dæmis enginn að trúa því að án aðstoðar bandarísku leyniþjónustunnar CIA hefði harmleikurinn 11. september ekki getað átt sér stað. Staðreyndirnar eru nógu margar til að fólk að minnsta kosti velti því fyrir sér en það nennir því ekki. Hvernig stendur á því að flugræningjarnir lærðu að fljúga á flugvelli þar sem CIA hefur einna mesta æfingastarfsemi? Hvað er Bandaríkjastjórn að gera í Afganistan annað en að tryggja sér aðgang að dópinu og olíunni í Írak með brasi sínu þar? Fólk er ekki varnarlaust né sakLaust, það hefur kosningarétt og rétt til að tjá sig og hugsa. Það ætti bara að hafa dug í sér til að nýta sér það í stað þess að sitja með hendur í skauti og taka öllu gagnrýnislaust sem slengt er framan í það.“

**Fallegar konur á Íslandi**

Faðir Bogosians var hermaður sem sendur var til Íslands í fjórtán mánuði í seinni heimsstyrjöldinni og því hefur Bogosian lengi verið forvitinn um þetta norræna land. „Hann sagði eitt og annað um þetta ævintýri á Íslandi. Til dæmis hældi hann konunum í hástert og ég sem hef aðeins verið hér í nokkrar klukkustundir er strax búinn að sjá glæsilegar konur svo hann hefur líklegast haft eitthvað til síns máls,“ segir hann og hlær. „En þó voru það hlutirnir sem hann sagði ekki sem vöktu frekar forvitni mína um þessa þjóð. Reyndar bauð ég þeim gamla að koma með mér hingað í þessari ferð en hann er kominn á níræðisaldurinn og var ekki til í tuskið.“

Bogosian mun sýna brot úr einleikjum sínum á Act alone-hátíðinni og það gæti orðið tímamótasýning. „Ég kalla þetta samsull The Worst of Eric Bogosian og þetta er í síðasta sinn sem ég sýni einleik því nú finnst mér rétt að fara að breyta til og jafnvel skrifa meira.“

Við svo búið var kappinn floginn til Ísafjarðar með Elfari Loga Hannessyni sem stendur fyrir hátíðinni. Og svo er það aðeins að sjá hvaða klandur hann kemur sér í næst. jse@frettabladid.is



**STEVEN SEAGAL** Bogosian segist ekki til í að taka að sér hvaða vitleysu sem er en þó lét hann sig hafa það að leika í mynd með Steven Seagal og nú þekkja margir hann einungis fyrir það.


Eldvarnartæki
– til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

1.056 kr.
Reykskynjari 9v



6.698 kr.





3.459 kr.
Eldvarnarteppi 100x100cm



5.289 kr.
Eldvarnarfata 30ltr grá/svört



Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6208B

## Svona erum við

> Bjórsala á Íslandi, 1.000 lítrar




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FRÍVERSLUNARSAMNINGAR EFTA

# *Kerfi fríverslunar við lönd utan ESB*

Á ráðherrafundi EFTA á Höfn í Hornafirði nú í byrjun vikunnar undirrituðu ráðherrar frá Íslandi, Noregi, Sviss og Liechtenstein fríverslunarsamning EFTA við tollabandalag Suður-Afríkuríkja, en til stendur að allir samningsaðilar verði búnir að undirrita hann í næsta mánuði. Samningurinn er nýjasta viðbótin við kerfi fríverslunarsamninga sem EFTA hefur á undanförnum árum smátt og smátt verið að byggja upp við ríki sem ekki eiga aðild að innri markaði Evrópu. Spegla þeir samningar að mestu hliðstæða samninga sem ESB hefur gert við viðkomandi „þriðju ríki“.

**Hvað er fríverslunarsamningur?**
Fríverslunarsamningur veitir íslenskum útflytjendum tollfrjálsan aðgang að mörkuðum í viðkomandi landi, og sömuleiðis útflytjendum frá samningslandinu tollfrelsi í viðskiptum við Ísland. Fríverslunarsamningar EFTA við lönd utan Evrópusambandsins líkjast þeim samningum sem í gildi eru milli EFTA-ríkjanna sjálfra. Þeir ná semsé til fríverslunar með iðnaðarvörur, unnar búvörur, fisk og sjávarafurðir. Í tengslum við þessa samninga eru sérstakir tvíhliða samningar gerðir milli EFTA-ríkja og hvers samstarfslands fyrir sig um verslun með óunnar búvörur. Einkenni á þessum fríverslunarsamningum EFTA er að þeir ná til viðskipta með sjávarafurðir, gagnstætt því sem gildir t.d. í samningum Íslands við Evrópusambandið þar sem einungis er kveðið á um tollaívilnanir þannig að ýmsar sjávarafurðir bera misháa tolla við útflutning til ESB-landa.

**Við hvaða lönd hefur EFTA fríverslunarsamning?**
Nú eru í gildi fríverslunarsamningar á vegum EFTA við eftirfarandi lönd: Búlgaríu, Rúmeníu, Króatíu, Makedóníu, Tyrkland, Ísrael, Jórdaníu, palestínsku sjálfsstjórnarsvæðin, Marokkó, Mexíkó, Singapúr og Chile. Ennfremur er beðið fullgildingar fríverslunarsamninga við Túnis, Líbanon og Suður-Kóreu. Áðurnefndur samningur við tollabandalag Suður-Afríkuríkja, sem nær til Suður-Afríku, Botsvana, Lesótó, Namibíu og Svasílands, bíður einnig fullgildingar.

EFTA á nú í samningaviðræðum um fríverslun við Egyptaland, Kanada, Taíland og Flóaráðið, samtök arabaríkja við Persaflóa (Sádi-Arabíu, Barein, Kúveit, Óman, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmanna). Slíkar viðræður eru einnig í undirbúningi við Albaníu, Serbíu, Svartfjallaland, Alsír, Úkraínu, Indónesíu, fríverslunarsamtök ríkja í Rómönsku Ameríku, MERCOSUR (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ), auk Kólumbíu og Perú. Ennfremur hefur verið leitað eftir því að hefja slíkar undirbúningsviðræður við Kína og Japan.

**- aa**

## SPURT OG SVARAÐ

INNBROT Í SUMARBÚSTAÐI

# *Þarf að fylgjast með allt árið*

Fimm hundruð kílóa heita potti var rænt frá sumarbústað í Grímsnesinu um helgina. Talið er að vörubíl með krana hafi þurfti til að ræna pottinum. Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður í Árborg, segir ljóst að viðkomandi hljóti að hafa verið ansi þurfandi fyrir bað.



**Er mikið um að rænt sé frá sumarbústöðum?**
Það er alltaf eitthvað um að brotist sé í sumarbústaði og þá sérstaklega yfir vetrartímann. Innbrotin koma svo venjulega í ljós í maí. Minna er um innbrot á mildum vetrum þegar fólk er mikið í bústöðunum. Venjulega hefur verið minna um þetta á sumrin og þetta tilvik með pottinn er frekar sérstakt.

**Er yfirleitt um innbrot að ræða eða eru hlutir í umhverfi bústaðsins teknir?**
Það er meira um að verið sé að brjótast inn og taka verðmæti úr bústöðunum. Og þá helst alls kyns rafmagnstæki, sjónvörp og hljómflutninstæki sem hugsanlega er hægt að koma í verð.

**Hvernig geta sumarbústaðaeigendur reynt að fyrirbyggja þetta?**
Þeir geta það með því að skilja ekki eftir verðmæti í bústöðum. Einnig er gott að koma upp einhverri nágrannagæslu og fá einhvern til að líta eftir bústaðnum.
Það eru vel yfir 5.000 bústaðir í Árnessýslu og það gildir sama lögmál um þá og hús í þéttbýli. Það þarf að fylgjast með þeim allt árið.

INNKÖLLUN SKULDABRÉFA KAUPÞINGS BANKA HF., 3. FLOKKUR 2001,

Með vísan til ákvæða 3. skuldabréfaflokks Búnaðarbanka Íslands hf. árið 2001 (KAUP 01 3A, áður BUN 01 3; ISIN IS0000005106), þá mun útgefandi, nú Kaupþing banki hf. (KB banki), nýta sér rétt sinn skv. skilmálum bréfanna til að innkalla öll skuldabréf í umræddum flokki. Innköllunin tekur gildi þann 15. júní 2007. Skuldin verður greidd í samræmi við skilamála bréfanna. Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá KB banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000. Vísað er að öðru leyti til skilmála bréfanna.

KB BANKI

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**LEIÐTOGAR ASÍURÍKJANNA** Stórveldin í vestri óttast nú að leiðtogar SCO stefni að enn frekara samstarfi á sviði her- og efnahagsmála. Meðal þeirra sem sjá má á myndinni eru Vladimir Pútín Rússlandsforseti (sjötti frá vinstri), Hu Jintao, forseti Kína (áttundi frá vinstri), Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti (fimmti frá hægri) og Hamid Karzai, forseti Afganistan, sem var hátíðargestur á fundinum (þriðji frá hægri). FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bandalag Asíuríkja ógnar ítökum Bandaríkjanna

**SCO-sambandið, bandalag Asíuríkja, hélt á dögunum fund í Shanghæ og virðist nú stefna í að þessi ríki snúi bökum saman í valdablokk sem jafnist á við Evrópusambandið og Bandaríkin. SCO er þyrnir í augum Bandaríkjanna, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta í Asíu og óttast minnkandi ítök sín á svæðinu. Segja má að Kína, Rússland og Íran sé ólíkindalegur vinahópur, en sterkur ef honum tekst að standa saman.**



**MAHMOUD AHMADINEJAD ÍRANSFORSETI** Íran bankar á dyrnar hjá SCO og allt virðist stefna í að klerkaríkið umdeilda verði fullgildur meðlimur sambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SCO-sambandið, Shanghai Cooperation Organization, var stofnað árið 2001 og aðildarríki eru nú Kína, Rússland, Kasakstan, Kirgisistan, Tadjíkistan og Úsbekistan. Áheyrnarfulltrúar sambandsins, Indland, Pakistan, Mongólía og Íran, sækjast eftir aðild og virðist stefna í samheldið bandalag Asíuþjóðanna, sem sé fært um að verka sem mótvægi við styrk Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

**Vilja mótvægi við Bandaríkin**
Á fundi sambandsins á dögunum kristallaðist sýn helstu ráðamanna aðildaríkjanna á framtíð sambandsins og mikilvægar ákvarðanir voru teknar á sviðum hermála. Helstu stjörnur fundarins voru þó Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, og Vladimir Pútín, forseti Rússlands.

Ahmadinejad hvatti Asíuþjóðirnar til samstöðu gegn því sem hann kallaði „ógnir ráðandi afla og ofbeldisfull afskipti þeirra í heimsmálum“. Boðskapur hans var sá að ítök Bandaríkjanna í Austurlöndum yrðu ekki liðin til lengdar og SCO ætti að sameinast gegn þeim með skýrari hætti en áður. Islam Karimov, forseti Úsbekistans, tók í sama streng, en grunnt hefur verið á því góða í samskiptum hans við Bandaríkjastjórn til þessa.

Pútín Rússlandsforseti hefur undanfarið verið harðorður í garð Bandaríkjanna. Á fundinum sagði hann Bandaríkin koma fram með offorsi og gagnrýndi afstöðu þeirra í viðræðum um inngöngu Rússa í Alþjóðaviðskiptastofnunina. „Þeim líkar ekki að ríki eins og Kína og Rússland hafi samstarf um að leysa sameiginleg vandamál, að Indland og Pakistan séu með og Íran hafi áhuga á þátttöku,“ sagði forsetinn. „Þeir eru hræddir um að geta ekki haft áhrif á okkur.“

Putin hefur einnig deilt á Bandaríkin fyrir að hafa stutt „Appelsínugulu byltinguna“ í Úkraínu með hinn vestrænt þenkjandi Júsjenkó í fararbroddi, fram yfir hinn Rússlandsholla Viktor Janúkóvits. „Þeir hafa þröngvað þessu fólki út í mikla óvissu, það er mjög hættulegt. Þeir hafa þröngvað Úkraínu út í deilur milli ólíkra svæða, austurhlutans og vesturhlutans.“

**Blómstrandi viðskipti**
Íran og Rússland hafa lengi sóst eftir að eiga vinveitt samskipti, bæði pólitískt og efnahagslega. Deilum um hvernig skipta á Kaspíahafi milli þeirra og þriggja annarra aðliggjandi landa mun ljúka á næstunni, að sögn Írana, en þessar þjóðir stunda mikil viðskipti sín í milli og til dæmis má nefna að nær allur flugvélafloti Írans er framleiddur í Rússlandi. Sama gildir um samskipti Írans og Kína, en viðskipti ríkjanna hafa margfaldast á undanförnum árum, enda Kína stór kaupandi að orku og hráefnum frá Íran. Kínverjar hafa einnig staðið með Íran á alþjóðavettvangi og stutt kjarnorkuáætlun þeirra. Orkuútflutningur til Kína er veigamikill þáttur í efnahagslífi Rússlands og vopnasala milli ríkjanna þriggja er umtalsverð.

**Íran ekki einangrað**
Fyrir vikið hlýtur Íran dyggilegan stuðning frá SCO-ríkjunum og getur sýnt fram á það á alþjóðavettvangi að ríkið er ekki „einangrað hryðjuverkaríki“ eins og forsvarsmenn Bandaríkjastjórnar hafa kallað það. Simon Peres, varaforseti Ísraels, hefur einnig spáð því að Íran muni einangrast, ef ekki verður hætt við kjarnorkuáætlunina. Þeim fyrirtækjum sem stunda viðskipti við Íran hefur verið hótað viðskiptaþvingunum, en þrátt fyrir að kínversk fyrirtæki hafi brotið gegn því hefur hótununum ekki verið fylgt eftir. Þessu má taka sem vísbendingu um þá ógn sem Vesturlöndum kann að stafa af efnahagsundrinu í Austurlöndum fjær.

Að líkindum mun draga til tíðinda í kjarnorkuviðræðum Írana og Vesturlanda á næstu vikum. Spennandi verður svo að sjá hvað fer fram á fundi G-8 ríkjanna, átta stærstu iðnríkja heims, í næsta mánuði, þar sem Rússland fer með gestgjafahlutverkið. Það er einnig spurning hvor taugin reynist sterkari hjá Pútín Rússlandsforseta, sú sem liggur til vesturs, eða sú sem liggur til austurs.

steindor@frettabladid.is

Ritgerðarsamkeppni:

# Ferð til Japans í verðlaun

**SAMKEPPNI** Utanríkisráðuneyti Japans efnir til ritgerðarsamkeppni þar sem verðlaunin eru tveggja vikna kynnisferð til Japans næstkomandi haust. Þátttakendur verða að vera á aldrinum 18 til 35 ára, vera með íslenskan ríkisborgararétt og mega ekki hafa komið til Japans áður.

Efni ritgerðarinnar er eftirfarandi: „Í ár fagna Japan og Ísland 50 ára afmæli stjórnmálasambands landanna. Hvað er hægt að gera til að efla samskipti ríkjanna enn frekar?“ en ritgerðin á að vera á ensku.

Ritgerðum þarf að skila 14. júlí næstkomandi í Sendiráð Japans.

Selasetur Íslands opnað á Hvammstanga um síðustu helgi við mikil hátíðarhöld íbúa og aðkomumanna:

# Stofnkostnaður um 25 milljónir króna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Selasetur Íslands á Hvammstanga var opnað við hátíðlega athöfn á sunnudag. „Hér verður hægt að fræðast um seli, selaveiðar og selaafurðir með máli og myndum,“ segir Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir framkvæmdastjóri setursins.

Hún segir að stofn kostnaður sé um 25 milljónir en 75 hluthafar eru að setrinu en einnig hafa styrkir fengist til þess frá samgönguráðuneytinu, framleiðnisjóði, Sparisjóði Húnaþings og Stranda, Nýsköpunarmiðstöð og fleirum.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ávörpuðu aðstandendur setursins við opnunina og kom fram í máli Einars að Hafrannsóknarstofnun hefði áhuga á því að hafa samstarf við Selasetursmenn um selarannsóknir.

Á setrinu, sem er í sögufrægu verslunarhúsi á Hvammstanga, verður hægt að kaupa miða í selaskoðunarferðir með bátnum Áka sem mun vera eini selaskoðunarbáturinn á landinu.

Mikil hátíðarhöld voru í bænum vegna opnunarinnar. „Það var heilmikil grillveisla hér fyrir utan setrið þar veitingar voru á boðstólum frá Kaupfélagi Skagfirðinga og Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga sláturhúsi, Vífilfelli, Emmess ís og kökugerðinni hér á Hvammstanga,“ segir framkvæmdastjórinn.

Verið er að vinna að því að koma upp selaskoðunarstöðum á Vatnsnesinu en þar á ekki að væsa um menn sem horfa til sjávar.

- jse



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA KLIPPIR Á BORÐANN** Tveir ráðherrar voru viðstaddir þegar Selasetur Íslands var opnað á Hvammstanga á sunnudaginn. Á þriðja hundrað manns tók þátt í hátíðarhöldunum af tilefni opnunarinnar.



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR** framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.

Amnesty International:

# Aukið eftirlit með vopnasölu

**FRIÐARMÁL** Amnesty International ásamt fleiri mannréttindasamtökum afhentu Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, myndabanka á mánudag með myndum af einni milljón manna. Þetta gera samtökin til að krefjast þess að eftirlit með vopnasölu verði hert og að alþjóðasamningi um vopnaviðskipti verði komið á.

„Með því að senda mynd af sér er fólk að krefjast þess að böndum verði komið á vopnin og fyrsta skrefið í þá átt er gerð þessa alþjóðlega samnings. Nú þegar eru 1300 Íslendingar komnir inn í myndabankann og fjöldi til viðbótar búinn að skrá sig,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International. „Nú þegar hafa 45 ríkisstjórnir lýst stuðningi við gerð svona samnings auk Evrópusambandsins svo við erum bjartsýn á að hann verði að veruleika,“ segir Jóhanna.

- öhö



**FLÓTTABJÖRNINN BRÚNÓ** Bjarndýrið komst á síður blaðanna og skyggði jafnvel á HM í knattspyrnu sem stærsta frétt Bæjaralands.

Brúnó bangsi allur:

# Bjarndýrið fellt í Bæjaralandi

**ÞÝSKALAND, AP** Brúnó, björninn ítalskættaði sem hefur reikað um skóga Bæjaralands undanfarinn mánuð, var skotinn í gær og drapst í kjölfarið, tveggja ára að aldri. Dýraverndunarsinnar eru reiðir vegna málsins og hefur umhverfisráðherra Bæjaralands, sem fyrirskipaði drápið, fengið morðhótanir í kjölfarið. Áður höfðu yfirvöld ákveðið að drepa Brúnó ekki, en skiptu um skoðun.

Yfirvöld segja það einungis hafa verið tímaspursmál hvenær björninn hefði ráðist á fólk, en fram að því hafði hann bara drepið kindur og kanínur. Ekki hefur fengist uppgefið hverjir það voru sem skutu hann, af ótta við hefndaraðgerðir.

- sgj



# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Ríkisstjórnin í baráttu við verðbólguna:

## Dregið úr fasteignalánum

Ríkisstjórnin hefur nú stigið fyrsta skrefið til að reyna að koma enn frekari böndum á verðbólguna í kjölfar samkomulags vinnumarkaðarins og skattayfirlýsinganna sem gefnar voru í tengslum við undirskrift þess. Það var mikilvægt að Samtök atvinnulífsins og ASÍ skyldu ná saman um endurskoðun kjarasamninga til loka næsta árs og að ríkisstjórnin skyldi eyða óvissunni varðandi skattamálin, en það þarf meira að koma til, ekki aðeins hjá ríkissvaldinu, heldur einnig hjá sveitarfélögum og lánastofnunum.

Stóran hluta þeirrar verðbólguhvetjandi fasteignasprengingar sem orðið hefur hér á undanförnum misserum, og þá aðallega á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannabyggðum, má rekja til hærri íbúðalána bæði af hálfu hins opinbera og ekki síst af hálfu bankanna, sem voru í því að yfirbjóða hið opinbera íbúðalánakerfi og freistuðu margra verðandi íbúðaeigenda með lánamöguleikum sínum. Bankarnir hafa nú sem betur fer hægt á sér í þessum yfirboðum, og gera nú meiri og strangari kröfur til lántakenda en áður.

Þróunin á fasteignamarkaði hér hefur verið ótrúleg á síðustu misserum bæði hvað varðar fjölda bygginga og verðlag. Frá því bankarnir fóru að bjóða íbúðalán í stórum stíl fyrir tæpum tveimur árum hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað upp undir 70 af hundraði og þar með er fasteignaverð í Reykjavík orðið með því hæsta í höfuðborgum Evrópu.

Með aðgerðum þeim sem ríkisstjórnin boðaði í gær varðandi lægra lánshlutfall hjá Íbúðalánasjóði og lækkun hámarkslána leggur ríkisstjórnin enn eitt lóðið á vogarskálarnar til að stuðla að hjöðnun verðbólgunnar. Þetta getur haft úrslitaáhrif á það hjá mörgum hvort þeir leggja út í fasteignakaup. Það er þá spurningin hvort þetta komi ekki aðallega niður á þeim tekjulægstu og þeim sem erfiðast eiga með að fjármagna sín íbúðakaup. Það má kannski segja sem svo að þeir eigi ekkert að vera að huga að slíkum málum, en ráðstafanir sem þessar mega ekki verða til þess að tekjulágir hópar og þeir sem búa á landsbyggðinni verði út undan í þessum efnum. Hinir efnameiri finna alltaf einhverja leið til að fjármagna fasteignakaup sín og eru ekki upp á hið opinbera komnir í þeim efnum.

Jafnframt því að takmarka lánamöguleika hjá Íbúðalánasjóði hefur ríkisstjórnin nú gefið út að frestað verði útboðum og upphafi nýrra framkvæmda, og að rætt verði við Samtök sveitarfélaga og stærstu sveitarfélögin með það að markmiði að dregið verði úr framkvæmdum á þessu ári og hinu næsta. Það er hæpið að nokkur verulegur árangur verði af þessu fyrr en seint á þessu ári og líklega ekki að nokkru gagni fyrr en á næsta ári, nema hjá ríkinu sjálfu. Þar hefur tíðum verið gripið til þess að skera niður vegaframkvæmdir við svipaðar aðstæður og svo hefur það líka tíðkast að veita meira fé til samgöngubóta, þegar efnahagslífið hefur verið í lægð. Vegaframkvæmdir verða því áreiðanlega skornar niður að þessu sinni auk annarra framkvæmda.

Stjórnvöld mega ekki grípa til einhverra skyndiráðstafana, sem líkja má við taugaveiklun á markaði, því það getur líka verið hættulegt að spennan í efnahagslífinu falli mjög snöggt, þótt allir séu sammála um brýna nauðsyn þess að verðbólgan hjaðni, jafnframt því sem kaupmáttur launatekna verði varðveittur. Leiðin að þessum tveimur markmiðum getur verið vandrötuð, en hún á að vera fær ef vilji er fyrir hendi hjá þeim sem sitja undir stýri og stjórna ferðinni.

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tjaldsvæði fyrir djamm en ekki húsbíla



Áður hefur verið frá því sagt í þessum dálki að víðsvegar á landsbyggðinni hafi skapast óánægja með það hversu tregir húsbílaeigendur séu til þess að nota tjaldsvæði sem búið er að leggja mikinn pening í. Þetta vandamál hefur til dæmis komið upp á Hólmavík og Höfn í Hornafirði. Gunnar Th. Þorsteinsson frá Félagi húsbílaeigenda gaf Fréttablaðinu sína skýringu á þessum vanda. „Mergurinn málsins er einfaldlega sá að rekendur tjaldsvæða ganga rösklega fram í að innheimta dvalargjöld en gera síðan í fæstum tilvikum nokkurn skapaðan hlut til að tryggja þessum borgandi gestum sínum næturfrið fyrir ölvuðu fólki sem fer í útilegu eingöngu til að drekka og djamma næturlangt. Það er ákaflega slæmt, en þó staðreynd, að vilji fólk fá næturfrið á ferðum sínum um landið er oft skásta leiðin að forðast tjaldsvæðin og leita gistingar annars staðar.“

### Spjaldaglaður dómari á spjöld sögunnar

Dómar á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi hafa verið óvenju harðir í þessari keppni en aldrei fyrr hafa rauðu og gulu spjöld farið jafn oft á loft. Þegar búið var að leika 54 leiki hafði rauða spjaldið farið 24 sinnum á loft en það gula 289 sinnum. Rússneski dómarinn Valentin Ivanov sem dæmdi leik ódælla Hollendinga og Portúgala hefur verið iðnastur við kolann en hann sýndi rauða spjaldið fjórum sinnum en það gula 16 sinnum. Það er aldeilis aðferð til að skrá sig á spjöld sögunnar!



### Rangstæðir dómarar

En þeir eru fleiri sem sýna hörku þegar verið er að dæma. Það var umtalað hversu lélegur leikmaður brasilíski leikmaðurinn Ronaldo væri fyrir stuttu. Margir spurðu hvað þessi fitubolla væri eiginlega að gera í liðinu. Ronaldo svaraði fyrir sig með því að skora þrjú mörk í tveimur leikjum og hefur hann því skorað 15 mörk í lokakeppni heimsmeistarakeppninnar. Fleiri en nokkur annar. Ítalski leikmaðurinn Totti hafði einnig fengið svipaða gagnrýni þar til hann skoraði úr vítaspyrnu í uppbótartíma gegn Áströlum. Það er greinilegt að stundum er sá sem dæmir rangstæður.

jse@frettabladid.is

## Sú einfalda tilfinning

Í DAG
FÓTBOLTI



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Það er auðvitað alltaf stutt í pólitík og enn styttra í fordóma, klisjur og grunnfærnar staðalímyndir af fólki og þjóðum en sú einfalda tilfinning að mannkynið sé eitt og heimurinn einn er hins vegar sífellt að breiðast út og verða dýpri og sterkari.*

Það hefur verið ansi heitt hér í Berlín frá því fótboltakeppnin byrjaði. Við notum þetta margir sem afsökun fyrir því að horfa á leiki undir berum himni og yfir köldum drykk í einhverjum af þessum risastóru bjórgörðum sem virðast helsta lífsmarkið í atvinnulífi borgarinnar þessa dagana. Þetta gefur í leiðinni færi á ýmiss konar félagsfræðilegum athugunum. Ég myndi að vísu gefa nemendum mínum núll ef þeir notuðu sömu aðferðafræði og ég en þetta er notaleg vinnuaðstaða. Eitt af því sem ég hef tekið eftir á þessum rannsóknarferðum mínum er að lið frá Afríku og lið að mestu skipuð Afríkumönnum virðast njóta sérstakrar velvildar hjá fólki hér í borg. Ég hef ekki mælitæki upp á vasann en mér heyrist á klappinu og því sem sagt er að þessi lið séu í áberandi meira uppáhaldi en lið skipuð fólki með langar rætur í okkar eigin álfu. Nú eru allir hlutir sem snúa að skiptingu fólks í kynþætti afskaplega viðkvæmir hér í Berlín, af vel þekktum ástæðum, og því þótti mér þetta svolítið forvitnilegt og gerði enn óvísindalegri athugun á skoðunum manna á þessu. Það kom ekki á óvart að orð eins og samúð og aðdáun komu fram í skýringum manna auk þess sem mér var bent á að fæst evrópsku liðin hefðu spilað skemmtilega í keppninni. Það er hins vegar miklu stöðugra og áhrifameira fyrirbæri en samúð og aðdáun sem ég hef tekið eftir í þessari keppni. Og það er stórkostlega aukin nálægð fjarlægustu heimshluta. Hún minnir á sig allt í kringum okkur í stóru og smáu en oft með sérlega áhugaverðum og þægilegum hætti í þessari keppni.

Nú er það svo sem ekki aldeilis nýtt að menn finni fyrir aukinni nálægð á milli ólíkustu heimshluta þessi árin. Þetta er eins konar leiðarstef samtímans. Það er líka auðvitað að menn ættu að finna til meiri nálægðar í fótbolta en í flóknari greinum menningar, því að í fótbolta eru markmið og leiðir öllu einfaldari en til að mynda í pólitík eða trúarbrögðum. Nálægðin hefur hins vegar aukist svo mikið á svo stuttum tíma að þarna er á ferðinni ein allra mikilvægasta bylting mannkynssögunnar.

Í íslenskri landafræði, sem ég rétt slapp við að læra í mínum ungdómi, er að finna fróðleg dæmi um þær óravíddir sem áður skildu á milli landa. Þar segir um íbúa Afríku, að hottentottar og búskmenn standi á lægsta menningarstigi, en að kaffar þrífist betur enda hafi þeir samið sig nokkuð að siðum hvítra manna. Kennslubókin segir að Súdansvertingjar séu að ýmsu leyti vel gefnir en að flestir svertingjar trúi hins vegar að voldugir andar búi í stokkum og steinum. Landkostir í Afríku fá heldur ekki háa einkunn í bókinni þótt á það sé bent að í Afríku megi finna dýrmæt hráefni fyrir iðnaðarþjóðir Evrópu. Þetta sést strax á heitum stuttra kafla. Einn kaflinn heitir: „Menningarskilyrði eru óheppileg.“ Annar heitir „Loftslagið í skógunum er banvænt.“ Landið er sagt að stórum hluta óhæft fyrir menningarþjóðir. Um loftslagið er sagt að það sé víðast óhollt hvítum mönnum, nema syðst í álfunni, og beinlínis banvænt hvítu fólki þar sem verst lætur. Fólk á Íslandi sem er fáum árum eldra en ég fékk þetta í veganesti út í lífið sem fróðleik um Afríku. Kaflar um Asíu eru litlu skárri.

Góðar kenslubækur skipta máli, og stundum miklu mál. Um þau efni hef ég hugsað svolítið að undanförnu, ekki síst vegna þess að ég rakst nýlega á frásagnir af stórveldum framtíðarinnar, Kína og Indlandi, í íslenskri kennslubók sem minntu á þær órafjarlægðir sem áður voru á milli landa. Kynjasögur um fjarlægar slóðir sem skemmtu mönnum í einangrun fyrr á tímum eru hins vegar smám saman að verða hlægilegar á annan máta en áður. Það er auðvitað alltaf stutt í pólitík og enn styttra í fordóma, klisjur og grunnfærnar staðalímyndir af fólki og þjóðum en sú einfalda tilfinning að mannkynið sé eitt og heimurinn einn er hins vegar sífellt að breiðast út og verða dýpri og sterkari. Fótboltaveislan í Þýskalandi minnir á þetta með skemmtilegri hætti en lestur á milli línanna í heimsfréttum.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Ráðuneyti réttlætisins í stað dómsmálaráðuneytis

**UMRÆÐAN**
BAUGSMÁLIÐ



**RAGNAR HALLDÓRSSON**
KVIKMYNDAGERÐAMAÐUR

Því miður passa síðustu tíðindi úr bruggunarverksmiðju dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra og saksóknara hans vel inn í þá heigulslegu sögu sem Baugsmálið hefur verið frá upphafi. Ódrengileg vinnubrögð við langdregna hefndaraðför að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og fjölskyldu hans á undanförnum árum hafa smám saman opinberað sig í illræðri spillingu í helgustu véum ákæruvaldsins.

Þessi vinnubrögð eru nákvæmlega þau sömu og viðgengust í sovézka gúlaginu og Kína Maós og eru nú daglegt brauð í Norður-Kóreu. Ofsóknir koma í mörgum myndum en þessi mynd er að verða svo skýr að það brakar í mörkum ljóss og skugga og því þarf ekki lengur snefil af efa um þorparalegar aðferðir.

Ef dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóri og saksóknarar hans væru vinstrisinnaðir stjórnmála- og embættismenn, væri allt á öðrum endanum í Sjálfstæðisflokknum vegna samkrulls milli þessara manna, valdmisbeitingar þeirra og eineltis gagnvart nokkrum almennum borgurum þessa lands. Enda hafa þeir á undanförnum árum hegðað sér eins og ráðuneyti ríkisins og stofnanir þess séu í þeirra einkaeigu til að fullnægja duttlungum sínum og prívathvötum í krossferð sinni gegn Baugi. Dómsmálaráðuneytið er ekki einkahlutafélag Björns Bjarnasonar né embætti ríkislögreglustjóra prívatkompaní Haraldar Johannessen þótt svo mætti ráða af hegðun þeirra. Eins er efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra ekki einkasjoppa Jóns H. Snorrasonar deildarstjóra hennar heldur er hún í eigu íslenzka réttarríkisins sem greiðir honum laun og sýnir honum og öðrum saksóknurum gríðarlegt traust í þágu réttlætisins.

Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki lengur látið þessa óvönduðu embættismenn leika sóló og spotta réttarríkið með þeim hætti sem þeir hafa nú gert í mörg ár. Með hegðun sinni eru þeir að breyta borgaralegum öryggisstofnunum þjóðarinnar og hugmyndum hennar um réttláta málsmeðferð í eldglóðir á heiftúðugu báli óréttlætisins.

Núverandi dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóri og saksóknarar hans eru vargar í véum stofnana sinna og Sjálfstæðisflokknum til skammar og skaða. Flokkurinn þarf að binda enda á þessar gölnu ofsóknir ákæruþríeykis sem engum sönsum tekur. Ég vil hvetja alla góða og gegna sjálfstæðismenn til að mynda sér skoðun á þessu alvarlega máli og gera það sem í þeirra valdi stendur til að stoppa þetta opinbera hneyksli.

Orðstír dómsmálaráðuneytisins er ónýtur. Björn Bjarnason þarf að víkja sem dómsmálaráðherra áður en hann veldur enn alvarlegri þjóðfélagsskaða og eyðileggur líka orðstír Sjálfstæðisflokksins með persónulegu hatri sem brenglað hefur dómgreind hans. Ráðuneyti réttlætisins þarf að taka við af dómsmálaráðuneytinu.

**UMRÆÐAN**
ERLENT VINNUAFL



**ÁRNI EINARSSON**
VERSLUNARSTJÓRI

# Hver eru mörkin?

„Ticket, ticket please!“ Unga hreyfihamlaða stúlkan stóð andspænis vagnstjóranum og var ekki frá því að vera skelkuð. Ég nuddaði stýruna úr vinstra auganu og hugsaði með mér að mig væri sennilega enn að dreyma. Næst í röðinni var önnur unglingsstúlka, hún byrjaði á að ráðfæra sig við vagnstjórann, hvort hann færi að Hagkaupum í Spönginni. Hann var ekki lengi að stöðva hana með orðunum „No speak Icelandic. Sorry.“ Stúlkan gaf honum fargjaldið og gekk af stað inn í vagninn í þeirri von um að komast á réttan stað. Nú var röðin komin að mér, ég lét miðann renna í baukinn og bauð kurteislega góðan dag, vagnstjórinn muldraði eitthvað óskiljanlegt út um hægra munnvikið. Ég fékk mér sæti og leit út um gluggann, mín hugsun var eitthvað í þessa áttina, hvar er ég eiginlega?

Það var svo einn sunnudag, að við vorum stödd í Smáralind, ég og fjölskyldan, er við ákváðum að fá okkur hamborgara á ónefndum stað. Við vorum búin að bíða í þónokkra stund er röðin kom að okkur. Þetta var ung stúlka sem heilsaði okkur með orðunum „Hi, can I help you?“ og horfði á okkur með sakleysissvip. Á bolnum hennar var spjald sem á stóð TRAINEE, sem yfir á íslensku myndi þýðast í þjálfun. Ég og konan mín horfðum hálf vandræðalega á hvort annað, og svo byrjaði konan mín að tjá sig á bjagaðri ensku við stúlkuna. Eftir þessa upplifun hugsaði ég með mér, hvað ef ég væri sextugur maður sem aldrei hefði setið á skólabekk og væri með barnabarnið mitt sem væri átta ára og við værum á leiðinni að fá okkur í svanginn. Eftir að hafa beðið í tíu mínútur eftir afgreiðslu væri gengið upp að mér og ég spurður á framandi tungumáli, „Hi, can I help you?“ Ég get rétt ímyndað mér hver viðbrögðin yrðu, ég myndi sennilega ganga í burtu með barnabarnið grátandi. Ég hugsa að ég hefði ekki getað sagt, „eitt barnabox, takk,“ hvorki á bjagaðri né réttri ensku.

Og ef ég set mig í þessi sömu spor, mínus barnabarnið, og ég stæði þarna fyrir framan vagnstjórann og spyrði hann hvort ég þurfi að skipta um vagn á leiðinni til að komast í heilsugæslustöðina í Glæsibæ. Og viðbrögð hans yrðu þau sömu og unglings stúlkan fékk: „No speak Icelandic. Sorry.“ Þá myndi ég sennilega enda á því að taka leigubíl. Með þessum skrifum langar mig að spyrja, hvar eru mörkin sett fyrir innflytjendur sem eru að hefja störf á íslenskum vinnumarkaði?



# Vantar ekki blogg-siðferði?


UMRÆÐAN
SIÐFERÐI Á NETINU



TOSHIKI TOMA
PRESTUR INNFLYTJENDA


Eins og við öll vitum, hafa möguleikar hins almenna borgara á að tjá sig þróast mjög hratt með tilkomu netmiðla undanfarin ár. Margir virðast taka þátt í því á einhvern hátt, eins og t.d. á spjallrásum vefsíðna, á blogg-síðum eða með fjöldasendingum í tölvupósti. Það er því óhætt að segja að tjáningarfrelsið blómstri.

Tjáning í netmiðlum virðist þó ólík þeirri sem fer fram í dagblöðum og sjónvarpsþáttum. Samskiptamátinn virðist vera einhvers staðar á milli opinberra samskipta og persónulegra, formlegra og óformlegra, enda staða miðilsins og markhópur hvers og eins þeirra oft óljós. Stundum er það opinber fjölmiðill, stundum heimasíða stofnunar og stundum einstaklinga eða hópa. Mér finnst eðlilegt að með þessum miðlum sé meira siðferðislegt aðhald og eftirlit.

Ástæða þess að ég hef máls á þessu er sú að ég hef tekið eftir að það er talsvert um það, og það er mein á tjáningarfrelsinu, að ómálefnalegar árásir á einstaklinga eigi sér stað í netmiðlum. Sem dæmi má nefna að ég fann um mig sjálfan ummæli á nokkrum vefsíðum eins og „Toshiki segist finna engin virði í íslenskri menningu,“ „Hann vill leggja niður íslenskt mál af því að hann telur það vera kúgunartæki.“ Ég tel að ummælin séu ekki tómur misskilningur heldur meðvituð þegar ég skoða þau í samhengi. Slíkt virðist koma fyrir fleiri og er ekki alltaf persónulegt. Málið er að slíkt er gert án vitundundar viðkomandi.

Ég fékk nokkrum sinnum svipaðar athugasemdir, sem að mínu mati voru alrangar, í dagblaði en a.m.k. hafði ég möguleika á að svara þeim, þar sem þær voru opinberar. En hvernig getur maður leiðrétt misskilning annarra eða svarað persónulegum skoðunum eins og t.d. á bloggi? Á meðan geta saklausir lesendur netsins haldið að vitlaus ummæli séu réttmæt. Fyrir utan meðvitaðan hug einhvers annars til manns og málefnis, getur það átt sér stað líka að maður skrifar vanhugsuð ummæli inn á netið í tilfinningalegu uppnámi og sem samstundis viðbrögð við því sem maður hefur þar lesið eða annars staðar. Satt að segja hef ég sjálfur gerst sekur um það, þar sem ég gerði slíkt nokkrum sinnum en hef það nú fyrir reglu að ígrunda vel það sem ég set inn á netið. Það verður ekki syndaaflausn en a.m.k. bað ég viðkomandi afsökunar á sama hátt og ég sendi út afsökunarbeiðni þar sem ég sagði frá mistökum mínum.

Ég ætla því ekki að ásaka annað fólk í þessum málum heldur vil ég eingöngu spyrja hvort ekki sé tímabært að móta einhvers konar siðareglur á sviði netsamskipta og miðla. Sjálfur hef ég lausnirnar ekki á takteinunum og vil endilega heyra skoðanir fólks sem er vel að sér um réttindamál, tjáningarfrelsi og siðferði í fjölmiðlum. Vonast til þess að heyra í einhverjum.

# Þjóðarsátt eða ekki þjóðarsátt


UMRÆÐAN
KJARASAMNINGAR



KRISTBJÖRN ÁRNASON
KENNARI


*Ef þetta eru vinnubrögðin og viðhorf forystumanna ASÍ gagnvart opinberum starfsmönnum þá ættu launamenn almennt að taka sérstaklega eftir þeim. Því ég veit að almennir félagar hafa allt önnur viðhorf, okkur hliðhollari.*

Þessa dagana keppast fjölmiðlar við að dásama það sem menn leyfa sér að nefna þjóðarsátt. En núverandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnurekenda nefndi það því nafni, þ.e.a.s. samning þann sem ASÍ, SA og ríkisstjórnin hafa gert með sér. Þetta er auðvitað rangnefni og étið upp eftir þessum aðilum. Þetta er ekki þjóðarsátt, frekar en margt annað sem þessir aðilar hafa tekið sér fyrir hendur undanfarin ár.

Þjóðarsáttin, eða kjarasamningar er gerðir voru 1990 voru með allt öðru formi og máttu svo sannarlega kallast þjóðarsáttarsamningar því öllum aðilum samfélagsins er höfðu áhuga á var boðið að koma að samningaborðinu á þeim forsendum er hentuðu hverjum og einum aðila.

Að því borði var öllum launamönnum boðið hvort sem þeir voru á „almennum“ vinnumarkaði eða „opinberir starfsmenn.“ Öllum samtökum vinnuveitenda, fulltrúum ríkisins og fulltrúum sveitarfélaganna, stéttarfélagi bænda og fulltrúm bankanna. Ekki var aðeins rætt um launataxta launamanna, heldur var allt samfélagið skannað og farið yfir öll þau atriði sem hugsanlega gátu haft áhrif á kaupmátt launa launafólks, á kaupmátt bænda, á samkeppnisstöðu atvinnulífsins, á stöðu fjölmargra stofnana og á stöðu sveitarfélaganna. Reynt var að sjá fyrir um flesta þessa þætti auk þess sem það var markmið að halda uppi kaupmætti lægstu kauptaxtanna. Allar aðrar formúlur þar sem stórum hópum launamanna er haldið utan við samningaborðið eins og nú, geta ekki talist vera neinar þjóðarsáttir. Því er það ótrúlegt dómgreindarleysi af ASÍ að gera ekki kröfur um, að öllum samtökum launamanna yrði boðið að samningaborðinu og staðið við slíkar kröfur. Þetta þýðir auðvitað á mannamáli að sumir mega vera með og aðrir ekki. Þegar svo háttar til í kjarabaráttunni verður manni hugsað til 1. maí.

Jú, við göngum saman í göngunni en lengra nær samstaðan ekki. Því miður. Enda hafa ýmsir forystumenn innan ASÍ t.a.m. hafnað öllu samstarfi með félögum B.S.R.B. varðandi 1. maí og eða með öðrum „opinberum starfsmönnum.“

Ef þetta eru vinnubrögðin og viðhorf forystumanna ASÍ gagnvart opinberum starfsmönnum þá ættu launamenn almennt að taka sérstaklega eftir þeim. Því ég veit að almennir félagar hafa allt önnur viðhorf, okkur hliðhollari. Minna verður á að nú verða ýmsir forystumenn innan ASÍ að hætta að blanda sér inn í kjaramál opinberra starfsmanna eins og þeir hafa gert bæði ljóst og leynt undanfarin ár. Þeir þurfa einnig að hætta að hafa skoðanir á þeim og hætta að fjalla um einstaka taxtahækkanir hjá ýmsum stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Enda eru langflestir félagar ASÍ á svonefndum markaðslaunum sem eru í mjög litlum tengslum við umsamin laun þessara manna nema ef væru gamlir menn og útlendingar svo vitnað sé í orð eins þeirra nýverið. Einmitt þveröfugt við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna, þeir eru á taxtalaunum.

Með sumarkveðju, til allra launamanna hvar sem þeir eru í stéttarfélagi. Það var auðvitað margt þrælgott í þessu samkomulagi og það hefði ekkert orðið öðru vísi með okkur innanborðs. Tókuð þið eftir því, hvort þið hafið fengið að kjósa um þessa niðurstöðu?

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






# Dagur - ertu að grínast?


UMRÆÐAN
BYGGÐ Á GELDINGANESI



VALUR ÓSKARSSON
KENNARI


Dagur B. Eggertsson er nú þegar búinn að stofna íþróttafélag úti í Geldinganesi, samanber grein hér í Fréttablaðinu þann 26. júní. Dagur hefur af því miklar áhyggjur að eftir ríflega eitt til tvö ár verði slatti af lóðum tilbúinn til afhendingar úti í Geldinganesi. Svona verður ástandið að hans mati: „Gamli góði Villi,“ gefandi gömlum, góðum verktökum lóðirnar út og suður og fólk vaðandi með byggingarefnið út í Geldinganes.

Reyndar er það svolítið skondið, þegar menn komast svona glæsilega á flug. Dagur ræðir í framhaldinu um kostnað við sundlaugarbyggingu úti í Geldinganesi. Úr því hann er svo frumlegur að telja að menn vaði með mótatimbrið þarna út, þá bjóst ég nú við því að hann mundi gera ráð fyrir því að menn lærðu sund á því að synda með sementið út í nesið. Já vel á minnst, leiðin út í Geldinganes. Dagur kallar hana einu óspilltu fjöruna í Reykjavík. Eftir grandanum liggur nú þegar vegur út í nesið. Ég veit greinilega ekki hvað er óspillt land.

Það er algjörlega óskiljanlegt af hverju Dagur nefnir ekki almenning til sögunnar, þegar hann talar um lóðirnar. Hann sér Vilhjálm fyrir sér gefandi verktökum lóðir. Ég viðurkenni fúslega að R-listinn gerði það algjörlega ómögulegt fyrir almenning að fá lóð. Samt hélt ég að hann myndi átta sig á því að nú mun hinn almenni Reykvíkingur aftur hafa möguleika á því að byggja. Einnig er það algjör fásinna að tala um að lóðir verði gefnar. Það er nefnilega ekkert athugavert við það að selja lóðir á kostnaðarverði, en í raun algjör kvikindisskapur að okra þannig á þeim að enginn venjulegur maður hafi efni á því að fá sér lóð.

Skelfing er ég líka leiður á því, þegar menn slá því fram að fólk hafi almennt stutt eitthvað sem það hefur aldrei verið spurt um. Dagur segir að menn hafi upp til hópa stutt þéttingu byggðar til vesturs? Kannast nokkur við að hann hafi verið spurður álits? Að lokum. Dagur segir í greininni að við höfum ekkert að gera með hálfbyggð hverfi. Ja, hver skrambinn. Ég man glöggt þegar Neðra- og Efra- Breiðholt voru hálfbyggð svo og Seljahverfi og Foldahverfi. Gaman að heyra það að maður hafi ekkert með hálfbyggð hverfi að gera. Nú förum við í Grafarvogi að skilja af hverju okkur fannst svo oft að lítið mark væri tekið á íbúum hér.






## KRAFLA STÓÐ UPP ÚR

Hollendingarnir Nico og Anders hafa ferðast um Ísland síðastliðinn hálfan mánuð.

FERÐIR 2





## TREYSTA BLINT Á HVORN ANNAN

Farsæll rallakstur er samstarf tveggja keppenda sem verða að treysta hvor öðrum án umhugsunar.

BÍLAR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR]**

**Hálendisleiðir** opnast nú ein af annarri. Fylgjast má með stöðu vega á heimasíðu vegagerðarinnar www.vegargerdin.is. Á síðustu dögum hafa meðal annars verið opnaðar leiðir um Fjallabaksleið nyrðri og Dómadalsleið, af Mývatnsöræfum að Dettifossi og upp í Herðubreiðarlindir.



**Bílatryggingar** hækka hjá VÍS þann 1. ágúst. Ábyrgðartrygging bifreiða, bifhjóla, fjórhjóla, vélsleða og dráttarvéla hækkar, ásamt slysatryggingu ökumanns og eiganda, um fimm prósent.

**Útivist** gengur á Smáþúfur á Lág-Esju klukkan hálf sjö í kvöld. Lagt verður af stað frá Toppstöðinni í Elliðaárdal. Gengið verður frá þjóðvegi við mynni Blikdals um tvo kílómetra frá munna Hvalfjarðarganga. Smáþúfur eru á Esju vestanverðri.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 28. júní, 179. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.00 | 13.31 | 24.01 |
| Akureyri | 1.44 | 13.16 | 24.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Andrés Pétur Rúnarsson segir fátt betra en góður blæjulaus rúntur á góðum degi á góðum fornbíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Draumur um Dallas

***Andrés Pétur Rúnarsson, eigandi eign. is fasteignasölu, lumar á nokkrum dýrgripum í bílskúrnum sem flestir bílaáhugamenn myndu vilja koma höndum yfir.***

Andrés Pétur er stoltur eigandi af þónokkrum bílum, bæði gömlum og nýjum. Í góðviðrinu um daginn dró Andrés einn þeirra út úr fylgsnum sínum til að sýna lesendum Fréttablaðsins.

„Þetta er álíka bíll og Bobby Ewing átti í Dallas þáttunum. Mig var búið að dreyma um svona bíl lengi eða allt frá því ég fylgdist með Dallas í gamla daga," segir Andrés og hlær. „Þetta er Mercedes Bens SL280, árgerð 1976 og er bæði með blæju og húsi. Þessi bíll var fyrst framleiddur árið 1974 og ég held að framleiðslu hans hafi verið hætt árið 1986."

Andrés er búinn að eiga Bensinn í nokkur ár og má með sanni segja að hann sé í miklu uppáhaldi. „Þessir bílar eru ekki margir hér á landi, kannski um þrír eða fjórir," segir Andrés en í gegnum árin hafa margir bílaáhugamenn hrist peningapyngjuna framan í hann í von um að festa kaup á gripnum. Hingað til hefur Andrés þó ekki getað hugsað sér að segja skilið við þennan góða og fallega vin. „Ég er reyndar núna að leita mér að 1971 árgerð af svipuðum bíl. Mig langar í þá árgerð þar sem ég er fæddur árið 1971," segir Andrés og hlær. „Finni ég þá árgerð er aldrei að vita nema ég láti gamla Bensinn í hendurnar á einhverjum sem er hans verðugur."

Bensinn hans Andrésar verður þrítugur á þessu ári. Við 25 ára aldur teljast bílar til fornbíla og þá lækka tryggingar verulega og bifreiðagjöld falla niður. „Ég nota þennan bíl meira sem sparibíl enda er hann bara ekinn hundrað þúsund kílómetra. En það jafnast ekkert á við rúnt í góðu veðri með blæjuna niðri. Það er algjör draumur."

*johannas@frettabladid.is*









**Það** er gaman að fara í stuttar hjólaferðir með fjölskyldunni. Það er til dæmis skemmtilegt að hjóla Ægisíðuna, svindla síðan aðeins og enda túrinn á Kaffi Nauthól og fá sér eina kökusneið.

# Pása frá akstrinum

***Sigling milli Danmerkur og Þýskalands er skemmtilegur kostur.***

Íslenskir ferðalangar sem ætla sér að aka milli Þýskalands og Danmerkur í sumar ættu að huga að ferjusiglingum milli landanna. Enda er lítil afslöppun fólgin í því að sitja undir stýri við framandi aðstæður í langan tíma. Ferjurnar eru fínn kostur fyrir þá sem vilja stytta aksturinn og ferðatímann.

Skipafélagið Scandlines býður upp á tvær mismunandi leiðir milli landanna. Ferjan milli Rødby á Lálandi og Puttgarten í Þýskalandi gengur allan sólarhringinn á hálftíma fresti og tekur siglingin þrjú kortér. Kostar farmiði aðra leiðina fyrir fjölskyldu og bíl, 420 danskar krónur. Hinn kosturinn er ferjan milli Gedser og Rostock en hún fer á tveggja tíma fresti en sjaldnar á nóttunni. Siglingin tekur tæpa tvo tíma og kostar 570 danskar krónur. Það er vissara að bóka pláss í ferjurnar með fyrirvara.

Á heimasíðu Scandlines eru meiri upplýsingar og þar er hægt að panta far. www.scandlines.com



Friðrik krónprins sem siglir millir Gedser og Rostock.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905




**Komið með til Kanada!**





HAUSTFERÐIRNAR TIL
ST. JOHN'S Á NÝFUNDNALANDI
HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN

Brottfarir 2006: 28. - 31. okt. (lau. - þri.),
31. okt. - 4. nóv. (þri. - lau.) og 4. - 8. nóv. (lau. - mið.)

Áhugaverðar og ljúfar borgar- og verslunarferðir fyrir einstaklinga jafnt sem hópa. Aðeins 3 - 3,5 klst. beint flug og gist á glæsilegum hótelum. Verð með sköttum frá kr. 57.300 m.v. tvo í herbergi á Holiday Inn.

Hópferðamiðstöðin Vesttravel
TREX Travel Experiences

Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni,
Hesthálsi 10, s. 587 6000, info@vesttravel.is
www.vesttravel.is www.trex.is



Þórbergssetrið á Hala lítur út eins og bókahilla þar sem kilirnir snúa upp að veginum með titlum Þórbergs og merki Máls og Menningar. Setrið verður opnað almenningi á laugardag. MYND/ÞORBJÖRG

# Þemað er ævi Þórbergs

***Þórbergssetur verður opnað um næstu helgi að Hala í Suðursveit. Þar birtist heimur bóka meistarans og mannlífs Suðursveitar.***

„Hér verða tvær sýningar sem tengjast bæði Þórbergi og sögu og menningu Suðursveitar," segir Þorbjörg Arnórsdóttir húsfreyja á Hala um það sem fyrir augu ber á setrinu nýja. „Annars vegar er ljósmyndasýning af mannlífi í Suðursveit á árum áður. Hún er í sérstökum sal. Hins vegar er svo fræðslu-og upplifunarsýning þar sem mikillar fjölbreytni gætir, bæði í útfærslum og efnisvali. Þemað er ævi þórbergs en engu að síður er komið víða við. Enda kom hann víða við. Því var reynt að hafa víða skírskotun til margra hluta. Bæði fjallar sýningin um árin sem hann dvaldi hér í Suðursveit og eftir að hann fór héðan og heimur bóka hans er þarna í nokkrum senum, sett upp í leikmyndum.

„Þorbjörg hefur haldið utan um Þórbergsverkefnið en vill þó ekki láta kalla sig safnvörð. „Við erum mörg sem höfum unnið að þessu verki en höfum ekki efni á því að hafa fastan starfsmann enn sem komið er," segir hún. Tekur fram að Jón Þórisson sé hönnuður sýningarinnar og hann og Sveinn Ívarsson, dóttursonur skáldsins, hafi hannað húsnæðið og útlit þess. En skyldi verða veitingasala á staðnum?

„Já, það verður kaffisala alla daga og einnig verður hægt að panta mat. Veitingarnar verða í þjóðlegum stíl. Á matborðið ætlum við að bera fram kjötsúpu og silung og hvorutveggja á vel við. Sauðfjárbúskapurinn var undirstaða búskaparins og hér lifði fólk á silungi úr lóninu, löngu áður en bleikjueldið kom til sögunnar. Svo mun Manga gefa kaffið!"

-Úr blárósóttum bollum?

„Nei, það er nú allt í frekar nýtískulegum stíl í veitingasalnum. Við ætlum ekkert að lifa í fortíðinni þó að við byggjum þetta upp á þeim arfi sem okkur var færður af fólkinu sem hér bjó áður. Við verðum að líta til framtíðar líka."

*gunnthora@frettabladid.is*



Nico og Anders hafa ferðast um allt landið síðastliðinn hálfan mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krafla stóð upp úr

***Þeir Nico Heidnen og Anders Druyf hafa ferðast um Ísland síðastliðinn hálfan mánuð og gist í tjöldum og gistiheimilum. Þeir segja landið býsna frábrugðið heimalandi sínu Hollandi en frábært engu að síður. Blaðamaður og ljósmyndari rákust á þá félaga á tjaldsvæðinu í Laugardal.***



Tjaldsvæðið í Laugardal er hálf nöturlegt í rigningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við höfum ferðast hringinn í kringum Ísland, við fórum meðal annars á Snæfellsnes, Skaftafell, Þingvelli og Árnes," segja þeir Nico og Anders, en eiga í töluverðum vandræðum með að bera fram óþjál staðarheitin. Að þeirra sögn var það jarðhitasvæðið í kringum Kröflu sem heillaði þá mest við Ísland. „Það er ótrúlegt að sjá gufuna koma upp úr jörðinni. Það er alveg frábært."

Nico og Anders bera landi og þjóða góða sögu og segjast þeir allsstaðar hafa hitt fyrir vingjarnlegt fólk og hvergi fengið það á tilfinninguna að verið væri að okra sérstaklega á þeim vegna þess að þeir væru ferðamenn.

Hollendingarnir tveir hafa hafst við á gistiheimilum og tjaldsvæðum um landið og báru þeir sig vel eftir það, jafnvel þó svo að í júnímánuði hafi mikið ringt og þeir blotnað mikið. „Við komum hingað til þess að skoða náttúruna og njóta hennar, þannig að við vorum við öllu búnir," segja þeir og bæta því við að þeir myndu hiklaust mæla með því við aðra að heimsækja Ísland. Landið og náttúran heillaði þá félaga þó meira en Reykjavíkurborg hefur gert en þegar Fréttablaðið hitti þá voru þeir nýkomnir af listasafni í borginni. „Þetta Listasafn var mjög lélegt, það var bæði dýrt og ómerkilegt. Ef Krafla var hápunkturinn þá voru þetta örugglega vonbrigði ferðarinnar." *-vör*

# Ferðafélagi fjölskyldu

***Bók sem er sérsniðin fyrir fjölskyldur á ferðalögum er nýkomin út hjá Máli og menningu.***

Ferðahandbók fjölskyldunnar er eftir þau Bjarnheiði Halldórsdóttur og Tómas Guðmundsson. Markmið þeirra er að fá fólk til að skoða, upplifa, njóta og slaka á. Líka styrkja fjölskylduböndin og efla virðingu og tilfinningu fólks fyrir umhverfinu og mannlífinu hvar sem er. Bókin er samin með það í huga að börn og unglingar hafa önnur viðmið en fullorðið fólk þegar kemur að ferðalögum. Höfundarnir lögðu land undir fót til að velja áhugaverða og fjölskylduvæna staði þar sem börn gætu unað sér í guðsgrænni náttúrunni og ákváðu jafnframt að það mætti ekki kosta neitt að upplifa þá.

Staðirnir sem urðu fyrir valinu eru flokkaðir eftir landshlutum og farið réttsælis í kringum landið, byrjað á Akranesi og endað á suðvesturhorninu. Í borða efst á síðunum er annars vegar Íslandskort þar sem staðirnir eru merktir með litlum punkti og hins vegar rammi með tilvísun í viðeigandi blaðsíðutal í Kortabók Eddu/Máls og menningar. *- gg*




Ferðahandbók fjölskyldunnar

# Humarhátíð á Höfn

***Á föstudaginn verður hin árlega humarhátíð Hornfirðinga formlega sett.***



Á síðasta ári söfnuðust um 2500 manns saman á Humarhátíðina.

Síðustu ár hefur humarhátíðin fest sig verulega í sessi og hafa hátíðagestir verið langt á annan tug þúsunda. Allir í bænum taka þátt í hátíðahöldunum ásamt gestum víða að.

Dagskráin byrjar strax á fimmtudagskvöldi með dansleik þó að hátíðin sé ekki formlega sett fyrr en á föstudegi. Það verða sölubásar á bryggjunni með alls kyns varningi og grillaður humar seldur ásamt hinum frægu humarlokum á Hleininni.

Á daginn verður fjölskyldudagskrá, leiktæki, kassabílarall og golfmót svo eitthvað sé nefnt. Það verða leiksýningar og skemmtiatriði fram eftir degi, Kvölddagskráin samanstendur af varðeldi, dansleikjum og pöbbastemningu, og mun til dæmis hljómsveitin „Á móti sól“ leika fyrir dansi.

-ebg

# Færeyskir dagar í Ólafsvík

***Næstu helgi halda Ólafsvíkingar hina árlegu Færeysku daga þar sem boðið verður upp á fjölskylduskemmtun við allra hæfi.***

Sumarhátíðin Færeyskir dagar er árlegur viðburður í Ólafsvík en hún er nú haldin í áttunda skipti. Það er engin tilviljun að hátíðin er tileinkuð Færeyjum þar sem Færeyingar tóku mikinn þátt í að byggja Ólafsvík upp á sínum tíma. Margir komu til starfa á vertíðarbáta og voru Færeyingar til að mynda 20 prósent af bæjarbúum Ólafsvíkur árið 1954. Á hátíðinni er því lögð áhersla á að kynna færeyska menningu, kóra og muni ásamt færeyskum mat. Einnig hefur ákveðinn siður frá Færeyingum verið tekinn upp á dansleikjum, það er að hafa smurt brauð fyrir ballgesti.

Dagskráin í ár byrjar á föstudegi og stendur til sunnudags. Boðið verður upp á leiktæki og skemmtidagskrá á daginn með söngvarakeppni, kassabílarallýi og koma til dæmis Ronja ræningjadóttir og Tóti tannálfur í heimsókn. Á kvöldin er grillað saman, ýmsar hljómsveitir stíga á svið og á laugardagskvöldið er stórdansleikur með hljómsveitinni „Í svörtum fötum“. Sem sagt fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

-ebg



Undanfarin ár hafa fjögur til fimm þúsund Ólafsvíkingar og gestir þeirra skemmt sér saman á færeyskum dögum.

**skemmtanir }**

## Sumarhátíðir um allt land

FÆREYSKIR, FRANSKIR, DANSKIR OG SÆNSKIR DAGAR ERU MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ ER UPP Á Í BÆJARFÉLÖGUM LANDSINS Í SUMAR.

Hátíðirnar eru fjölmargar og tilvalið fyrir ferðalanga að hafa þær í huga þegar sumarfríið er skipulagt. Hér eru nokkrar hátíðir sem haldnar verða úti á landi í sumar og þó eru ótaldir þeir viðburðir sem boðið er upp á um verslunarmannahelgina.

- Írskir dagar á Akranesi, 7. - 9. júlí.
- Sæluhelgin á Suðureyri, 6. - 9. júlí.
- Leifshátíð á Eiríksstöðum í Dölum, 7. - 9. júlí.
- Goslokahátíð í Vestmannaeyjum 8. júlí.
- Kátir dagar á Þórshöfn 13. - 16. júlí.
- Fullveldishátíðin í Hrísey 21. - 23. júlí.
- Sænskir dagar og Mærudagar á Húsavík 24. – 30. júlí.
- Á góðri stundu í Grundarfirði 27. - 30. júlí.
- Franskir dagar á Fáskrúðsfirði 27. - 30. júlí.
- Reykholtshátíð 28. júlí.
- Hólahátíð 11. ágúst.
- Norskir dagar á Seyðisfirði 12. ágúst.
- Fiskidagurinn mikli á Dalvík 12. ágúst.
- Danskir dagar í Stykkishólmi 18. - 20. ágúst.
- Berjadagar í Ólafsfirði 18. - 20. ágúst.
- Ljósanótt í Reykjanesbæ 1. - 3. september.



## Fjallabað í Strútslaug

FÁTT ER BETRA EN AÐ NJÓTA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU Á TVEIMUR JAFNFLJÓTUM.

Þeir sem vilja njóta einstakrar náttúrufegurðar og sveitakyrrðar í Hólmsárbotnum, geta nú skellt sér í fjögurra daga ferð með Útivist fimmtudaginn 29. júní. Farið verður frá BSÍ kl. 08.30 og gengið um gróðursæl háfjallasvæði þar sem tignarlegir jöklar teygja sig til himins. Fjallabað í Strútslaug er hluti af ferðinni og svíkur engan. Í dagslok er farið í fjallaskála Útivistar við Strút. Ferð lýkur í Hvanngili. Sjá www.utivist.is





**Þó það** sé oft erfitt að fá bílastæði í miðbæ Reykjavíkur á það ekki að stoppa bæjar- og kaffihúsaferðir. Það er alltaf hægt að fá stæði í bílastæðahúsunum og fyrir lægra gjald.


# Bassabox



10", 12", 15", einföld
**Verð frá Kr. 5.995,-**
10", 12", 15", tvöföld
**Verð frá Kr. 8.995,-**

**AG Mótorsport** - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**



# Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is


## Hyundai á HM

HYUNDAI ER EINN AF STÆRSTU STYRKTARAÐILUM HM Í ÞÝSKALANDI OG LEGGUR TIL RÚMLEGA 1.000 BIFREIÐAR FYRIR BÆÐI LEIKMENN OG STARFSMENN MÓTSINS.

Auk þess að leggja til rútur og bíla stendur Hyundai fyrir ýmsum leikjum kringum mótið. Meðal annars er hægt að kjósa stuðningsmann leiksins á netinu á heimasíðu FIFA eða Hyundai. Áður en mótið hófst stóð Huyndai einnig fyrir leik þar sem valin voru bestu slagorðin fyrir hvert lið. Hyundai framlengdi á síðasta ári samning sinn sem einn megin styrktaraðili FIFA fram til ársins 2014 og mun því áfram sjá sambandinu fyrir nauðsynlegum farartækjum eða a.m.k. næstu átta árin. Hyundai má því kalla fótboltabílinn í ár. *- tg*



Hyundai er einn aðal styrktaraðili FIFA.



Borgar og Jón Bjarni klárir í slaginn. Eins og sést er lítið eftir af innréttingu bílsins en þess í stað kemur öflugt veltibúr, körfustólar og vandað öryggisbelti. LJÓSMYND/JÓHANN KRISTJÁNSSON

# Treysta blint hvor á annan

***Farsæll rallakstur er samstarf tveggja aðila sem verða að treysta hvor öðrum án umhugsunar og skilyrðislaust.***

„Tuttugu, hægri þrír löng, í vinstri tvo, varúð yfir hæð sem kreppist í hægri tvo.“ Svona lýsingu þurfa rallökumenn að geta meðtekið í einni bunu og notað til að keyra nánast blindandi. Það er því ljóst að mikil ábyrgð hvílir á aðstoðarökumanninum sem les lýsingarnar upp á hárréttum tíma. Borgar Ólafsson er aðstoðarökumaður Jóns Bjarna Hrólfsson en saman hafa þeir verið að gera góða hluti á Ford Focus-bifreið sinni í sumar, unnið allar keppnir í sínum flokki.

„Þetta þýðir að eftir tuttugu metra kemur löng hægri beygja sem við ætlum að keyra í þriðja gír. Strax á eftir förum við í vinstri beygju í öðrum gír sem liggur yfir varasama blindhæð sem endar í hægri beygju, áfram í öðrum gír,“ segir Borgar. „Hlutverk aðstoðarökumannsins er að lesa nákvæmlega það sem er framundan. Við keyrum leiðina rólega fyrir keppni og skrifum allt niður, allar beygjur, gírana sem við ætlum að keyra í, holótta kafla sem við köllum „kinký“, blindhæðir og stökk.“

Þegar í keppni er komið skiptir svo höfuðatriði að lesa rétt, á réttum tíma og að vera ekki að hafa áhyggjur af því hvort bílstjórinn ráði við bílinn. „Ég spái ekkert í honum, treysti honum í blindni eins og hann treystir mér. Það er lykilatriði að ökumennirnir þekki hvor annan og treysti. Í síðustu keppni var svarta þoka og alveg niður í fimm metra skyggni. Þá er gott að hafa góðar leiðarnótur til að geta haldið hámarkshraða. Það verður allt að vera í botni, annars töpum við tíma,“ segir Borgar.

Bíll þeirra félaga er 2000 árgerð en var fluttur hingað til lands í nóvember 2005 í samvinnu við Brimborg. Vélin er um 180 hestöfl og er með framdrifi, Dog Box-gírkassa, Cosworth-bremsum, Speedline-felgum og Pirelli-dekkjum. Manni dettur í hug að eftir að hafa keppt á svona tæki sé erfitt að halda sig á löglegum hraða á þjóðvegum úti.

„Alls ekki, ég er alveg slakur eftir keppni. Þá er ég búinn að fá útrás fyrir hraðann. Maður er stundum bara fyrir öðrum ökumönnum á leiðinni heim,“ segir Borgar hlæjandi. „Um daginn vorum við á Akureyri að prófa Ford GT-bílinn hjá Brimborg. Við settum hann í 300 km hraða á flugbrautinni og keyrðum svo heim seinna um daginn. Eftir hálftíma föttuðum við að hvorugur okkar hafði sagt orð, við vorum svo slakir og rólegir eftir þessa útrás,“ segir Borgar að lokum.

Næsta umferð í Esso rallinu fer fram 8. júlí. **einareli@frettabladid.is**



Borgar og Jón Bjarni á fleygiferð í einni af keppnum sumarsins. Þeim hefur gengið mjög vel og hafa unnið allar keppnir í sínum flokki. LJÓSMYND/RAGGI M


# LOFTDÆLA

## er nauðsynlegur búnaður

*fyrir dekkin á bílnum, gúmmíbátinn, vindsængina í útilegunni, dekkin á reiðhjólinu eða mótorhjólinu*



*VIAIR 420C* ***24.053 kr.***



*VIAIR 450H* ***27.767 kr.***



*VIAIR 500C* ***36.904 kr.***

***Þessar dælur koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði***



***VIAIR-taska fylgir***



*VIAIR 90P* ***10.500 kr.***



*VIAIR 100P* ***11.537 kr.***



*VIAIR 300P* ***19.900 kr.***



*VIAIR 400P* ***27.767 kr.***



38" dekk
3-15 pund
á 2 mín

*VIAIR 440P* ***27.767 kr.***

06-011 KC

KAUPAUKI

*Öllum loftdælum fylgir*
***DEKKJAVIÐGERÐARSETT***
*meðan birgðir endast!*

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA

BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is

**Véla- og hjólastillingar.**
**Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,**
**smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.**

Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350

CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA



Pallhýsin eru smíðuð af Formverki. Hér sést eitt tilbúið til notkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Íslensk hýsi á pallinn

***Við Bæjarflöt er verkstæðið Formverk sem meðal annars framleiðir pallhýsi. Árlega framleiðir fyrirtækið tæplega 10 hús og að sögn Bjarna Einarsson, starfmanns Formverks, anna þeir vart eftirspurn.***

Pallhýsin eru eins konar ferðahús sem fara aftan á pallbíla. Húsin virðast ekki stór við fyrstu sýn enda þurfa þau að vera létt og fyrirferðalítil. Þess vegna eru þau úr léttu en jafnframt sterku trefjaplasti sem steypt er eftir mótum hérlendis. Til að minnka loftmótstöðu eru húsin ekki höfð há á meðan á akstri stendur en þegar húsin eru í notkun lyfta lofttjakkar þakinu upp svo manngengt er í húsinu. Á milli þaks og veggja er sterkur dúkur sem vel strekkist á. „Þetta er eiginlega eins og félagsheimilið í Stuðmannamyndinni Með allt á hreinu,“ segir Bjarni og hlær. „Lítið að utan en miklu stærra að innan.“

Í pallhýsinu, sem ekki vegur nema 360 kíló, er svefnpláss fyrir fjóra. Þar er svokallað Webasto-hitakerfi sem tengt er við bensíntank bifreiðarinnar og hitastýring sér til þess að hægt er að velja hitastigið. Tólf volta pressuískápur prýðir hýsin en í honum er bæði kælir og frystihólf. Eldunarbúnaðurinn samanstendur af tveimur gashellum og innbyggðum vaski með krana sem tengdur er við lítinn vatnstank. „Innréttingarnar eru mjög sterkar og gerðar til að þola nokkuð álag. Svo er auðvelt að þrífa húsin og það tekur ekki nema klukkutíma að gera það skínandi hreint eftir skítugt ferðalag,“ segir Bjarni.



Bjarni Einarsson starfsmaður Formverks. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Eins og áður kom fram framleiðir Formverk um tíu hús á ári. Framleitt er eftir pöntunum og hefjast starfsmenn handa við að smíða hús upp úr áramótum. Húsin eru framleidd í staðalstærð en samkvæmt Bjarna hafa bæði minni bílar og stærri fengið hús og hafa þau vandamál sem komið hafa upp varðandi stærðarmun verið leyst. Innréttað pallhúsi hjá Formverki kostar 1.590.000 krónur en án innréttingar kostar það 890.000 krónur.

**tryggvi@frettabladid.is**

## Innbrotsalda í Evrópu



Síðustu mánuði hefur þjófaflokkur sem rænir hljómflutningstækjum úr bílum haft sig mikið frammi í Evrópu. Þjófaflokkurinn virðist sérhæfa sig í þýskum bílum, meðal annars frá Audi og Volkswagen. Fjölmargir bílaeigendur hafa upp á síðkastið orðið varir við það að hljómsflutningstækjum í bílum þeirra hefur verið stolið, án þess þó að nokkur ummerki séu um innbrot.

Danska lögreglan telur í þessu sambandi að þjófarnir noti mögulega einhvers konar þjófalykkla sem stungið er samtímis í læsingar beggja framdyra og opni þannig samlæsinguna vandræðalaust. Lyklarnir hafa fengið nafnið „pólskir lyklar“ og vísar það til gruns lögreglunnar um að þjófaflokkurinn komi frá Póllandi. Fjölmiðlafulltrúi VW/Audi í Danmörku staðfesti að slíkur lykill að bílunum fyrirfinnist. Hann sé líklega rafræn fjarstýring sem forrituð sé þannig að hún lesi fjarstýðar læsingar í bílum sömu tegundar.



Gríðarlega fallegur ofur-Audi. Því miður er ekki vitað hvort mögulegt er að smíða hann.

# Hugmynd að rafknúnum ofurbíl

***Mældur í hundruðum volta en ekki hestafla.***

Alþjóðlegi hönnunarskólinn í Frakklandi hefur lokið við hönnun Audi-hugmyndabíls sem hefur fengið nafnið R-Zéro. Bíllinn verður knúinn rafmagni en er þó ætlað að búa yfir afli og aksturseiginleikum ofurbíls.

Samkvæmt hönnuðum er hugmyndin að nota lithium-ion rafhlöður til þess að framleiða 800 volt sem sjá svo um að knýja fjóra rafmótora. Allt vegur þetta eittvað og mótorarnir verða líklega nálægt 85 kg samanlagt og blikna því í samanburði við 1.200 kílóa rafhlöðurnar. Það er reyndar ekki ljóst hvort yfirhöfuð er mögulegt að smíða slíkan bíl, en yfirbyggingin á þó fullt erindi í sviðsljósið. **- ee**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6631

200.000 kr. úttekt

Útivistartilboð
með völdum Mitsubishi Pajero, Outlander og Pajero Sport.

Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Af því tilefni fylgir 200.000 kr. úttekt hjá Ellingsen völdum Pajero, Outlander og Pajero Sport. Njóttu sumarsins á sprækum fjórhjóladrifsbíl með fullu skotti af dóti frá Ellingsen.

Ellingsen

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

# Borguðu í stöðumæla

*Bíleigendur sem voru fallnir á stöðumælatíma fengu óvænta aðstoð í síðustu viku.*

Útsendarar frá tryggingafélaginu Elísabetu komu bíleigendum og stöðumælavörðum þægilega á óvart fyrir skemmstu. Þeir gengu á stöðumæla í miðborg Reykjavíkur og greiddu í þá sem voru fallnir á tíma. Þannig spöruðu þeir bíleigendum þúsundir króna í sektir.

Stöðumælaverðir tóku uppátækinu vel, enda hafði það í för með sér minnkaða pappírsvinnu fyrir þá og aukin félagsskap, því útsendararnir urðu samferða þeim á göngu sinni.



Bíleigendur sem nutu góðs af útsendurum Elísabetar fengu kveðju á framrúðuna.




Útsendararnir tilbúnir í slaginn.

Tilgangur uppátækisins var að vekja athygli á fyrirtækinu og slagorði þess, „ekki borga meira“.

# Bílabúð Benna frumsýnir Porsche 911

***Bílabúð Benna frumsýnir nýjan Porsche 911 Turbo.***

Porsche 911 Turbo er með 6 strokka vél, 480 hestöfl og hámarkstog er 680 Nm frá 2100 til 4000 snúningum. Bíllinn er 60 hestöflum aflmeiri heldur en fyrirrennarinn.

Þrátt fyrir þessa aukningu á afli er 3,6 lítra slagrýmið óbreytt.

Þetta var gert kleift með nýstárlegri forþjöppu- og kælitækni; túrbína með breytilegri afkastagetu. Hröðun frá 0 upp í 100 km/klst. er 3,7 sek á sjálfskiptum bíl með Tiptronic S-skiptingu.

Porsche 911 Turbo verður til sýnis í sýningarsal Bílabúðar Benna að Vagnhöfða 23 fimmtudaginn 29. júní og föstudaginn 30. júní milli klukkan 9.00 og 18.00.



Eldri gerð Porsche 911 Turbo Coupe


NOTUÐ TÆKI



**JCB 3CX**
árg. 2000 - v.st. 7.320
verð án vsk 2.700.000,-



**JCB 3CX**
árg. 1999 - v.st. 5.100
verð án vsk 2.520.000,-



**Hitachi hjólagrafa**
árg 1998 - v.st. 4.500
verð án vsk 3.700.000,-



**JCB 426**
árg. 1999 - Tilboð óskast



**JCB 3CX**
árg 1998 - v.st. 7.645
verð án vsk 2.600.000,-

VÉLAVER HF
Símar 588 2600
www.velaver.is



ÍSLENDINGAR Á ALDRINUM 18-39 ÁRA VILJA HELST **VEGGFÓÐUR** Í SÍN HÚS OG HÍBÝLI







**Við þökkum frábærar móttökur!**

Veggfóður er nýtt og ferskt lífsstíls- og húsbúnaðarblað og hefur á tæpu ári náð miklum vinsældum hjá fólki á aldrinum 18-39 ára, en **19% fleiri lesa Veggfóður en Hús og híbýli** í þessum hópi*. Veggfóður er því klárlega frábær kostur fyrir auglýsendur sem vilja ná til þeirra sem eru að skapa sitt fyrsta heimili og þeirra sem fylgjast með straumum í innanhúshönnun.

*Tölur skv. fjölmiðlakönnun Gallup maí 2006

**VEGGFÓÐUR.**
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa

Miðvikudagur 28. júní 2006 – 24. tölublað – 2. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**Sala Stoke City:**
Var Stoke bara djók? 8



**Þriðju kynslóðar farsímar:**
Hlustað eftir nýrri tækni 10-11



**House of Fraser:**
Flaggskipið á Oxford Street 14



## Enn hækkar NWF Group

Atorka heldur áfram að auka hlut sinn í breska iðnaðarfyrirtækinu NWF Group og heldur nú utan um átján prósenta hlut.
Mikil hækkun hefur orðið á gengi NWF Group að undanförnu en í júní hefur hluturinn farið úr 695 pensum í 900 pens. Þetta gerir 29,4 prósenta hækkun. Frá áramótum nemur hækkunin tæpum 38 prósentum.
Verðmæti hlutabréfa Atorku í NWF Group er nú í kringum tvo milljarða króna.
Breska félagið byggir rekstur sinn á fóður- og eldsneytisdreifingu, aðfangadreifingu til stórmarkaða og rekstri garðyrkjuvöruverslana. - eþa



## Boltinn til Mið-Ameríku

Það hefur verið nóg að gera hjá efnisveitunni Hexia í tengslum við HM í knattspyrnu í Þýskalandi en fyrirtækið sendir myndskeið af mörkum í HM til farsímanotenda í Mið-Ameríku fimm mínútum eftir að boltinn lendir í netinu.
Helga Waage, tæknþróunarstjóri Hexia, segir að venjulega sé mest að gera hjá fyrirtækinu í tengslum við helgarleiki í ensku knattspyrnunni en líkir hamaganginum nú við að þrír leikir séu haldnir í ensku úrvalsdeildinni á hverjum degi.
Helga segir Mexíkóa hafa sýnt myndsendingunum sérstakan áhuga enda hafi þjóðin ætlað að landa heimsmeistaratitlinum. Þær vonir runnu út í sandinn eftir að Argentínumenn sendu Mexíkóa heim eftir 2-1 sigur á laugardag. - jab

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Stórstreymt í Straumi** | Átakafundur var haldinn í Straumi Burðarási þar sem tókust á fylkingar Björgólfs Thors Björgólfssonar og Magnúsar Kristinssonar. Hlutabréf í félaginu snarhækkuðu.



**Forstjóraskipti** | Björgólfur Thor tilkynnti í lok fundarins að Þórði Má Jóhannessyni forstjóra yrði ýtt til hliðar og Friðrik Jóhannsson tæki við.

**Fasteignamarkaður kólnar** | Sérfræðingar spá tíu prósenta raunlækkun fasteigna á næstu misserum. Lækkana verður helst vart í úthverfum enda útlit fyrir metframboð nýbygginga á árinu.

**Horfa enn á HoF** | Getgátur voru uppi um að Baugur ætlaði að draga sig út úr viðræðum við stjórn House of Fraser um kaup á félaginu. Heimildir benda til þess að áætlanir Baugs hafi ekkert breyst og að bækur HoF séu enn í skoðun.

**Nýtt lyf DeCode** | Íslensk erfðagreining tilkynnti um jákvæðar niðurstöður prófana á nýju astmalyfi. Tilraunalyfið CEP-1347 hefur jákvæð áhrif á ýmsa þætti lungnastarfsemi og á bólguþátt sem tengist astma.

**Dalurinn styrkist** | Bandaríkjadalur hefur verið að styrkjast gagnvart evru og jeni að undanförnu en búist er við að stýrivextir bandaríska seðlabankans hækki um fjórðung úr prósentustigi, í 5,25 prósent í þessari viku.

**Keops kaupir skrifstofur** | Danska fasteignafélagið Keops, sem er að stórum hluta í eigu Baugs, hefur skrifað undir samkomulag um kaup á 37 skrifstofubyggingum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð fyrir nítján milljarða króna.

# Of skammt gengið

### Sérfræðingar segja meira þurfa að koma til hjá ríkisstjórninni. Aðgerðir hennar gætu haft áhrif á vexti Seðlabankans.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Aðgerðir sem ríkisstjórnin upplýsti um í gærmorgun til að stuðla að hjöðnun verðbólgu þykja ganga heldur skammt og vera seint fram komnar. Frá og með mánaðamótum breytast útlánareglur Íbúðalánasjóðs, útboðum og nýjum framkvæmdum á vegum ríkisins er frestað og ríkið óskar eftir viðræðum við sveitarfélögin um frestun framkvæmda.
Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, fagnar útspili ríkisstjórnarinnar og segir mikilsvert að fá það svo skjótt fram. „Þetta er sterkt útspil," segir hún en áréttar um leið að á vanti varðandi útfærslu aðgerða , bæði tímasetningar og tölur. Hún segir ríða á að umfang aðhaldsaðgerðanna skýrist og telur að í síðasta lagi verði það að gerast með fjárlagafrumvarpinu í haust. „Svo er í næstu viku náttúrlega stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans," segir hún og telur ljóst að vextir verði hækkaðir, enda mikilvægt að allir sýni styrkt aðhald. „Ég tel enga spurningu um að stýrivextir verði hækkaðir, en útspil ríkisstjórnarinnar dregur heldur úr líkunum á því að hækkunin verði 100 punktar, þótt vissulega sé það ekki útilokað."
Að sama skapi fagnar Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, áætlunum um frestun framkvæmda og útboða og segir þær mjög í samræmi við það sem hagfræðingar hafi verið að segja. „Þetta er þó pínulítið í lausu lofti allt, en góð vísbending engu að síður," segir hann og segir jafnframt mjög skynsamlegt að reyna að fá sveitarfélögin til að draga úr framkvæmdum. „En mér finnst allt of skammt gengið hvað varðar Íbúðalánasjóð. Þar hefði þurft miklu harðari afstöðu og helst ganga frá því máli með endanlegum hætti," segir Tryggi sem helst hefði viljað sjá Íbúðalánasjóð seldan bönkunum eða breytt í heildsölubanka. „Á þetta hafa allir hagfræðingar og alþjóðastofnanir bent og kallað eftir." Að sama skapi segist Tryggvi sakna trúverðugrar yfirlýsingar um að ekki yrði skrifað undir frekari stóriðjuframkvæmdir næstu tvö árin. „Það hefði mátt gera meira," segir hann.
Ingólfur H. Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis banka, segir ekki verða um það deilt að með nýjustu aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé leitast við að draga úr verðbólgu, en veltir fyrir sér samhljómnum við aðgerðir liðinnar viku þar sem reynt var að bæta kjör almennings með skattalækkunum og fleiri aðgerðum. Þær aðgerðir segir hann klárlega ýta undir frekari verðbólgu. „Aðgerðirnar nú leggjast svo á árar með öðru sem kemur til með að lækka verð á íbúðarhúsnæði á næstunni," segir hann og bendir á að um leið og bæta hafi átt kjör almennings stuðli aðgerðirnar nú að því að rýra virði sparnaðar fólks sem falinn sé í húsnæði þess. „Þarna er í rauninni tekið úr öðrum vasanum það sem sett var í hinn." Ingólfur segir að ríkisvaldið hefði átt að grípa miklu fyrr til aðgerða, enda hafi strax við upphaf stóriðjuframkvæmda verið ljóst í hvað stefndi. Hann segir að verðbólgan komi til með að hjaðna hratt á næsta ári um leið og áhrif veikingar krónunnar fjara út og aðgerðir ríkisvaldsins nú vegi þar ekki þungt.

# Eigendur verja stöðu í Gretti

Búist er við að 31 prósenta hlutur Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) í Fjárfestingafélaginu Gretti verði keyptur á allra næstu dögum. Núverandi hluthafar í Gretti eru Landsbankinn, Ópera, félag í eigu Björgólfsfeðga, Sund og TM en ekki hefur fengist uppgefið hvernig kaupendur ætla að skipta með sér hlutnum og/eða hvort nýir hluthafar koma að Gretti.
Í bókum TM er Grettishluturinn metinn á 5,5 milljarða króna.
TM hefur óskað eftir innlausn þessa hlutar og kemur þá annaðhvort til greina að aðrir hluthafar kaupi hlutinn eða Grettir, sem er meðal annars stærsti hluthafinn í Straumi Burðarási með tæplega sextán prósenta hlut, verði leystur upp og eignir hans færðar til hluthafa. Eftir því sem næst verður komist vilja forsvarsmenn TM fá greitt fyrir bréfin með peningum.
Í ljósi þeirra átaka sem hafa átt sér stað innan hluthafahóps Straums koma þessi áform ekki á óvart, að eigendur Grettis vilji halda félaginu gangandi með því að kaupa hlut TM. Óvíst er hvernig TM myndi kjósa á hluthafafundi, sem boðaður hefur verið í Straumi, ef Grettir yrði leystur upp og hlutabréfum félagsins í Straumi skipt milli hluthafa.
Þá hefur líka verið boðað til hluthafafundar í TM þann 5. júlí næstkomandi að ósk Sunds þar sem fram fer stjórnarkjör. Einnig stendur til að umræður fari fram um þá ákvörðun, sem stjórn TM tók, að leysa til sín eignarhlutinn í Gretti.
Yfirtökunefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að hvorki hafi myndast yfirtökuskylda í TM eða Gretti eftir að miklar eignabreytingar urðu þar á dögunum. Landsbankinn og tengdir aðilar náðu þá meðal annars meirihluta í Gretti. - eþa

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans EUR, USD og GBP eru þrír nýir sjóðir sem henta fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri eða skemmri tíma í viðkomandi mynt. Lágmarksfjárfestingartími er einn dagur og lágmarkskaup eru € 1.000, $ 1.000 og £ 1.000. Markmið sjóðanna er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður eða gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

£ ISK $ €

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 1% | 28% |
| Alfesca | 13% | -4% |
| Atorka Grou p | 8% | -3% |
| Bakkavör | 0% | -13% |
| Dagsbrún | 3% | -4% |
| FL Group | 1% | -8% |
| Flaga | 0% | -18% |
| Glitnir | 4% | 2% |
| KB banki | 3% | 0% |
| Landsbankinn | 5% | -16% |
| Marel | 3% | 9% |
| Mosaic Fashions | 8% | -14% |
| Straumur | 9% | 8% |
| Össur | 4% | -5% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Bongó kaupir Exton

Bongó ehf. hefur keypt meirihluta í upplýsingatæknifyrirtækinu Exton ehf. sem er leiðandi þjónustufyrirtæki á sviði ljósa-, hljóð- og myndlausna.

Fyrirtækið er einkum þekkt fyrir tækjaleigu vegna tónleika, ráðstefna og skemmtana og sá meðal annars um uppsetningu á sviði og hluta af ljósabúnaði og hljóðkerfi á tónleikum Roger sWaters í Egilshöll á dögunum. Þá hefur fyrirtækið sömuleiðis séð um uppsetningu ljósa- og myndbúnaðar í smærri fundarherbergjum til stærri staða. Sverrir Hreiðarsson, sem tekið hefur við sem framkvæmdastjóri Exton, segir fyrirtækið hafa meðal annars sett upp ljósastýringar í Smáralind og öll ljós í fundarherbergjum Kennaraháskólans.



**FRÁ TÓNLEIKUM ROGER WATERS** Exton sá um uppsetningu á sviði og hluta af ljósa- og hljóðkerfi tónleikanna.

Seljendur eru Óli Öder Magnússon, Sveinn Benediktsson og Ari Daníelsson. Eigendur Bongó eru Ívar Ragnarsson, fyrrverandi bassaleikari hljómsveitarinnar Risaeðlunnar og eftirsóttur hljóðmaður sem hefur einbeitt sér að hljóðvinnslu á leikhúsmarkaði og í söngleikjum á borð við Hafið bláa.

Sverrir segir kaupverð trúnaðarmál. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á fyrirtækinu en hjá því starfa 25 manns. *- jab*

# Gengið frá sölu Matas

Danska lyfjaverslanakeðjan Matas verður seld breska fjárfestingafélaginu CVC Capital. Kaupsamningurinn var naumlega samþykktur á hluthafafundi í Matas í gær.

CVC greiðir tæpa 66,5 milljarða íslenskra króna fyrir Matas. Danskir fjölmiðlar höfðu áður greint frá áhuga Baugs á Matas en nú er ljóst að ekkert verður af þeim kaupum.

Matas rekur 292 lyfjaverslanir víðsvegar um Danmörku. *-jsk*



**LÍFEYRISSJÓÐIR KAUPA ERLEND VERÐBRÉF** Hlutfall erlendra eigna er komið í 30 prósent af heildareignum.

# Erlend verðbréf í 400 milljarða króna

## Lífeyrissjóðir bæta hratt við sig erlendum eignum.

Erlend verðbréfaeign íslensku lífeyrissjóðanna hefur stóraukist það sem af er ári eða um eitt hundrað milljarða frá áramótum. Um áramótin áttu sjóðirnir 297 milljarða í erlendum eignum en í lok mars fór erlend verðbréfaeign yfir fjögur hundruð milljarða króna í fyrsta skipti í sögunni. Þetta er 34,7 prósenta aukning.

Við lok sama tímabils árið 2005 áttu sjóðirnir 237 milljarða króna erlendis og hafa erlendu eignirnar því aukist um 69 prósent á einu ári.

Lífeyrissjóðir miða fjárfestingar sínar í útlöndum aðallega við hlutabréf; af þessum fjögur hundruð milljörðum lágu þrjú hundruð í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum.

Heildareignir lífeyrissjóðanna námu í endaðan apríl um 1.345 milljörðum króna samkvæmt yfirliti frá Seðlabankanum en augljóst er að hlutfall erlendra eigna fer mjög vaxandi. Um áramótin var hlutfall erlendra eigna af heildareignum 24,6 prósent en í lok apríl var hlutfallið komið í tæp 30 prósent.

Aðstæður á erlendum hlutabréfamörkuðum voru hagstæðar á fyrstu mánuðum ársins auk þess sem veiking íslensku krónunnar jók verðmæti erlendra eigna í krónum talið. Gera má ráð fyrir að erlendar eignir haldi áfram að vaxa hlutfallslega en með réttri samsetningu verðbréfa getur helmingur eigna lífeyrissjóða verið erlendur. *- eþa*

**ERLENDAR EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐANNA**

| | Erlendar eignir* | %** |
|---|---|---|
| Jan. 2005 | 222 | 22,10% |
| Júlí 2005 | 264 | 24,10% |
| Des. 2005 | 297 | 24,60% |
| Jan. 2006 | 311 | 24,80% |
| Feb. 2006 | 331 | 25,70% |
| Mars 2006 | 371 | 28,10% |
| Apr. 2006 | 400 | 29,70% |

** Í milljörðum króna.*
***Hlutfall erlendra eigna af heildareignum*

# PLIVA hugnast best tilboð frá Bandaríkjunum

## Líkur hafa minnkað á að Actavis nái að ljúka einum af stærstu fyrirtækjakaupum Íslandssögunnar. Stjórn samheitalyfjafyrirtækisins PLIVA horfir til Barr Pharmaceuticals.

**Óli Kristján Ármannson**
skrifar

Króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA upplýsti í gær að stjórn þess litist best á kauptilboð bandaríska lyfjarisans Barr Pharmaceuticals í öll hlutabréf fyrirtækisins. Fyrirtækið hóf að meta stöðu sína eftir að Actavis lagði fram óbindandi kauptilboð í fyrirtækið 13. mars síðast liðinn.



Halldór Kristmannsson, yfirmaður innri og ytri samskipta hjá Actavis.

Actavis hefur boðið rúmlega 150 milljarða króna í fyrirtækið og Barr tæplega 170 milljarða. Tilboð Barr er þó háð því að Barr eignist yfir helmingshlut í félaginu. Söluferli PLIVA lýkur hins vegar ekki fyrr en eftir um mánuð og því ekki útilokað að Actavis bjóði betur. Greiningardeild Glitnis telur þó að verðið kunni að vera orðið það hátt að virðisaukning til hluthafa Actavis réttlæti ekki kaupin.

Zeljko Covic, forstjóri PLIVA, segir Barr vera besta kostinn hvað varði framtíðarvöxt fyrirtækisins. „Saman erum við viss um að verða eitt fremsta og farsælasta samheitalyfjafyrirtæki heims,“ segir hann, en PLIVA hyggur á landvinninga á sviði líftækni þar sem Barr hefur þegar náð fótfestu. Enn er þó nokkuð óljóst um fyrirætlanir bandaríska lyfjarisans og kunna hugmyndir þeirra um reksturinn að skipta máli þegar að því kemur að hluthafar PLIVA geri endanlega upp hug sinn. Bruce L. Downey, starfandi stjórnarformaður Barr, er þó ekki í vafa um hagkvæmni samrunans enda muni fyrirtækin saman hafa aðgang að mörkuðum beggja vegna Atlantshafsins og samlegðaráhrif við markaðssetningu nýrra lyfja væru veruleg.






**STJÓRNENDUR ACTAVIS** Róbert Wessman forstjóri og Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Actavis, sjást hér á aðalfundi félagsins í fyrra. Óvíst er hvernig fer með kaup fyrirtækisins á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA. Markaðurinn/Valli

Kaupin á PLIVA eru mjög umfangsmikil og falli þau á endanum Actavis í skaut verða þau með stærstu viðskiptasamningum Íslendinga og Actavis um leið þriðji stærsti framleiðandi samheitalyfja í heiminum.

Halldórs Kristmannsson, talsmaður Actavis, sagði verið að leggja á ráðin um næstu skref og kvaðst ekki getað tjáð sig um málið að sinni þegar leitað var eftir viðbrögðum hans í gær.


Hvað ætlar þú að gera þegar þú verður stór?

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2–4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.

spron VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spron.is






# Öflug og hagstæð vinnustöð á einstöku sumartilboði



**sumartilboð kr. 58.500**

## HP dx5150 borðtölva

- Örgjörvi: AMD 64bita X2 Athlon A4-3200 (2.0Ghz)
- Minni: 512MB (stækkanlegt í 4GB) DDR 400MHz
- Harður diskur: 40GB 7200rpm Serial ATA
- Drif: DVD 16x geisladrif
- Skjákort: AMD Radeon 9600 innbyggt VGA og DVI-D
- Netkort: Broadcom 10/100/1000 Wake on Lan
- Tengi: Serial, Parallel, 8 USB 2.0, Mic in, Line out
- Raufar: 2 Low Profile PCI, 1 Low Profile PCI Express
- Stýrikerfi: Windows XP Pro
- Ábyrgð: 1 ár á varahlutum, 1 ár á vinnu (val um 3ja ára ábyrgð með Carepack)

**www.ok.is**

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

**Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HP Búðin | Reykjavík | sími: 568 5400 | Stefna | Akureyri | sími: 464 2288 |
| Office1 | Skeifan | sími: 550 4100 | Opin kerfi | Reykjavík | sími: 570 1000 |
| Tölvuþjónustan | Akranes | sími: 575 9200 | NetX | Egilsstaðir | sími: 471 2011 |
| Samhæfni | Reykjanesbær | sími: 421 7755 | TRS | Selfoss | sími: 480 3300 |

OPIN KERFI

Sími 570 1000 • www.ok.is

# Sameining matvörukeðja í biðstöðu

## Kaupthing banki fjármagnar 27,5 milljarða samning breskra matvörukeðja.

Sameining bresku matvörukeðjanna Nisa og Costcutter er í uppnámi eftir að smærri hluthafar í Nisa sendu stjórnendum fyrirtækisins bréf þar sem sameiningunni var mótmælt. Kaupthing Banki fjármagnar viðskiptin sem sögð eru nema 27,5 milljörðum íslenskra króna auk þess að ráða einhverjum hluta bréfa í sameinuðu fyrirtæki.

Samtök smærri hluthafa í NISA segja sameininguna skuldsetja fyrirtækið um of auk þess sem stjórnendur fái óeðlilega stóran hlut í sameinuðu fyrirtæki. Mark nokkur Proudfoot fer fyrir smærri hluthöfum, en sá er kunnur fyrir að hafa kært matvörurisann Tesco fyrir breska samkeppniseftirlitinu.

Stjórn NISA hefur þó rétt fram sáttahönd og hefur boðið smærri hluthöfum fimmtíu og eitt prósent í sameinuðu fyrirtæki, en áður stóð til að hlutur þeirra yrði um fjörutíu prósent. Hlutur stjórnenda verður um þrjátíu prósent. - jsk



**VERSLUN COSTCUTTER Í YORK** Samtök smærri hluthafa í Nisa telja sameiningu við Costcutter ekki fýsilega. Kauthing Banki fjármagnar viðskiptin.

# Neytendur á báðum áttum

Væntingavísitala Gallup hækkaði um 4,3 prósent milli maí og júní og stendur nú í 100,8 stigum. Vísitalan hefur lækkað um tuttugu og sjö stig frá áramótum.

Um 25,3 prósent neytenda telja efnahagsástandið gott en 24,8 prósent telja það slæmt. Í sama tíma í fyrra taldi helmingur neytenda ástandið gott en einungis þrettán prósent sögðust svartsýnir.

Fram kemur á vef greiningardeildar Glitnis að þessi niðurstaða komi ekki á óvart í ljósi aukinnar verðbólgu, veikingar krónunnar, lækkunar hlutabréfaverðs, hækkandi vaxta, mikils viðskiptahalla og neikvæðrar umræðu um efnahagslífið.

Um fjörutíu prósent neytenda telja að efnahagsástandið verði verra eftir sex mánuði en einungis fimmtán prósent telja það verða betra. - jsk

# Hægir á einkaneyslu

Greiðslukortavelta í maí nam rúmum 58 milljörðum króna og hefur aukist um 12,6 prósent frá fyrra mánuði samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands.

Greiðslukortavelta innanlands nam tæpum 54 milljörðum og jókst um fjórtán prósent milli mánaða. Veltan hefur hins vegar dregist saman um 0,7 prósent miðað við maí í fyrra. Greiðslukortavelta erlendis dróst lítillega saman í maí.

Fram kemur á vef greiningardeildar KB banka að greiðslukortavelta hafi aukist um 0,9 prósent miðað við sama tíma í fyrra, en í apríl síðastliðnum hafi vöxtur greiðslukortaveltu hins vegar verið neikvæður um tæp sex prósent. Þetta þykir gefa vísbendingu um að heldur hafi hægst á einkaneyslu. - jsk



**GREIÐSLUKORT** Greiðslukortavelta í maí nam 58 milljörðum króna.











# Verður þriðja stærsta kvenfatakeðja Bretlands

## Aðeins Arcadia og New Look verða stærri en Mosaic í sölu á tískufatnaði til kvenna. Aukin umsvif eru á erlendum mörkuðum, einkum hjá Karen Millen, en dró úr sölu hjá Oasis.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Erfiður ársfjórðungur er að baki hjá Mosaic Fashions, sem rekur tískuverslunarkeðjurnar Coast, Karen Millen, Oasis og Whistles, en stjórnendur félagsins líta bjartsýnir fram á veginn. Eitt stærsta verkefnið framundan er samruni Mosaic og Rubicon Retail sem er regnhlíf yfir Shoe Studio Group, Principles og Warehouse. „Þetta er gríðarlega mikilvægur sóknarleikur hjá okkur og gerir félagið að stórum þátttakanda á þessum markaði," segir forstjórinn Derek Lovelock. Mosaic mun nærri tvöfaldast við samrunann, reka 1.700 eigin verslanir í 27 löndum og hafa 12.500 starfsmenn á sínum snærum.

Sameinað félag verður þriðji stærsti smásalinn með kvenfatnað á Bretlandseyjum á eftir Arcadia (TopShop/Dorothy Perkins) og New Look með sex kvenfatamerki og sjö skómerki. Áreiðanleikakönnun stendur nú yfir en Lovelock vonast til þess að eftir tvo til þrjá mánuði gangi félögin tvö í eina sæng. Í máli Richards Glanville, fjármálastjóra Mosaic, á kynningarfundi kom fram að eigendur Rubicon myndu annars vegar fá peninga og hins vegar hlutabréf en nákvæm skipting lægi ekki enn fyrir.

Sameinað félag er metið á um 80 milljarða króna og gerir það að áttunda verðmætasta félaginu í Kauphöll Íslands.

Hagnaður Mosaic Fashions var 800 þúsund pund á fyrsta ársfjórðungi, eða sem svarar 110 milljónum króna, og jókst um þriðjung frá fyrra ári. Velta samstæðunnar nam 98,4 milljónum punda (13,3 milljörðum króna) á sama tíma og jókst um ellefu prósent á milli ára. Framlegðarhlutfallið lækkaði úr 12,7 prósentum niður í 10,3 prósent.

Markaðsaðstæður voru erfiðar vegna óhentugs veðurfars á Bretlandsmarkaði og svo skilaði unga fólkið, sem eltir tískuna, sér ekki í þeim mæli sem vonast hafði verið en það er stærsti kúnnahópurinn. Það olli birgðasöfnun, fyrst og fremst hjá Oasis sem telur um 40 prósent af heildarveltu Mosaic Fashions og lækkaði bæði sala og framlegð hjá Oasis-verslunum. Hins vegar var mikil söluaukning hjá Karen Millen (+18%) og Coast (+45%) en þau eru samanlagt svipuð að stærð og Oasis.



**DEREK LOVELOCK, FORSTJÓRI MOSAIC FASHIONS** Eftir samrunann við Rubicon rekur félagið 1.700 verslanir í 27 löndum. Karen Millen hefur gengið sérstaklega vel í útrásinni.

Bætt veðurfar hefur skilað sér í aukinni sölu á öðrum ársfjórðungi.

Vaxtarbroddur Mosaic Fashions liggur á alþjóðlegum mörkuðum en sala jókst um þriðung á fyrsta ársfjórðungi rekstrarársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Nú er svo komið að 34 prósent af veltu samstæðunnar kemur erlendis frá sem er með því hæsta sem þekkist hjá breskum smásölukeðjum og koma vörumerki félagsins við sögu í 847 verslunum í 33 löndum. „Við höfum lagt á okkur mikla vinnu til gera okkur kleift að vaxa erlendis og taka stöðu á ýmsum svæðum. Karen Millen hefur náð frábærum árangri á erlendum mörkuðum og sækir enn í sig veðrið," segir Lovelock. Stefnt er að því að fjölga Karen Millen-verslunum í Þýskalandi og Bandaríkjunum auk þess sem vöxtur í Austur-Evrópu er fyrirhugaður á næstunni. Stefnt er að því að opna 54 nýjar verslanir í Bretlandi á þessu ári og 47 verslanir á öðrum mörkuðum.

# Moskva er dýrust borga

## Þrefalt dýrara er að búa í Moskvu en Asuncion í Paragvæ.

Moskva er dýrasta borg heims samkvæmt nýrri könnun ráðgjafafyrirtækisins Mercer Human Resource. Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, varð í öðru sæti, Tókýó í því þriðja og Hong Kong í fjórða. Lundúnir eru fimmta dýrasta borg heims.

Meginástæða þess að Moskva stökk úr fjórða sætinu í toppsætið milli ára er hækkun fasteignaverðs í borginni segir í skýrslu Mercer. Þá hefur mikil verðbólga í Rússlandi áhrif.

Skýrsla Mercer nær yfir hundrað fjörutíu og fjórar borgir í sex heimsálfum og metur kostnað við meira en tvö hundruð þætti. Könnunin tekur ekki til Reykjavíkur.

Asuncion, höfuðborg Paragvæ, er ódýrasta borg heims, rúmlega þrefalt ódýrari en Moskva. Austur-þýska borgin Leipzig er ódýrasta borg Evrópu.

Kaupmannahöfn er í áttunda sæti listans og Ósló í því tíunda, ásamt New York. - jsk

**DÝRUSTU BORGIR HEIMS**

| 2006 | 2005 | |
|---|---|---|
| 1. | 4. | Moskva (Rússlandi) |
| 2. | 5. | Seoul (Suður-Kóreu) |
| 3. | 1. | Tókýó (Japan) |
| 4. | 9. | Hong Kong (Kína) |
| 5. | 3. | Lundúnir (Bretlandi) |
| 6. | 2. | Osaka (Japan) |
| 7. | 6. | Genf (Sviss) |
| 8. | 8. | Kaupmannahöfn (Danm.) |
| 9. | 7. | Zürich (Sviss) |
| 10. | 10. | Ósló (Noregi) |

*Heimild: Mercer Human Resourcing*


GÓÐA
FERÐAHELGI
Farið varlega í umferðinni
www.heineken.is
Þökkum fyrir frábærar viðtökur á Heinekenleiknum.
Á næstunni koma inn nýir spilapeningar og splunkunýir vinningar:
Útileguvörur, tjöld, bakpokar, kælipokar, fatnaður frá Zo-on, gistingar, bíómiðar ofl. ofl.
Fylgist með á www.heineken.is
ENGAR
MÁLAMIÐLANIR
Njótum lífsins
TIL FULLS
Heineken®

# Veglegur bónus hjá Virgin

Breska flugfélagið Virgin Atlantic ætlar að greiða starfsfólki fyrirtækisins bónus sem nemur hálfum mánaðarlaunum þess. Tilefnið er tvöföldun á hagnaði fyrirtækisins á síðasta ári.

Hagnaður flugfélagsins fyrir skatta nam 41,6 milljónum punda, jafnvirði rúmlega 5,7 milljarða íslenskra króna, en það er tvöföldun á milli ára. Þá nam velta félagsins á síðasta ári 1,9 milljörðum punda eða rúmum 262 milljörðum íslenskra króna.

Steve Ridgeway, framkvæmdastjóri Virgin Atlantic, er hæstánægður með árangurinn en breska dagblaðið Guardian hefur eftir honum að starfsfólk fyrirtækisins hafi staðið sig vel þrátt fyrir hækkun á eldsneytisverði og harðnandi samkeppni.

Virgin Atlantic, sem er dótturfélag bresku Virgin-samstæðunnar, er sagt hafa kjaftað frá samráði breskra flugfélaga með þeim afleiðingum að bresk og bandarísk yfirvöld hófu að rannsaka nokkur flugfélög, meðal annars British Airways.

Flugfélögin eru grunuð um að hafa sammælst um að láta farþega greiða aukagjald til að vega upp á móti hærri eldsneytiskostnaði en bresk samkeppnislög kveða á um að félögum er óheimilt að láta samkeppnisaðila vita um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sinni. **- jab**



**RICHARD BRANSON** Stofnandi Virgin-samstæðunnar með líkan af einni vél Virgin Atlantic. MYND/AFP

# ESB grynnkar á víni

Evrópusambandið hefur ákveðið að verja sem nemur 275 milljörðum króna til vínframleiðenda innan aðildarríkja sambandsins til að koma vínuppskeru í lóg. Þetta er viðleitni sambandsins til að hjálpa til við að grynnka á sístækkandi „vínfljótinu“ svokallaða sem myndast hefur vegna samdráttar í sölu á vínum í álfunni. Þá verður vínframleiðendum sömuleiðis veittur fjárstuðningur til að bregða búi.

Helsta ástæða samdráttarins er minni víndrykkja á heimamarkaði, offramleiðsla á vínum og aukin sala á vínum frá Bandaríkjunum og Chile. Til að bregðast við aukinni samkeppni hafa evrópskir vínframleiðendur reynt að fjölga viðskiptavinum sínum utan Evrópusambandsins. Þær tilraunir hafa borið þann árangur sem horft var til.

Um 300 milljónum lítra af léttvíni frá Frakklandi, Ítalíu og Spáni verður samkvæmt ákvörðun ESB breytt í etanól og spíra fyrir lækna auk þess sem horft er til þess að skera niður framleiðslu á léttvíni í álfunni um tíu prósent fyrir árið 2011. **- jab**

# Aðför að spænsku karlrembunni

Spænska þingið samþykkti á dögunum ný lög sem stefna að því að jafna hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja í landinu. Fjölmörg fyrirtæki á Spáni hafa brugðist ókvæða við lögunum en samkvæmt þeim eru þau skikkuð til að hafa konur í 40 prósentum stjórnarsæta.

Þetta er stórt stökk frá því sem nú er en 3,8 prósent stjórnarmanna í almenningshlutafélögum á Spáni eru konur. Nái fyrirtæki ekki tilskyldum árangri eftir 8 ár eiga þau á hættu að missa samninga sína við spænska ríkið.

Þingið samþykkti fyrir nokkru lög sem jafna eiga vinnuframlag hjóna innan veggja heimilisins og segir breska dagblaðið Guardian nýju lögin stuðla að því að útrýma hinni landlægu karlrembu á Spáni. **- jab**



**FRÁ SPÆNSKA ÞINGINU** Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, og Maria Teresa Fernandez de la Vega, aðstoðarforsætisráðherra, ræða málin á spænska þinginu. MYND/AFP




Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-

Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-

Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-

Góður vinnufélagi

ARCTIC WEAR

Sími: 534-2900

Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

Prentsmiðja ehf



9,3%

Nafnávöxtun síðustu 3 ár, 9,3% á ári.*

SJÓÐUR 1 – ÖRUGG LANGTÍMAÁVÖXTUN

**Hentar þeim sem vilja spara í eitt ár eða lengur.**

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.

Sjóður 1 er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

GLITNIR


# Rússneska ríkið metur Rosneft á 6.100 milljarða

## Hluti bréfa í rússneska ríkisolíurisanum fer á markað um miðjan júlí. Ágóðinn verður nýttur til að greiða niður skuldir rússneska ríkisins.

**Jón Skaftason**
Skrifar

Markaðsvirði rússneska olíurisans Rosneft er 4.500 til 6.100 milljarðar íslenskra króna samkvæmt verðmati sem fyrirtækið lét framkvæma.

Hluti bréfa í Rosneft verður skráður á hlutabréfamörkuðum í Lundúnum og Moskvu um miðjan júlí. Forsvarsmenn fyrirtækisins vonast til að selja bréf fyrir um 1.500 milljarða króna. Verð á bréfunum er milli 450 til 600 íslenskar krónur á hlut.

„Við eigum von á mun meiri eftirspurn en framboði. Nú þegar hafa margar pantanir borist frá stórum og sterkum fagfjárfestum,“ lét Sergei Bogdanikhov forstjóri hafa eftir sér.

Rosneft er í dag næststærsta olíuvinnslufyrirtæki í Rússlandi og yfirlýst markmið er að verða það afkastamesta ekki síðar en árið 2010. Hagnaður Rosneft nam rúmum 270 milljörðum króna árið 2005 og rúmlega fimmfaldaðist frá árinu áður.

Stærstur hluti fyrirtækisins var áður í eigu rússneska olígarkans Michaels Kodorkovskí, sem nú situr í fangelsi í Síberíu. Kodorkovskí og fleiri voru árið 2004 neyddir til að selja hluti sína í Yukos til leppfyrirtækis sem síðar var yfirtekið af Rosneft, sem þá var miðlungsstórt olíufyrirtæki í eigu rússneska ríkisins.

Gagnrýnendur höfðu mjög á móti afskiptum rússneska ríkisins af Rosneft og sögðu fyrirtækið í raun hafa verið þjóðnýtt. Margir fjárfestar líta þó þátttöku rússneska ríkisins jákvæðum augum, innheimta skatta hljóti að verða á hófsömum nótum og leiðin að opinberu leyfi greið. Þá þykir uppsett verð tiltölulega hagstætt.




**PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI Í HÖFUÐSTÖÐVUM ROSNEFT** Rosneft varð til við kaup rússneska ríkisins á Yukos, fyrirtæki Michaels Kodorkovskí. Gagnrýnendur sögðu fyrirtækið hafa verið þjóðnýtt og kaupverðið aðeins til málamynda.

Vladimír Pútin, Rússlandsforseti, hefur gefið það út að það fé sem safnast í hlutafjárútboðinu verði notað til niðurgreiðslu erlendra skulda rússneska ríkisins.

Nýlega var tilkynnt að Rosneft hefði hagnast um tæpan 61 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

# Buffett deilir út auðnum

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett ætlar að gefa 37 milljarða dollara, jafnvirði 2.800 milljarða íslenskra króna, til velgjörðasjóðs bandaríska hugbúnaðarmógúlsins Bill Gates. Þetta er meirihluti auðæfa Buffetts en eigur hans eru metnar á 44 milljarða dali eða rúma 3.300 milljarða króna. Sjóður Gates veitir styrki til heilbrigðis- og menntamála um allan heim.



**BUFFETT OG GATES** Þeim Warren Buffett og Bill Gates hafa þekkst í mörg ár en þeir spila stundum brids saman. MYND/AFP

Þá ætlar Buffett einnig að stofna styrktarsjóð í nafni eiginkonu sinnar, Susan Thompson Buffett, sem lést fyrir tveimur árum.

Að sögn viðskiptatímaritsins Forbes er þetta stærsta gjöf sem nokkrum styrktasjóði hefur hlotnast í Bandaríkjunum.

Warren Buffett er annar ríkasti maður í heimi. Hann verður 76 ára í ágústlok og oft nefndur „spekingurinn frá Omaha“ vegna hæfileika sinna í fjárfestingum. Hann flaggar lítt auðæfum sínum og hefur búið í sama húsinu í fæðingarbæ sínum í Omaha í Nebraska síðastliðin 49 ár.

Ákvörðunina mun Buffett hafa tekið í kjölfar þess að Gates, sem er ríkasti maður í heimi, greindi frá því fyrir nokkru að hann hygðist hætta daglegum afskiptum af rekstri Microsoft og beina kröftum sínum að verkefnum góðgerðasjóðsins. **- jab**


Tjöld
2ja - 6 manna
verð frá 4.900 kr.
Göngustafir
fyrir alla
verð frá 2.990 kr.
VAUDE AUTHENTIC OUTDOOR GEAR
Svefnpokar
fyrir allar aðstæður
verð frá 7.900 kr.
VAUDE AUTHENTIC OUTDOOR GEAR
Bakpokar
15-70 l, verð frá 1.900 kr.
Það sem þú þarft
og meira til!
Hengill
göngubuxur
8.650 kr.
Glymur
öndunarjakki
29.990 kr.
Glymur
Softshell, dömu
19.950 kr.
Tindur
Technical
16.950 kr.
Vík
Powerstrech
9.700 kr.
Merino ullarnærföt
bolur 5.900 kr.
buxur 4.900 kr.
KEEN
Gönguskór
margar gerðir
VAUDE AUTHENTIC OUTDOOR GEAR
Hitabrúsar
þrjár stærðir
Prímusar og pottar
mikið úrval
Ljós og mælar
í miklu úrvali
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32
ÚTIVISTARBÚNAÐUR: Faxafen 12, Reykjavík - Glerárgata 32, Akureyri
66° NORÐUR

# Var Stoke bara djók?

**Stoke Holding seldi nýlega eignarhlut sinn í enska knattspyrnufélaginu Stoke City. Mikil eftirspurn var eftir bréfum í félaginu á sínum tíma og íslensku fjárfestunum var fagnað sem hetjum í Stoke on Trent. Smærri fjárfestar brosa þó ekki lengur enda fá þeir tæpan fjórðung upphaflegrar fjárfestingar útgreiddan. Sala félagsins var útlistuð fyrir hluthöfum og tilkynnt um slit Stoke Holding á tíu manna lokuðum hluthafafundi á Grand hóteli. *Jón Skaftason* sat fundinn og varð ekki var við lófaklapp að honum loknum.**

Eignarhaldsfélagið Stoke Holding keypti árið 1999 sextíu og sex prósenta hlut í enska knattspyrnufélaginu Stoke City. Kaupverðið var um 1,1 milljarður íslenskra króna. Auk þess var tekið rúmlega 340 milljóna króna lán í nafni Stoke Holding. Í upphafi ríkti mikil bjartsýni; aðdáendur Stoke tóku íslensku fjárfestunum fagnandi og veifuðu þúsundum íslenskra fána á fyrsta heimaleik liðsins eftir kaupin. Fimmtudaginn síðastliðinn var hluthöfum formlega tilkynnt um sölu á eignarhlut Stoke Holding og að félaginu yrði í kjölfarið slitið. Fundurinn, sem haldinn var á Grand hóteli í Reykjavík, var fásóttur; þrír stjórnarmenn í Stoke Holding létu sjá sig, auk framkvæmdastjórans, níu almennra hluthafa og blaðamanns.

Peter Coates, stjórnarmaður og fyrrum eigandi Stoke, keypti eignarhlut Íslendinganna á tæpa 620 milljarða, auk greiðslna er velta á framtíðargengi liðsins. Gunnar Þór Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður, kvaðst þó síður búast við því að þær greiðslur skiluðu sér að undanskildum tæpum 69 milljónum króna sem væntanlegar væru að lokinni áreiðanleikakönnun.

Kaupsamningur Íslendinganna og Coates er nokkuð flókinn. Fram kom í máli Gunnars Þórs að gangi allt upp megi hluthafar vænta allt að nítíu prósenta af nafnvirði hlutafjár. Til að svo verði þarf Stoke City að komast upp í ensku úrvalsdeildina innan fimm ára og halda sér þar í það minnsta eitt tímabil. Þá fær Stoke Holding helming af söluvirði fjögurra leikmanna, Íslendingsins Hannesar Sigurðssonar meðal annarra, fari svo að þeir verði seldir frá Stoke City. Loks gat Stoke Holding átt von á skaðabótum vegna gjaldþrots sjónvarpsfyrirtækisins ITV Digital. Nú er hins vegar ljóst að af því verður ekki.

„Menn skulu ekki búast við meira en þrjátíu prósentum af nafnvirði hlutafjár. Restin er vonarpeningur," sagði Gunnar Þór, sem talaði hreint út á hluthafafundinum.

Stoke Holding, sem skráð er í Lúxemborg, verður formlega viðhaldið næstu fimm árin til að taka við hugsanlegum greiðslum. Félagið verður síðan formlega lagt niður. Stjórnarmönnum í Stoke Holding verður fækkað úr sjö í þrjá; eftir sitja þeir Gunnar Þór, Magnús Kristinsson og Júlíus Bjarnason. Hlutafé í félaginu verður minnkað um þrjátíu prósent. Framkvæmdastjóri Stoke Holding er sem fyrr Lárus Sigurðsson.



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Í FULLUM SKRÚÐA** Greinilegt var að margir smærri hluthafa keyptu í Stoke Holding vegna Guðjóns. „Maður lagði fullt af peningum í þetta og fékk ekki einu sinni skitinn boðsmiða að launum. Ég keypti bara vegna Gauja Þórðar, en hann staldraði ekki lengi," sagði einn.



**ÍSLENDINGUNUM FAGNAÐ Á BRITANNIA-LEIKVANGINUM** Þúsundum íslenskra fána var veifað á fyrsta heimaleik Stoke City eftir yfirtöku Íslendinganna. Þessi patti var greinilega hæstánægður með nýju eigendurna.

**KEYPTI VEGNA GAUJA ÞÓRÐAR**

Stærstu hluthafar í Stoke Holding eru Kaupthing Luxembourg SA, KB banki og Magnús Kristinsson fjárfestir úr Vestmannaeyjum. Um fimm prósent af heildarhlutafé KB banka í Stoke Holding var selt á almennu hlutafjárútboði á genginu 1,3. Fagfjárfestar keyptu á genginu 1,0.

Af þessu má vera ljóst að gangi spá Gunnars Þórs eftir fá smærri fjárfestar, sem keyptu á genginu 1,3, um tuttugu og þrjú prósent upphaflegrar fjárfestingar aftur í vasann.

Þeir fáu hluthafar sem létu sjá sig á fundinum voru greinilega ósáttir og töldu sig jafnvel illa svikna. Einn hafði sig áberandi mest í frammi og greip hvað eftir annað fram í fyrir Gunnari Þór. „Við fengum aldrei neinar upplýsingar um hvernig reksturinn gengi. Maður lagði fullt af peningum í þetta og fékk ekki einu sinni skitinn boðsmiða að launum. Ég keypti bara vegna Gauja Þórðar, en hann staldraði ekki lengi," sagði maðurinn og vísaði til Guðjóns Þórðarsonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara sem þjálfaði Stoke City fyrst um sinn eftir kaup Íslendinganna.

Gunnar Þór Gíslason kvaðst gera sér grein fyrir því að menn hefðu orðið fyrir vonbrigðum. Öllum hefði verið ljóst að um var að ræða áhættufjárfestingu, sem því miður hefði ekki gengið upp. Hann bað fundarmenn um að setja hlutina í samhengi. „Ef menn hefðu keypt í DeCode á sama tíma sætu þeir uppi með tíu prósent nafnvirðis. Hér getum við vænst þrjátíu prósenta. Þannig má segja að kaup á bréfum í Stoke hafi verið þrisvar sinnum betri fjárfesting en í DeCode."

Gunnar Þór taldi einkum fjórar ástæður fyrir því að fjárfestingin gekk ekki upp. Félagið hefði fyrir það fyrsta verið of dýru verði keypt. „Ef við hefðum haft þolinmæði til að bíða í tvo mánuði hefði verðið lækkað. Menn voru bara ekki tilbúnir til þess."

Í annan stað hefði gjaldþrot sjónvarpsfyrirtækisins ITV Digital komið afar illa við Stoke, eins og flest neðri deildar félög á Englandi. Öruggar tekjur vegna sjónvarpsréttar hefðu horfið eins og hendi væri veifað. Þá sagði Gunnar Þór að félagið hefði eytt of löngum tíma í annarri deild, en Stoke komst upp árið 2001 og spilaði því í þrjú ár í annarri deild (C-deild) ensku knattspyrnunnar.

Loks sagði Gunnar Þór áætlanir um að kaupa unga og efnilega íslenska leikmenn og selja þá síðan áfram með hagnaði hefðu ekki gengið sem skyldi. Þeir Íslendingar sem komu til félagsins hefðu ekki verið betri en þeir sem fyrir voru. „Það var enginn hagnaður af íslensku leikmönnunum. Það sem helst gekk vel voru leikmannaviðskipti með erlenda leikmenn, þá seldum við marga hverja með hagnaði." Gunnar Þór sagði þó ekki endilega við leikmennina sjálfa að sakast. Á tímabili hefði starfað knattspyrnustjóri hjá félaginu sem hreinlega vildi ekki íslenska leikmenn. „Kannski voru það okkar helstu mistök að láta Tony Pulis ekki fara fyrr." Tony Pulis tók við starfi knattspyrnustjóra af Guðjóni Þórðarsyni.



**GUNNAR ÞÓR GÍSLASON, FYRRVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR** Gunnar Þór gegndi stöðu stjórnarformanns allt frá 1999. Hann sagði Stoke hafa verið áhættufjárfestingu sem því miður hefði ekki gengið sem skyldi.

**DRAUMURINN UM ÚRVALSDEILDARSÆTIÐ**

Gunnar Þór Gíslason gegndi starfi stjórnarformanns knattspyrnufélagsins Stoke City í sjö ár. Á þeim árum má segja að gengi félagsins hafi verið upp og ofan. Stoke komst upp í fyrstu deild vorið 2001 og vann bikarkeppni neðri deildar liða ári áður. Stoke bjargaði sér naumlega frá falli á fyrsta ári sínu í fyrstu deildinni en hefur síðan siglt lygnan sjó um miðja deild.

Félagið hefur á þessum sjö árum haft þrjá knattspyrnustjóra. Samningur Guðjóns Þórðarsonar var ekki endurnýjaður eftir þriggja ára starf. Englendingurinn Tony Pulis tók við af Guðjóni en honum og íslensku stjórnarmönnunum kom ekki saman og var látinn fara. Gamli hollenski landsliðsmaðurinn Johan Boskamp stýrði skútunni síðustu tvö tímabilin.

Gunnari Þór var tíðrætt um þá gríðarlegu fjárhagslegu gjá sem er milli liða sem spila í ensku úrvalsdeildinni og neðri deildar liðanna. Ávinningur af því að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni væri gríðarlegur en oft er talað um að sætið eitt og sér sé um þriggja milljarða króna virði. Gunnar upplýsti fundarmenn um að á þarsíðasta tímabili hefði verið ákveðið að láta slag standa og leggja allt í sölurnar; dýrir leikmenn hafi verið keyptir og meira fé lagt til launamála. Allt hafi hins vegar komið fyrir ekki og liðið endað um miðja deild, þrátt fyrir góða byrjun.

Eftir nýliðið tímabil hafi ákvörðun verið tekin um að selja hlut Stoke Holding í félaginu. Til þess að halda rekstrinum áfram eitt tímabil til viðbótar hefði þurft að safna um þrjú hundruð milljónum króna. Hins vegar væri þrautinni þyngra að nálgast lánsfé og menn hefðu ekki verið tilbúnir að leggja frekar fé í félagið. „Það var í raun einfild ákvörðun að leita kaupanda," sagði Gunnar Þór. Hann sagði að yfir árin hefðu borist nokkrar fyrirspurnir um kaup á Stoke City en aldrei neitt sem hefði freistað. Gunnar sagðist telja að tilboð Peter Coates hefði verið vel ásættanlegt miðað við hvernig komið var.



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR




# Upplifðu Ísland

## með Iceland Excursions Allrahanda - Gray Line Iceland

Iceland Excursions Allrahanda - Gray Line Ísland býður til þjónustu einn yngsta hópferðabílaflota á Íslandi, þar sem öryggi og þægindi fara saman.
Við erum aðilar að viðskiptasérleyfi Gray Line sem eru stærstu samtök í heimi á sviði skoðuna- og pakkaferða. Það tryggir fyrsta flokks gæði og ábyrga þjónustu.

Hafið samband og fáið okkar aðstoð til að setja saman ferð að ykkar þörfum.

Icelandexcursions
GRAY LINE ICELAND

GRAY LINE ®

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS
www.ferdalag.is

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími: 540 1313 · Fax: 540 1310
www.ruta.is · ruta@ruta.is

**ÞRIÐJA KYNSLÓÐ Í FARSÍMATÆKNI**
Þrjú fjarskiptafyrirtæki hér á landi skoða nýjustu kynslóð í farsímatækni. Ísland er á eftir nágrannaþjóðunum í innleiðingu byltingarinnar sem felst í þriðju kynslóð í farsímatækni.



# Hlustað eftir nýrri farsír

## Sex ár eru síðan fyrst var farið að ræða um þriðju kynslóð farsíma hér á landi. Tæknir leikarnir margfaldir á við það sem áður hefur þekkst. Lítið bólaði hins vegar á þessari viku. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson lagði við hlustir um möguleikana sem felast í þrið

Í síðustu viku var greint frá því að fjarskiptafyrirtæki í eigu fjárfestingafélagsins Novator hafi fengið tilraunaleyfi hjá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til að nýta UMTS-tíðni til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis. Fyrirtækið hyggst hefja rekstur í ágúst en leyfið er til níu til tólf mánaða.

Hinir risarnir á farsímamarkaðnum, Síminn og Og Vodafone, hafa kannað markaðinn og hafa sömuleiðis á takteinum að sækja um tilraunaleyfi. Þótt fjarskiptafyrirtækin hafi tilraunaleyfi upp á vasann er ekkert fast í hendi. Kvaðir fyrir rekstri kerfisins eru miklar og getur PFS ákveðið að úthluta engu fjarskiptafyrirtækjanna tíðni á UMTS-tíðni til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis.

En hvað felst í byltingunni sem boðuð er með tækninni?

**MUNUR Á MISMUNANDI FARSÍMATÆKNI**

| Kynslóðir | bandbreidd | Nýting umfram tal |
|---|---|---|
| 1. | 8,9 kb/s | NMT-langdræga farsímanetið. Gagnaflutningur. Hliðrænt. |
| 2. | 14,2 kb/s | GSM og PDC. SMS, WAP og gagnaflutningur. Stafrænt |
| 2,5. | 52 kb/s | m.a. Gprs og EDGE. Myndsendingar, tölvupóstur og hægt ráp á netinu. stafrænt + IP. |
| 2,5. | 384 kb/s | Streymi á myndum, hægvirk skrifstofuvinna möguleg yfir símtengingu. Stafrænt + IP. |
| 3. | 64 Kb/s-2 Mb/s | IMT-2000, UMTS. Talsamskipti með IP-tækni og samræður í lifandi mynd. Stafrænt + IP. |
| 4. | Allt að 100 mb/s | Möguleikar á sítengingu við skrifstofuna óháð staðsetningu. IP-tenging. |

**HVAÐ FELST Í ÞRIÐJU KYNSLÓÐINNI?**
Tvö farsímakerfi eru rekin hér á landi sem veita talsímaþjónustu og háhraðaþjónustu að hluta. Kerfin eru annars vegar hliðrænt kerfi (NMT) og hins vegar stafræn kerfi (GSM 900 og DCS 1800). Hliðræna kerfið er skilgreint sem fyrsta kynslóð en stafræna kerfið sem önnur kynslóð. Á milli annarrar kynslóðar og þeirrar þriðju er svokölluð 2,5 kynslóð en það eru háhraðanet á borð við EDGE-, CDMA- og GPRS-tækni.

Með tilkomu þriðju kynslóðar í farsímatækni er um að ræða umtalsverða byltingu í gagnaflutningi en slíkt opnar fyrir nýja möguleika á samskiptum með háum bitahraða. Þessi þriðja kynslóð er ekki bundin ákveðinni tækni en Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa ákveðið að nota UMTS-farsímakerfið (Universal Mobile Telecommunications System) fyrir þriðju kynslóðina.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka þjónustu fyrir þriðju kynslóð í farsímatækni geta veitt margvíslega þjónustu á UMTS-tíðnisviðinu. Auk hefðbundinnar grunnþjónustu á borð við hágæðatalsamband, faxsendingar, myndsíma og gagnaflutning með miklum hraða getur netið ráðið við margmiðlun, þjónustu í mismunandi umhverfi, veitt virkan aðgang að internetinu, staðarnetum og annarri IP-staðlaðri þjónustu.

Notendabúnaður fyrir þriðju kynslóð í farsímatækni er fullkomnari en núverandi GSM-búnaður. Þar er lögð áhersla á stóran skjá vegna aukins gagnaflutnings en símarnir og búnaðurinn verður líkari litlum tölvum en þeim farsímum sem eru í notkun í dag.

# Með reynslu frá öðrum löndum

Fjarskiptafyrirtæki í eigu fjárfestingafélagsins Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur í bígerð að hefja alhliða fjarskiptaþjónustu hér á landi í samstarfi við Industria og Orkuveitu Reykjavíkur.

Novator hefur byggt upp mikla reynslu af uppsetningu og rekstri þriðju kynslóðar farsímakerfa í Tékklandi, Búlgaríu og Póllandi.

Að sögn Tómasar Ottós Hanssonar, framkvæmdastjóra hjá Novator, hefst rekstur í ágúst. Í tilraunaleyfinu felst heimild til allt að árs til að setja upp búnað og prófa fjarskiptakerfið. Fyrirtækinu er ekki heimilt að selja þjónustuna fyrr en endanlegt leyfi liggur fyrir. Slíkt gæti ekki orðið fyrr en eftir mitt næsta ár.



**BJÖRGÓLFUR THOR** Fjarskiptafyrirtæki í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar mun hefja tilraunarekstur með þriðju kynslóðar farsímakerfi eftir tæpa tvo mánuði.
MYND/VILHELM



# atækni

er sögð bylting enda mögu-
byltingu fyrr en í síðustu
u kynslóð farsímatækni.

**KYNSLÓÐASKIPTI Á ÍSLANDI**

Þessi bylting í farsímatækni var nokkuð ítarlega rædd á Alþingi sem og víða um heim um síðustu aldamót. Fyrir utan þá miklu möguleika sem tæknin býður upp á var helsta ástæðan útlit fyrir skort á tíðnisviði fyrir farsímafyrirtækin. Í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu Landssíma Íslands árið 2001 kemur fram að tvær leiðir hafi verið notaðar við úthlutun tíðnisviða. Annars vegar var farin verðútboðsleið þar sem fyrirtæki buðu í leyfin en hins vegar var fariðsamanburðarútboð og horft til gæða þjónustunnar sem fjarskiptafyrirtækin voru tilbúin til að bjóða. Í síðasttöldu leiðinni var ekki horft á það verð sem fyrirtækin buðu.

Bretar, Hollendingar, Þjóðverjar, Svisslendingar, Portúgalar, Danir, Austurríkismenn og Belgar fóru verðútboðsleiðina en Finnar, Spánverjar, Norðmenn, Svíar, Írar, Frakkar og fjarskiptafyrirtæki í Lúxemborg fóru í samanburðarútboð. Beinar tekjur hins opinbera hafa verið miklar í þeim löndum þar sem verðútboð var haldið og greitt fyrir rekstrarleyfi. Í þeim löndum þar sem var samanburðarútboð miðuðust tekjur af kostnaði við umsýslu og þjónustu sem innt er af hendi af hálfu ríkisins.

Ekki var ákveðið á þessum árum hvaða leið yrði farin hér á landi en ljóst var að greiðsla fyrir tíðniúthlutun og uppbygging kerfisins gat orðið ærið kostnaðarsamt skref fyrir fjarskiptafyrirtækin. Þegar netbólan sprakk skömmu eftir aldamótin lentu mörg erlend fjarskiptafyrirtæki í vandræðum og féll umræðan niður að mestu hér á landi. Uppbygging þriðju kynslóðar farsímanets hélt hins vegar áfram í löndum utan landsteinanna þrátt fyrir erfiðleikana.

**ÚTHLUTUN TIL 15 ÁRA FYRIR 190 MILLJÓNIR**

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði stýrihóp í byrjun árs 2004 sem vann að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005 til 2010. Þar kemur fram að farsímatæknin hafi verið innleidd í nokkrum löndum, meðal annars í Japan þremur árum fyrr.

Sturla lagði svo fram frumvarp til laga um þriðju kynslóð í farsímatækni í október sama ár og varð það að lögum í febrúar næsta ár. Í lögunum er kveðið á um að PFS skuli úthluta tíðnum á UMTS-sviði sem bjóði upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu að undangengnu útboði og gildi úthlutunin í 15 ár.

Lágmarkskröfur hvers fjarskiptafyrirtækis (rétthafa) er að þjónustan nái til 60 prósenta íbúa í öllum landshlutum. Þetta er ströng kvöð og eru forsvarsmenn símafyrirtækjanna sammála um að hún sé strangari en úthlutun fyrir hefðbundna gsm-tíðni hér á landi. Þetta gerir fyrirtækjunum erfiðara um vik að standast skilyrðin.

**EKKI UNDIR 40 MILLJÓNUM**

Ekki liggur ljóst fyrir hversu hátt gjald fjarskiptafyrirtækin þurfa að greiða fyrir úthlutun UMTS-tíðnisviðsins. Í lögum um þriðju kynslóð í farsímatækni segir að fyrir hverja tíðniúthlutun skuli greiða 190 milljónir króna. Þar af skuli greiða 5 milljónir þegar tíðni hafi verið úthlutað en eftirstöðvar greiðist með fjórum jöfnum greiðslum. Þessu til viðbótar mun hver rétthafi greiða 4 milljónir króna.

Það er fjarri að þetta sé endanlegt gjald því heimild er fyrir því að veita 10 milljón króna afslátt fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60 prósent útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Gjaldið skuli þó aldrei verða lægra en 40 milljónir króna, líkt og segir í lögunum. Þá segir ennfremur að PFS geti úthlutað allt að fjórum bjóðendum UMTS-tíðnina.

Í útboðslýsingu laganna segir að hvert fjarskiptafyrirtæki megi aðeins leggja fram eitt boð í UMTS-tíðnisviðið en PFS geti hafnað tilboði ef það er ekki í samræmi við útboðslýsingu eða ef bjóðandi leggur ekki fram upplýsingar eða gögn sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynleg til þess að leggja mat á tilboðið. Þá getur PFS sömuleiðis hafnað tilboði frá fyrirtækjum sem eiga ráðandi hlut í öðrum fyrirtækjum sem leggja fram tilboð í rekstur sviðsins.

Í tilboðum fyrirtækjanna þarf að leggja fram viðskiptaáætlun sem miðast við að bjóðandi byggi upp net sitt sjálfur, áætlun um útbreiðslu netsins og þjónustu bæði eftir mannfjölda og svæðum, áætlun um hraða við uppbygginguna nets og áætlun um frágang mannvirkja.

Komi engin tilboð í tíðniúthlutunin þá kveða lögin á um að þremur fyrirtækjum hið mesta verði úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi.

**TÆKNIBYLTING Í ÖÐRUM LÖNDUM**

Allt frá því umræða um þriðju kynslóð í farsímatækni hófst í kringum síðustu aldamót hefur fjöldi landa tekið hana upp á sína arma.

Japanska fjarskiptafyrirtækið DoCoMo ruddi brautina með rekstri farsímanetsins í Japan árið 2001 og Og Vodafone þar í landi fylgdi á eftir næsta ár. Sprenging varð í rekstri þriðju kynslóðar í farsímatækni eftir þetta en við lok árs 2004 buðu 70 fjarskiptafyrirtæki viðskiptavinum sínum upp á tæknina um allan heim.

Japanska fyrirtækið DoCoMo hefur í raun markað brautina fyrir önnur farsímafyrirtæki en það hóf tilraunarekstur á fjórðu kynslóð farsímanets og hyggst taka kerfið í notkun árið 2010. Í sömu sporum eru Kínverjar og Indverjar, sem sleppa innleiðingu þriðju kynslóðar og fara beint úr stafræna kerfinu yfir í rekstur fjórðu kynslóðar farsímanets.

**ER MARKAÐUR FYRIR TÆKNINA?**

Þótt tækninni hafi fleytt fram undanfarin ár þá er ekki með fullu vitað hver komi til með að nýta sér kynslóðaskipti í farsímatækni.

Í lok maímánaðar voru farsímanotendur 2,4 milljarðar talsins um allan heim, samkvæmt upplýsingum markaðsrannsóknafyrirtækisins Informa Telecoms & Media. Af þeim eru notendur stafræna kerfisins (2. kynslóðar í farsímatækni) sem nota hefðbundna farsímaþjónustu langflestir, eða 1,89 milljarðar talsins og tæplega 79 prósent allra farsímanotenda. Þeir sem nýta sér háhraðanet, svokallaða 2,5 kynslóð í farsímatækni, eru mun færri eða 18,3 prósent farsímanotenda. Þá nýta 64,8 milljónir farsímanotenda sér þriðju kynslóð í farsímatækni á UMTS-tíðni eða einungis rúm 2,7 prósent farsímanotenda á heimsvísu. Þessu til samanburðar má nefna að tæplega 300.000 farsímar voru í notkun hér á landi við lok síðasta árs.

Séu erlendu tölurnar um notkun farsíma sem styðja við þriðju kynslóð í farsímatækni yfirfærðar á Ísland má segja að 8.100 farsímaeigendur muni nota hana hér. Tölunum ber hins vegar að taka með þeim fyrirvara því um talsverða kynslóðaskipti í gagnaflutningum er að ræða auk þess sem landsmenn hafa löngum verið þekktir fyrir að flykkjast að öllu tæknilegu nýjabrumi. Notendur þriðju kynslóðar í farsímatækni gætu því hæglega orðið hlutfallslega mun fleiri en gerist í öðrum löndum.

**Með tilkomu þriðju kynslóðar í farsímatækni er um að ræða umtalsverða byltingu í gagnaflutningi en slíkt opnar fyrir nýja möguleika fyrir samskiptum með háum bitahraða.**

## Síminn hefur skoðað kynslóðaskiptin



**BRYNJÓLFUR BJARNASON** Forstjóri Símans segir fyrirtækið hafa kannað búnað fyrir þriðju kynslóð farsímakerfis í fyrra. MYND/RÓBERT

Brynjólfur Bjarnason segir margs konar tækni hafa þróast eftir að fyrst var rætt um þriðju kynslóð í farsímatækni. „Við höfum fikrað okkur að þriðju kynslóðinni," segir Brynjólfur og bendir á að menn hafi skoðað tækni á borð við CDMA- og WiMax háhraðatengingar.

„Við gerðum forkönnun á verði tækjabúnaðar hjá þremur birgjum í fyrra og höfum ákveðna fjárfestingarhugmynd," segir hann. Kostnaður við uppbygginguna kerfisins hljóp á árum áður á milljörðum króna en hefur lækkað mikið þótt það sé enn hátt að hans sögn.

Aðspurður hvort Síminn ætli að sækja um tilraunaleyfi fyrir rekstur þriðju kynslóðar farsímakerfis segir Brynjólfur að fyrirtækið sé vel undirbúið. „Þetta er mál sem tekur sinn tíma. Við vitum hvað þarf til rekstursins og höfum leitað tilboða," segir forstjóri Símans.

## Og Vodafone sækir um tilraunaleyfi




**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON** Forstjóri Og Vodafone segir líklegt að fyrirtækið sæki um tilraunaleyfi fljótlega. MYND/GVA

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, segir fyrirtækið hafa átt í viðræðum við Póst- og fjarskiptastofnun um tilraunaleyfi fyrir prófanir með kerfi fyrir þriðju kynslóð í farsímatækni, leitað til erlendra aðila um kaup á tækjabúnaði og kynnt sér þá reynslu sem Og Vodafone hefur af tækninni erlendis.

„Við erum alveg sannfærð um að þjónustan muni á einhverjum tíma verða innleidd hér á landi," segir Árni og bætir við að nokkuð sé í að UMTS-tíðni í viðskiptalegum tilgangi verði úthlutað hér.

„Við erum tilbúin fyrir tæknina og líklegt að við sækjum um tilraunaleyfi fljótlega," segir forstjóri Og Vodafone.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Útspil ríkisstjórnarinnar til að hemja verðbólgu dugir ekki eitt og sér:

# *Megrun krefst þátttöku fleiri*

**Hafliði Helgason**

Samkomulag Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins var mikilvægt framlag þessara samtaka til að koma böndum á verðbólguna. Ríkisstjórnin gerði það sem gera þurfti til að tryggja að þetta samkomulag næðist.

Ef einhverjir skyldu nú halda að útspil ríkisstjórnarinnar hafi verið hagstjórnaraðgerð, þá er það mikill misskilningur. Ríkisstjórning tók einfaldlega upp tékkheftið og skrifaði stóra ávísun. Hún stílaði hana svolítið öðruvísi en boðað hafði verið. Í stað tveggja prósenta skattalækkunar kom hækkun persónuafsláttar og eitt prósent skattalækkun. Það var allt og sumt.

Sú skattalækkun sem vonir manna stóðu til að yrði frestað kemur til framkvæmda eins og boðað hafði verið. Þessir fjármunir fara því út í hagkerfið ef ekki er gripið til annarra ráðstafana og kynda undir frekari þenslu og verðbólgu. Áhrifin eru því öfug miðað við það sem ætla mætti að væri vilji ríkisstjórnar sem vill stöðugleika í hagkerfinu.

**„Sveitarfélögin hafa ekki axlað þá ábyrgð sem nauðsynleg er á slíkum þenslutímum. Yfirlýsingar í kjölfar kosninga hafa heldur ekki bent til þess að hjá stærstu sveitarfélögunum væri sérstök meðvitund um þann efnahagsveruleika sem við búum við um þessar mundir.“**

Það var því mikilvægt að ríkisstjórnin sendi loksins út skilaboð um að bregðast þyrfti við stöðunni í efnahagsmálum. Þar er stigið skref til baka með lánshlutfall og hámarkslán Íbúðalánasjóðs og útboðum á vegum ríkisins frestað.

Þá er ekki síður mikilvægt að ríkisstjórnin hyggst hefja viðræður við sveitarfélögin með það að markmiði að dregið verði úr fjárfestingum þeirra. Sveitarfélögin hafa ekki axlað þá ábyrgð sem nauðsynleg er á slíkum þenslutímum. Yfirlýsingar í kjölfar kosninga hafa heldur ekki bent til þess að hjá stærstu sveitarfélögunum væri sérstök meðvitund um þann efnahagsveruleika sem við búum við um þessar mundir.

Við búum í þeim hluta heimsins þar sem ofgnótt verður okkur að fjörtjóni, en ekki skortur. Sama gildir um stöðu efnahagsmála. Líkt og með líkama okkar getur sá ofvöxtur sem við glímum við í efnahagslífinu valdið okkur varanlegu tjóni. Það er því mikill ábyrgðarhluti að taka ekki þátt í þeirri megrun sem enn á að geta verið átakalítil. Afleiðing þess að skorast undan getur kallað á alvarleg inngrip síðar.

Sveitarfélögunum ber því að taka þessari ábyrgð af fullri alvöru og slá af framkvæmdir um sinn. Ríkið þarf líka að gera meira en boðað er í núverandi aðgerðum. Það eru fjömargir hagræðingarmöguleikar í ríkiskerfinu og þenslutímar eru rétti tíminn til að gera kerfisbreytingar sem valda takmörkuðum sársauka þegar atvinnustig er jafn hátt og raun ber vitni.

Stærri verkefni í einföldun skatta- og tollaumhverfis bíða líka handan við hornið. Í fjármálakerfinu blasa við úrelt þing í Íbúðalánasjóði og sparisjóðakerfinu sem tímabært er að taka á. Grunnbygging hagkerfisins og fjármálakerfisins er traust. En jafnvel hraustustu líkamar frá náttúrunnar hendi geta orðið veikburða ef ekki er um þá hirt.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is


## Betri leið til að vinna á tímaskorti

“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

“Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.”
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

“Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara.”
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

...næsta 6 vikna námskeið hefst **4. júlí**
...næsta 3 vikna hraðnámskeið **20. júlí**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**
Skráning hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400.**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.


# Hvenær lækka vextir?

ORÐ Í BELG



**Jafet S. Ólafsson,** Framkvæmdastjóri VBS.

Senn líður að því að Seðlabankinn taki ákvörðun um breytingu stýrivaxta, en næsta vaxtaákvörðun mun líta dagsins ljós þann 6. júlí. Allt útlit er fyrir að bankinn hækki enn vexti, jafnvel þó reynslan sýni að áhrifin séu harla lítil.

Við tvær síðustu vaxtahækkanir hefur það gerst daginn eftir að íslenska krónan hefur veikst, þó eitt af aðalmarkmiðunum með vaxtahækkun sé að styrkja krónuna og reyna að hægja á verðbólgunni. Það kom í ljós við síðustu verðbólgumælingu þegar neysluverðsvísitalan hækkaði í júní um 1,16 prósent að veiking krónunnar kemur mjög hratt inn í allar verðhækkanir á mat- og drykkjarvörum. Mun hraðar en greiningardeildir gerðu ráð fyrir. En Seðlabankanum er vorkunn því þetta er eitt af örfáum stýritækjum sem hann hefur til hagstjórnar.

Vextir hér á landi eru nú nánast komnir út í hafsauga miðað við hvað þeir eru í nágrannalöndum okkar. Þessir háu vextir bitna fyrst og fremst á einstaklingum og minni fyrirtækjum. Stærri fyrirtækin fjármagna sig að langstærstum hluta með erlendum lánum.

Það er nöturleg staðreynd hvað við búum við háa vexti, en það virðist eins og Íslendingar hafi mikla aðlögunarhæfni þegar kemur að háum vöxtum. Erlendis kveður við ramakvein í þegar bankar hækka vexti úr 2,75 í 3,00 prósent samanber nýlegt dæmi frá Svíþjóð.

**Háir vextir til lengri tíma draga úr áhuga innlendra aðila á að fjárfesta á Íslandi, rekstrarumhverfi fyrirtækja, sérstaklega þeirra smærri, verður ójafnara. Samkeppnisaðstæður einfaldlega skekkjast.**

Vaxtamunur við útlönd helst áfram mjög hár. Þetta virkar sem mikið aðdráttarafl á erlent fjármagn sem leitar hárrar ávöxtunar sem vonandi leiðir síðan til styrkingar krónunnar og lækkandi verðbólgu. Flestir erlendu fjárfestarnir eru að upplifa íslenska efnahagssveiflu í fyrsta skipti, hvernig þeir mun hegða sér á markaðnum skiptir miklu fyrir framhaldið.

Það eru engar smá upphæðir hjá erlendum skuldabréfasjóðum í íslenskum skuldabréfum.

Ekki er ólíklegt að stýrivextir Seðlabankans verði komnir í 13,5 prósent í september, en eftir það ættu þeir að fara lækkandi og bankinn að vera óhræddur við að lækka vexti hratt.

Sveigjanleiki íslensks efnahagslífs er mikill sem tryggir skjóta aðlögun að breyttu vaxtastigi.

Háir vextir til lengri tíma draga úr áhuga innlendra aðila á að fjárfesta á Íslandi, rekstrarumhverfi fyrirtækja, sérstaklega þeirra smærri, verður ójafnara. Samkeppnisaðstæður einfaldlega skekkjast.

Það er mjög mikilvægt eftir þær hröðu vaxtahækkanir sem dunið hafa yfir síðustu misseri að Seðlabankinn og innlend fjármálafyrirtæki verði skjót til að lækka vexti þegar hámarki stýrivaxta er náð í haust í kringum göngur og réttir.



UM VÍÐA VERÖLD

### *Einbýlishús verður að kaffikönnu*

**Fortune** | Fortune fjallar um ástand mála í Afríkuríkinu Simbabve. Landið sé handhafi hinnar vafasömu heimsmeistaratignar í verðbólgu, sem hafi verið 1.043 prósent í apríl. Árið 1996 hafi milljón simbabvedalir nægt til kaupa á einbýlishúsi. Nú fáist ekki einu sinni kanna af kaffi fyrir þá upphæð. Nýlega hafi prentun hafist á hundrað þúsund simbabvedalaseðlum, sem jafngildi tæplega einum bandarískum. Blaðið segir nýja seðilinn þó lítils virði fyrir hinn almenna íbúa landsins. „Maður fær ekki einu sinni brauðhleif fyrir mánaðarlaunin. Ég hef unnið allt mitt líf, og uppsker ekkert að lokum,“ er haft eftir tæplega áttræðum manni með sjötíu þúsund simbabvedala mánaðarlaun. Fortune segir enga lausn á vanda Simbabve í sjónmáli; opinberir starfsmenn eigi von á þrjú hundruð prósenta launahækkun frá Robert Mugabe forseta. „Og hvernig skal borga brúsann? Jú, auðvitað með því að prenta meiri peninga,“ segir í Fortune.

### *Kínverjar í Afríku*

**BBC** | Vefsíða breska ríkisútvarpsins, www.bbc.co.uk, fjallar um aukin ítök Kínverja í Afríku. Wen Jiabao forsætisráðherra hafi nýverið heimsótt sjö Afríkulönd og lagt áherslu á aukin viðskipti milli Kína og Afríku. Þá lofaði hann aukinni þróunaraðstoð Kínverja við Afríkuríki. Viðskipti Kínverja við Afríku hafa margfaldast frá því árið 2000, einungis í fyrra varð fjórtíu prósenta aukning milli ára. Þá hefur útflutningur á afrískum varningi til Kína aukist um rúm fimmtíu prósent á ári undanfarin misseri. Gagnrýnendur segja þó Kínverja fremur stjórnast af eiginhagsmunum en manngæsku; olíuþörfin ein knýi þá áfram. Kínverjar vísa þeim ásökunum á bug og benda á að þeir hafi afskrifað skuldir rúmlega þrjátíu Afríkuríkja, auk þess að hafa byggt skóla í Tansaníu, lagt járnbraut í Angóla og aðstoðað yfirvöld í Úganda við að byggja upp ferðamannaiðnað.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vinnuslys og forvarnir

Það líða ekki margir dagar á árinu að ekki eigi sér stað slys á vinnustöðum. Mörg slysanna eru mjög alvarleg og leiða til örkumla og jafnvel dauða. Önnur eru minniháttar svo sem skurður á fingur, hrufl og mar. Það eru margar ástæður fyrir slysum á vinnustöðum og mismunandi eftir atvinnugreinum. Á byggingasvæðum eru algengustu slysin tengd falli niður af vinnupöllum, vinnupöllum sem er oft hróflað upp í miklum hraða og oft ekki samkvæmt reglugerðum. Slys eru einnig tengd notkun stiga, stiga sem eru á vinnusvæðum og starfsmenn nota við hin ýmsu verk sín. Þessir stigar fullnægja ekki alltaf þeim staðli sem þeir eiga að gera, oft eru gúmmí undir þeim slitin og þá eiga stigar til að renna og falla þegar starfsmaðurinn stendur uppi í þeim. Stigar geta líka verið svo gamlir og fúnir að þeir brotna. Frágangi á byggingasvæðum er víða ábótavant, rusl og naglaspýtur um allt og fleira, sem getur valdið slysum.

Þar sem lyftarar eru í notkun, oft innan um gangandi starfsmenn, verða slysin með þeim hætti að hvorki ökumaður lyftarans né hinn gangandi gæta sín nógu vel og lenda sá síðarnefndi fyrir eða jafnvel undir lyftaranum. Minni lyftarar, svo sem rafmagnslyftarar eru ekki síður hættulegir og stjórnendur þeirra vanmeta oft þá hættu sem af þeim getur stafað.

Slysin verða ekki bara utanhúss við störf, nokkuð er um, til dæmis í verksmiðjum, að gólf eru skemmd, hál eða lýsing ekki nægjanleg svo það veldur slysum.

**HVAÐ ER TIL RÁÐA TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ SLYS Á VINNUSTÖÐUM?**

Það ætti að vera metnaður hvers fyrirtækis að fyllsta öryggis sé gætt á vinnustaðnum. Fyrst og fremst þarf því að setja í samráði við starfsmennina öryggisáætlun og reglur fyrir starfsemina - forvarnir. Það er ekki nóg að setja reglur, eftir þeim verður að fara og enginn nýr starfsmaður ætti að taka til starfa fyrr en hann hefur gengið í gegnum kennslu og kynningu á þeim reglum og öryggisatriðum sem á vinnustaðnum gilda. Til að setja öryggisreglur þarf þekkingu og kunnáttu og hægt er að styðjast við lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem gilda um öryggi á vinnustöðum. Til að mynda má starfsmaður aldrei stýra lyftara nema hann hafi til þess tilskilin leyfi og ökupróf. Merkja þarf allar vélar með leiðbeiningum og á þeim á einnig að vera öryggishnappur. Starfsmenn sem ekki tala eða skilja íslensku skulu aldrei hefja störf fyrr en búið er að ganga úr skugga um að þeim sé kunnugt um þær hættur sem tæki geta valdið. Nota má túlka til aðstoðar fyrir atvinnurekanda.

Sem betur fer hafa mörg fyrirtæki á Íslandi fullkomnar forvarnir, sett sér reglur og sýnt mikinn metnað í að hafa öll öryggisatriði í lagi. Stór sem smá fyrirtæki hafa rutt brautina eru með öryggisnefnd og öryggisfulltrúa sem fá sífellda endurmenntun og fara stöðugt yfir öryggisatriði með starfsmönnum og þær ábendingar sem berast um það sem betur mætti fara. Þau fjölmörgu fyrirtæki sem hafa mótað sínar öryggisreglur, sjá til þess að enginn starfsmaður hefji vinnu sína nema að fara í gegnum „öryggisskóla“ fyrirtækisins. Hjá þeim fyrirtækjum hefur slysum stórlega fækkað og jafnvel heyra fortíðinni til.

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**

Átak Markaðarins og Sjóvá

Þessi fyrirtæki og starfsmenn þeirra eru til fyrirmyndar. Eins og við segjum: forvarnir eru fyrsta skrefið til öryggis starfsmanna.

**Rannveig Sigurðardóttir**
**þjónustufulltrúi í tjónadeild Sjóvár**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Skálkaskjól á HM

Ég er svo latur þessa dagana að ég ætlaði varla að nenna að selja Straumsbréfin og innleysa hagnaðinn af átakaálaginu. Gerði það nú samt. Það er engin ástæða til þess að fara inn á markaðinn í bili. Ekkert að ske. Ég hangi bara í góða veðrinu í Þýskalandi þessa dagana, drekk bjór og horfi á fótbolta.

Þetta er partur af snilldinni við að eiga eignir í Berlín. Sagði konunni að það væri vesen með þetta dæmi allt saman og ég þyrfti að funda út af málinu. Maður er auðvitað séður og ég lét þýskan bisnesspartner hringja heim þegar ég var ekki heima og tjá konunni að það væri aðkallandi vandi og hann yrði að ná í mig.

Þetta gekk allt upp og nú er maður í miðri fótboltaveislunni. Ég þurfti reyndar að sinna smá erindum hérna, en þau voru ekki mjög aðkallandi.

Heima er ekkert að ske. Það er engin alvöru mótstaða á þessum markaði. Landsbankinn fellur bara og eiginlega enginn sem kemur og kaupir. Þetta er gallinn við það þegar einn stór aðili ræður öllu og getur ekki keypt sjálfir. Bjöggarnir þurfa að finna einhverja sem eitthvert púður er í og geta verið með þeim í hluthafahópi. Það er fullreynt með Magga Kristins og TM. Maður veit ekki hvað Sundsstrákarnir geta, þeir eru með fangið fullt af skuldum og fiski og sennilega ekki til stórræðanna í bili.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





# Vörur fyrir hvern og einn við hvert tækifæri

Biotherm Homme er brautryðjandi í snyrtivörum fyrir karlmenn og settu fyrstu línuna á markað árið 1985. Hugmyndir okkar byggjast á skilningi okkar á karlmönnum og þörfum þeirra, á hvaða aldri sem þeir eru, hver sem húðgerð þeirra og lífsstíll er.

**Nú fylgja hentugar töskur og tvær hliðarvörur með andlitskremunum:**

- AQUAPOWER - fullkomin rakagjöf og orka fyrir karlmenn á öllum aldri.
- AGE FITNESS - inniheldur kraft olífutrjáa og vinnur á fyrstu merkjum öldrunar.
- LINE PEEL - einstakt krem sem vinnur á hrukkum og sléttir yfirborð húðarinnar.
- AGE REFIRM - styrkjandi krem sem vinnur á hrukkum og línum í dýpri lögum húðarinnar.

Líttu við á næsta útsölustað Biotherm og fáðu ráðleggingar svo þú getir líka haft ferska og heilbrigða húð!

ÚTSÖLUSTAÐIR BIOTHERM HOMME:

Andorra Strandgata, Hafnarfjörður · Bylgjan-Ghost Hamraborg, Kópavogur · Debenhams Smáralind · Snyrtivöruverslunin Glæsibæ
Snyrtistofan GK, Kjarnanum, Mosfellsbæ · Lyf og heilsa Austurver · Lyf og heilsa JL-hús · Lyf og heilsa Kringlan · Lyf og heilsa Mjódd
Hagkaup Kringlan · Bjarg, Akranes · Konur og Menn, Ísafjörður · Lyf og heilsa, Selfoss · Lyf og heilsa Keflavik · Jaspis, Hornafjörður.

AURASÁLIN

## Spennandi tímar

**Það má varla milli sjá hvort er meira spennandi þessa dagana; heimsmeistaramótið í fótbolta eða valdabaráttan í íslensku viðskiptalífi. Aurasálin fylgist vitaskuld með hvoru tveggja af miklum áhuga enda er hún sérfræðingur bæði í herfræði knattspyrnunnar og refskák viðskiptalífsins.**

**Því miður er uppáhaldslið Aurasálarinnar á HM dottið úr keppni. Svisslendingar féllu úr leik á afskaplega ósanngjarnan hátt eftir hetjulega baráttu gegn Úkraínumönnum og allir sem sáu leikinn vita að þeir voru sterkari aðilinn í leiknum. Það sem heillaði Aurasálina sérstaklega við leik Sviss var sterk vörnin og varkár sóknarleikur. Það er örugglega einsdæmi í sögu HM að lið falli úr leik án þess að fá á sig eitt einasta mark.**

**Þetta er aðdáunarverður árangur. og það er gleðiefni að agaður og skipulagður varnarleikur skuli loks vera farinn að vekja almenna aðdáun - hinir markagráðugu monthanar, sem halda að fótbolti snúist um að skora fleiri mörk en andstæðingurinn, hafa notið frægðarljómans nógu lengi. Nú er röðin komin að þeim sem vita að fótbolti snýst alls ekki um að skora meira en andstæðingurinn heldur að fá á sig færri mörk en hann.**

**Úr því sem komið er mun Aurasálin þess vegna halda með Ítalíu í HM en ef allt gengur að óskum þarf Ítalía bara að skora þrjú mörk í viðbót til þess að verða meistari. Lykilatriðið er að halda hreinu.**

**En fótboltaæðið hefur kveikt nýja og snilldarlega hugmynd í Aurasálinni sem hún vill koma á framfæri. Hvernig væri að nota leikinn fallega til að útkljá deilur í íslensku viðskiptalífi? Liggur það til dæmis ekki í augum uppi að hægt er að útkljá valdabaráttuna í Straumi með vítaspyrnukeppni.**

**Deilurnar í Straumi hófust þegar formaður Knattspyrnusambandsins var kosinn varaformaður stjórnarinnar á kostnað útgerðarmanns í Eyjum - sem er bróðir fyrrverandi landsliðsmarkvarðar í knattspyrnu. Og var það ekki einmitt náfrændi helsta sóknarmannsins í KR sem hratt þessu öllu af stað? Og afleiðing alls þessa er að náfrændi fyrrverandi landsliðsþjálfara Íslands er settur út í kuldann.**

**Aurasálin leggur til að deilurnar í Straumi verði útkljáðar í vítaspyrnukeppni. Frændi stjórnarformannsins tekur fimm víti á bróður varaformannsins. Markmaðurinn nýtur auðvitað leiðsagnar frænda forstjórans en fyrrverandi varaformaður sér um að redda æfingaaðstöðu fyrir markahrókinn.**

**Það er ekki síst út af frumlegum lausnum sem þessari að mikilvægt er að auka mjög völd Aurasálarinnar í íslensku viðskiptalífi.**

# Flaggskipið á Oxford Street

Breska verslunarkeðjan House of Fraser (HoF) hefur verið mikið í umræðunni eftir að stjórn félagsins og Baugur, sem á tíu prósenta hlut í félaginu, greindu frá því að Baugur fengi að grúska í bókum félagsins í því augnamiði að leggja fram tilboð upp á 148 pens í hvern hlut, eða 48 milljarða króna, sem var meira en fimmtán prósenta yfirverð miðað við síðustu viðskipti.

Þetta er ekki í fyrsta skipti á þessu ári sem fjárfestar eru áhugasamir um HoF en fjárfestingafélagið Apax Partners dró sig út úr yfirtökuviðræðum snemma á árinu.

**DEILDARSKIPTAR VERSLANIR**

House of Fraser rekur 60 vöruhús um Bretlandseyjar og eitt í Dyflinni á Írlandi en verslanirnar eru staðsettar við helstu verslunargötur borga og í verslunarmiðstöðvum. Sumar eru starfræktar undir merkjum Army & Navy, Binns, Dickins & Jones, Dingles og Rackhams. Verslunarkeðjan selur fatnað á alla aldurshópa, fylgihluti, snyrtivörur, heimilisvörur og matvörur auk þess að reka veitingastaði. Stefna HoF er í fyrsta lagi að vaxa með innri vexti, það er að auka sölu og hækka framlegð, halda kostnaði niðri og endurbæta þær verslanir sem fyrir eru; í öðru lagi að þróa fjármálatengda þjónustu og í þriðja lagi að vaxa út á við með nýjum, arðsömum verslunum á helstu verslunarsvæðum og minnka hlutdeild óarðbærra verslana og jafnframt að taka yfir rekstur sem fellur að stefnu félagsins.

Hagnaður HoF fyrir skatta og óreglulega liði nam nærri 3,7 milljörðum króna á síðasta reikningsári, sem lauk í lok janúar, og jókst um 4,6 prósent milli ára. Veltan fór í 95 milljarða króna og jókst um 11,2 prósent en þegar horft var fram hjá nýjum verslunum, sem bættust í hópinn, varð fjögurra prósenta samdráttur. Á fyrstu sjö vikum yfirstandandi rekstrarárs dróst salan lítillega saman miðað við sama verslunarfjölda árið áður. Framlegð hélst hins vegar óbreytt.

**ÞRIÐJI AFKOMANDINN**

House of Fraser hefur verið flaggskipið á bresku verslunargötunni Oxford Street um langa hríð. Félagið rekur sögu sína aftur til ársins 1849 þegar viðskiptafélagarnir Hugh Fraser og James Arthur opnuðu tvær, litlar vefnaðarvöruverslanir í Glasgow, aðra við Argyle Street og hina við Buchanan Street. Reksturinn vatt upp á sig og brátt voru þeir félagar komnir út í heildsölu. Þeim lenti saman og Hugh tók yfir heildsölureksturinn sem hélst í höndum afkomenda hans. Það var einkum þriðji ættliðurinn, Hugh Fraser lávarður, sem hóf fyrirtækið til vegs og virðingar; undantekning frá reglunni að þriðja kynslóðin fari með ættarveldi í bál og brand. Hann tók við stjórnartaumunum árið 1924 og stýrði fyrirtækinu þéttingsfast í gegnum kreppuna og stríðsárin. Árið 1948 var félagið gert að almenningshlutafélagi og fékk nafnið House of Fraser.

Á næstu áratugum óx fyrirtækið hratt með yfirtökum og beitti lávarðurinn nýstárlegri tækni. Hann sá að verðmæti í verslunargeiranum hvíldu einkum í birgðum og viðskiptavild og seldi því fasteignir til tryggingafélaga, leigði fasteignirnar til langs tíma og losaði um mikla fjármuni sem voru bundnir í steinsteypu. Þetta gaf honum færi á frekari landvinningum, fyrst og fremst í Englandi, og uppbyggingu nútímalegra verslana. Gengu 50 verslanir til liðs við HOF á 8. áratugnum en höfuðstöðvarnar voru ávallt í Glasgow.




**HOUSE OF FRASER REKUR 60 VERSLANIR VÍTT OG BREITT UM BRETLAND VIÐ HELSTU VERSLUNARGÖTUR** Velta HoF á síðasta rekstrarári nam yfir einum milljarði punda og jókst um ellefu prósent milli ára. Þrátt fyrir að heildarsala hafi aukist er lítils háttar samdráttur þegar nýjar verslanir eru undanskildar. Líklegt er talið að Baugur leggi fram 48 milljarða yfirtökutilboð í ágúst.

Fraser þriðji sat sem stjórnarformaður til ársins 1981.

**SÉRSTAÐA MÖRKUÐ**

Árið 1985 keypti Al Fayed-fjölskyldan HoF fyrir 615 milljónir punda eða 85 milljarða króna en til samanburðar er markaðsvirði HoF í dag um 42 milljarðar króna. Viðskiptaveldi fjölskyldunnar, sem spannaði yfir skipa- og olíuiðnað, banka- og fasteignageirann, efldi á margan hátt vöruhúsakeðjuna en þegar komið var á 10. áratug síðasta aldar tók að harðna á dalnum og var fjölda verslana lokað og nærri eitt þúsund starfsmönnum sagt upp. HoF var sett aftur á hlutabréfamarkað árið 1994 en Al Fayed-fjölskyldan hélt eftir hinu fræga verslunarhúsi Harrods.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn hófu stjórnendur HoF tilraunir til þess að marka keðjunni sérstöðu með því að framleiða eigin hátískuvarning sem gaf af sér betri framlegð í stað merkjavöru frá öðrum smásölum. Árið 2000 hófst sala á kvenfatnaði, karlmannafatnaði og heimilsvöru undir merkjum HoF. Eitt af því sem Baugur sér við það að taka HoF yfir er að taka inn vinsæl tískumerki sem eru í eigu Baugs og dóttur- og hlutdeildarfélaga eins og Mosaic Fashions. Horfa þá menn sérstaklega til Karen Millen og Oasis.

**House of Fraser**
Stofnað: 1849
Fjöldi verslana: 60
Velta á síðasta rekstrarári: 95 millljarðar króna
Forstjóri: John Coleman
Fjöldi starfsmanna: 6.500

**ÞRIÐJA YFIRTAKAN**

Það er ljóst að síðustu misseri munu marka djúp spor í sögu þessarar þekktu verslunarkeðju. Í byrjun árs var tilkynnt um lokun á þremur sögufrægum verslunum við helstu verslunargötur í Birmingham og Lundúnum en örfáum mánuðum áður opnaði fyrsta verslun HoF fyrir utan Bretlandseyjar, á Írlandi. Í febrúar greindu stjórnendur frá því að þeir hefðu fengið óformlegt tilboð frá Apax Partners eins og áður sagði. Áhugi Apax náði þó ekki lengra en þetta.

Í maí kom svo Baugur til skjalanna þegar félagið tilkynnti um að það væri komið með 9,5 prósenta hlut. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Baugur kom við sögu í hluthafahópi HOF. Haustið 2002 gerði skoski fjárfestirinn Tom Hunter tilboð með stuðningi Baugs í breska félagið og hljóðaði það upp á 85 pens á hlut sem stjórn félagsins hafnaði. Baugur, sem átti ellefu prósenta hlut sem keyptur var á bilinu 62-70 pens, hagnaðist þó ágætlega á þessari stöðu þegar bréfin voru seld haustið 2004. Talið er að hagnaður Baugs hafi numið einum milljarði króna.

Þann 9. júní síðastliðinn staðfesti stjórn HoF og Baugur að félögin ættu í viðræðum eins og áður kom fram. Samkvæmt heimildum Markaðarins mun FL Group einnig koma að yfirtökunni og jafnvel KB banki og Tom Hunter þegar endanlegur fjárfestahópur liggur fyrir. Reiknað er með að formlegt tilboð verði lagt fram í ágúst.

Þótt ekkert óvænt hafi komið í ljós við könnun Baugsmanna á bókhaldi HoF hafa ýmsir efast um að yfirtakan gangi eftir. Forsvarsmaður Baugs missti af viðtali við Reuters-fréttastofuna í síðustu viku sem var túlkað svo að Baugur væri hættur við allt saman. Þá hafa breskir fjölmiðlar velt því fyrir sér að lífeyrissjóðmál kunni að gera áhuga Baugs að engu en mikill halli hefur verið á lífeyrissjóði starfsmanna. Einnig hafa verið vangaveltur um að einhverjir hluthafar sætti sig ekki við tilboð undir 150 pensum en núverandi markaðsverð, sem er nokkuð undir þessu verði, ætti þó að gera viðfangsefni Baugs auðveldara ef eitthvað er.

**„Stefna HoF er í fyrsta lagi að vaxa með innri vexti, það er að auka sölu og hækka framlegð, halda kostnaði niðri og endurbæta þær verslanir sem fyrir eru; í öðru lagi að þróa fjármálatengda þjónustu og í þriðja lagi að vaxa út á við með nýjum, arðsömum verslunum á helstu verslunarsvæðum og minnka hlutdeild óarðbærra verslana og jafnframt að taka yfir rekstur sem fellur að stefnu félagsins.“**





Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum á frábæru verði o.m.fl.



## Slökunarsófar

Vandaður og afar þægilegur slökunarsófi með leðri á slitflötum og skemlum

Tilboðsverð aðeins kr.

**139.000.-**

## Slökunarstólar

í miklu úrvali

Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli

Tilboðsverð aðeins kr.

**54.000.-**



Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.




Vandaður "tungusófi" m/slitsterku áklæði - Litir: Ljóst, brúnt




Vönduðu sænsku KWA garðhúsgögnin eru komin!




Vandaður "tungusófi" m/áklæði - Einnig til 3ja sæta m/"tungu" kr. 89.000.-




Afar vandað leðursófasett 3+1+1 - Litir: Ljóst, rautt - Einnig til m/ákl. kr. 216.000.-

KORTER.IS

## Slökunarstólar

í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.

**58.500.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt






Vandaður "tungusófi" m/leðri - Einnig til 2ja sæta m/"tungu" kr. 99.000.-

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Kíktu í dag...**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375**

Carl Weill
GÆÐASTÁL 18/10
Carl Weill 20 Jahre Garantie

Vönduð stálpottasett
Orkusparandi
Þrefaldur botn • 12 hlutir
Aðeins kr. 22.000,-
Kynningarverð

Hnífaparatöskur
72 hlutir
Gyllt eða stál
Aðeins kr. 14.500,-
Grilltíminn framundan
Eldhúshnífar
Steikarasett
24 hlutir
Aðeins kr. 12.000,-
Pöntunarsími 893 2666
Opið alla daga frá kl. 10.00 til 22.00. Sendum í póstkröfu ef óskað er.
Póstburðargjald greiðist af viðtakanda
Ice-Atlantic ehf.
Sími 893 2666

## FÓLK Á FERLI

**Birkir Hólm** Guðnason, sem nú gegnir starfi svæðisstjóra Icelandair í Þýskalandi, Hollandi og Mið-Evrópu, mun flytjast til Kaupmannahafnar og taka við stöðu svæðisstjóra Icelandair í Skandinavíu þann 1. ágúst. Birkir er 32 ára og hefur starfað hjá Icelandair frá 1. ágúst 2000, fyrst sem sölustjóri á Íslandi og á árunum 2002 til 2005 sem sölustjóri í Bandaríkjunum. Birkir hóf síðan störf sem svæðisstjóri fyrir Þýskaland, Holland og Mið-Evrópu í apríl 2005. Birkir hefur bæði B.S. masters-gráðu í viðskiptahagfræði og alþjóða viðskiptahagfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku. Birkir á þrjú börn og er í sambúð með Fríðu Dóru Steindórsdóttur, flugfreyju hjá Icelandair.



**Einar Páll** Tómasson, núverandi umdæmistjóri í Hollandi, tekur við stöðu svæðisstjóra Þýskalands, Hollands og Mið-Evrópu frá og með 1. ágúst 2006. Einar Páll hefur starfað hjá Icelandair í eitt ár sem sölustjóri í Hollandi. Einar Páll stundaði nám í alþjóða markaðssetningu og stjórnun við Stjórnunarskóla Noregs í þrjú ár. Hann hóf störf í markaðsdeild Mastercard á Íslandi árið 1999 og varð markaðsstjóri MasterCard ári síðar. Hann var fulltrúi Íslands í starfshópi MasterCard varðandi alþjóðlega vörumerkjastjórnun og kostunarverkefni síðustu þrjú ár sín hjá MasterCard. Einar Páll er 37 ára. Hann er kvæntur Sigrúnu Erlu Valdimarsdóttur og eiga þau 2 börn Erlu Maríu og Valdimar.



**Tómas Ingason** hefur verið ráðinn í stöðu forstöðumanns tekjustýringar, verðlagningar og áætlunardeilda. Tómas starfaði sem verkefnastjóri í upplýsingatæknideild Icelandair frá 1999 til 2005. Hann hefur B.S. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og MEng gráðu í dreifingu og vörustjórnun með sérstaka áherslu á flugrekstur frá MIT í Boston. Tómas er 28 ára og er kvæntur Rúnu Rut og eiga þau eina dóttur.



12,0%
Nafnávöxtun í apríl 2006: 12% á ársgrundvelli.*
SJÓÐUR 9 – FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN
Hentar sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.
Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.
Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.
*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
GLITNIR

Nýtt skrifstofuhúsnæði til leigu
Einstakt útsýni


Nýtt skrifstofuhúsnæði, 471 m², á efstu hæð að Brautarholti 26-28 í Reykjavík.
Hæðin býður upp á mikla möguleika í hönnun þar sem um opið rými er að ræða.
Góðar svalir og möguleiki á vörulyftu.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.
Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000
Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með um 310.000 fermetra í sinni eigu og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til traustra leigutaka til langs tíma.



# 1928
VERSLUN • VÖRUHÚS



www.1928.is

# Kynningarverð fyrir heimilið og sveitasetrið

LÁGT VERÐ



Vínrekki 65x35x85
~~Verð áður 17.800~~
Verð nú 14.200



Bekkur 116x46x80
~~Verð áður 29.800~~
Verð nú 23.800



Consola 120x40x80
~~Verð áður 28.000~~
Verð nú 23.000



Borð 135x90x80
~~Verð áður 36.000~~
Verð nú 28.800



Veggskápur 50x21x69
~~Verð áður 13.900~~
Verð nú 11.000



Diskarekki 62x24x76
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900



Hilluhengi 70x20x40
~~Verð áður 5.800~~
Verð nú 4.600



Kertastjakar frá 1000.- kr



Náttskápur 46x36x71
~~Verð áður 15.800~~
Verð nú 12.650



Skápur á borð eða vegg
71x22x52
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900



Glerskápur 49x39x180
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000



Kommóða 85x40x96
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000



Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr



Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.500



Kommóða 60x38x100
~~Verð áður 34.000~~
Verð nú 27.000



Náttborð 41x33x64
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900



Hornskápur 67x40x180
~~Verð áður 33.800~~
Verð nú 27.000



Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000



Glerskápur 60x36x182
~~Verð áður 44.000~~
Verð nú 35.000



Skatthol 80x48x102
~~Verð áður 23.000~~
Verð nú 18.400



Hár skenkur 86x40x190
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.400



Skenkur 130x43x87
~~Verð áður 49.900~~
Verð nú 39.900



CD standur 26x20x107
~~Verð áður 13.000~~
Verð nú 10.400

**Fæst einnig í: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði og Draumalandi, Keflavík**

**Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480**

Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

# TRÚ hefur bætt tjón banka í tvígang

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Ingibjargar H. Þráinsdóttur, sérfræðings á tryggingardeild útflutnings hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.*



**Hvað gerir Tryggingardeild útflutnings?**
Tryggingardeild útflutnings (TRÚ) veitir ábyrgðir til útflutningsfyrirtækja og banka til varnar viðskiptalegri og/eða stjórnmálalegri áhættu.

**Hvað þýðir það fyrir fyrirtæki að fá ábyrgð frá TRÚ?**
Það þýðir að fyrirtækið er búið að kaupa sér tryggingu fyrir því að ef erlendi kaupandinn greiðir ekki samkvæmt samningi þá fær það allt að 90% tjónsins bætt.

**Hvaða skilyrði þurfa fyrirtæki eða verkefni að uppfylla til að TRÚ komi að málum?**
Það er skilyrði að um sé að ræða útflutning á íslenskri vöru eða þjónustu og svo þarf verkefnið að sjálfsögðu að standast áhættumat.

**Kemur TRÚ að verkefnum á svonefndum ótryggum svæðum í heiminum, svo sem þróunarlöndum, eða í Austur-Evrópu?**
Já, þar hafa íslensk fyrirtæki einmitt mikla þörf fyrir okkar þjónustu því að stjórnmálaleg áhætta er þar umtalsverð í sumum löndum.

**Hvað er stjórnmálaleg áhætta í útflutningsverkefnum?**
Stjórnmálaleg áhætta er sú áhætta sem tengist landi kaupandans og efnahagsástandi þess. Dæmi um stjórnmálalega áhættu er ef stjórnvöld lýsa yfir almennri greiðslustöðvun í landinu, ef stjórnvöld koma í veg fyrir gjaldeyrisútstreymi úr landinu, stríð, innanríkisdeilur og náttúruhamfarir.

**Hefur TRÚ þurft að bæta tjón vegna viðskipta- eða stjórnmálalegra áfalla sem dunið hafa yfir útflutningsverkefni?**
Já, það hefur komið fyrir tvisvar sinnum. Í báðum tilvikum var um að ræða lán sem íslenskir bankar höfðu lánað erlendu kaupendunum með ábyrgð frá TRÚ.

**Hver er munurinn á þjónustu TRÚ og MIGA?**
MIGA veitir ábyrgðir þegar íslensk fyrirtæki fjárfesta á erlendri grundu en einungis gegn stjórnmálalegri áhættu. TRÚ veitir ábyrgðir bæði gegn viðskiptalegri- og stjórnmálalegri áhættu og bæði vegna útflutningsverkefna og fjárfestingarverkefna.

**Hvað kostar ábyrgð frá TRÚ?**
Ekkert eitt svar er til við spurningunni en algengt er að þóknun sé á bilinu 1 til 2,5% á ári. Auðveldast er að svara spurningunni með því að segja að því meiri áhætta sem talin er vera í verkefninu því hærri er þóknunin og að sama skapi, þeim mun minni áhætta – þeim mun lægri þóknun.

Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003






**KEITH MARTIN OG ELENA PALEI RÆÐA VIÐ JÚLÍUS HAFSTEIN** Martin og Palei, sem eru fulltrúar MIGA, kynntu sérstaklega tryggingar sem sniðnar eru að þörfum smærri fjárfesta, en þar hefur umfang og kostnaður verið minnkaður og afgreiðslutími styttur. MIGA hefur ekki enn komið að fjárfestingum Íslendinga en fengið nokkrar fyrirspurnir. MARKAÐURINN/STEFÁN

# MIGA ábyrgist fjárfestingar á ótryggum svæðum heimsins

**Multilateral Investment Guarantee Agency (MIGA) kynnti starfsemi sína á fundi viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins á mánudag. *Óli Kristján Ármannsson* sat fundinn, þar sem einnig var kynnt starfsemi tryggingardeildar útflutnings hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.**

„Við vonumst til að þessi fundur ýti undir að leitað verði aðkomu okkar að fjárfestingarverkefnum sem kunna að vera áhættusöm vegna ytri stjórnmálaaðstæðna í landinu þar sem þau fara fram,“ segir Keith Martin, yfirmaður á markaðssviði MIGA, Multilateral Investment Guarantee Agency, undirstofnunar Alþjóðabankans.

Á kynningarfundi viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins á mánudag kynnti stofnunin starfsemi sína, en hún veitir einkafyrirtækjum sem fjárfesta í þróunarlöndum og Austur-Evrópu ábyrgð fyrir pólitískum áföllum, styrjöldum, óvæntum hömlum á gjaldeyrisyfirfærslum og eignaupptöku stjórnvalda. Stofnunin hefur ekki enn komið að verkefnum Íslendinga, en hefur fengið nokkrar fyrirspurnir. „Við getum uppfyllt ákveðna þörf fyrir ábyrgðir þar sem hér eru ekki opinberir sjóðir sem veita ábyrgðir vegna slíkra verkefna líkt og tíðkast í sumum stærri ríkjum.“

Auk Keiths Martins var komin frá MIGA Elena Palei, einn yfirmanna greiðslu- og greiningardeildar stofnunarinnar. Þá var á fundi viðskiptastofnunar utanríkisráðuneytisins einnig kynnt starfsemi tryggingardeildar útflutnings (TRÚ) sem rekin er undir hatti Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, en hlutverk TRÚ er að veita ábyrgðir gegn viðskiptalegri- og stjórnmálalegri áhættu með það að markmiði að efla íslenskan útflutning.

Martin og Palei lögðu áherslu á að þótt MIGA væri í raun að selja tryggingar á svæðum þar sem tryggingafélög ættu erfitt með að bjóða ásættanleg kjör þá væri stofnunin ekki rekin með gróðasjónarmið að leiðarljósi heldur væri hlutverk hennar að ýta undir erlenda fjárfestingu með því að bjóða ábyrgðir til bæði fjárfesta og lánveitinga og þannig væri stutt við þróun og vöxt nýmarkaða í heiminum. Ljóst er þó að þjónustan er kostnaðarsöm. Til dæmis má nefna að þegar umsókn vegna nýrrar fjárfestingar er komin á rekspöl þarf að greiða staðfestingargjald sem nemur 10.000 bandaríkjadölum. Það er þó endurgreitt komi til þess að verkefni sé hafnað við nánari skoðun og dregið frá endanlegu tryggingargjaldi verði af aðkomu MIGA. Svo fer eftir áhættumati hversu kostnaðarsöm ábyrgðin er, en að sögn Keiths Martins hleypur gjaldið á 0,3 til 1,5 prósentum af fjárfestingunni árlega. „En það getur reyndar orðið hærra, jafnvel allt upp í 2,5 prósent segjum af fjárfestingu við jarðhitavirkjun í Afríkuríki þar sem borgarastyrjöld er yfirvofandi og stjórnvöld í ofanálag óvinveitt,“ bætir hann við, en áhættumat og ábyrgðir stofnunarinnar eru í grunninn til af fernu tagi. Veittar eru ábyrgðir gegn gengisáhættu þar sem fjármunum fæst ekki skipt úr gjaldmiðli landsins þar sem fjárfest er, eða vegna annarra hindrana í þeim efnum. Þá eru veittar ábyrgðir gegn eignarnámi yfirvalda eða annarra einhliða aðgerða sem rýra fjárfestingu fyrirtækja, vegna stríðs

MÁLIÐ ER

*Tryggingar fjárfestinga í útlöndum*



**JÚLÍUS HAFSTEIN** Júlíus er forstöðumaður viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins en á hennar vegum eru reglulega haldnir kynningarfundir til að koma að upplýsingum um mál tengd viðskiptum í útlöndum. MARKAÐURINN/STEFÁN

og borgaralegs óróa en þar eru talin með skemmdar- og hryðjuverk af pólitískum toga, og svo vegna samningsrofs stjórnvalda við fjárfesta. MIGA tekur hins vegar ekki á sig ábyrgðir vegna viðskiptaáhættu.

„Hins vegar má líkja ábyrgðum MIGA við bifreiðatryggingu sem dregur úr líkunum á því að bíllinn lendi í óhappi,“ segir Keith Martin og bendir á að með aðkomu undirstofnunar Alþjóðabankans fái verkefni ákveðinn gæðastimpil, auk þess sem MIGA hafi á að skipa her sérfræðinga og lögfræðinga sem aðstoði við úrlausn mála sem upp kunna að koma til þess að forða því að verkefni fari forgörðum og greiða þurfi út ábyrgðir. Frekari upplýsingar um verkefni, umfang og umsóknarferli MIGA er svo að finna á vefnum **ipanet.net**, en Martin og Palei kynntu líka ábyrgðir fyrir smærri fjárfestingar (Small Investment Program), þar sem umsóknarferlið er ekki jafnþunglamalegt og ekki þarf að reiða fram staðfestingargjald.

Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir kynnti svo TRÚ og lagði áherslu á að stofnunin hefði ekkert með sprotafyrirtæki eða útrás fyrirtækja að gera heldur gæfi út ríkisábyrgðir vegna útflutnings. Á því sviði taldi hún ábyrgðir TRÚ heldur hentugri en MIGA vegna þess að þær næðu einnig til viðskiptalegrar áhættu. Frekari upplýsingar um TRÚ má finna á vef Nýsköpunarsjóðs, nsa.is.

# FAXE Á FERÐ OG FLUGI

Kipptu með þér FAXE ROYAL
í handhægri ferðatösku
í ferðalagið eða sumarbústaðinn




EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI FERÐAFÉLAGINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



**7,3%** Hækkun á bréfum í Straumi Burðarási í kjölfar frétta af væringum innan stjórnar félagsins.

**-0,67%** Lækkun Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands frá áramótum.

**2.800** milljarðar króna. Styrkur Warren Buffets til góðgerðarsamtaka Bills og Melindu Gates.

## Milljarðs umferðarhnútur

Ef menn halda að umferðin hér á landi sé erfið, þá ættu menn að keyra um helstu stórborgir heimsins.

Umferðarhnútur getur haft veruleg áhrif á líf fólks og kemur gjarnan í veg fyrir að menn nái fundum og flugvélum. Þannig festist framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi í umferðarhnút þegar hann átti að eiga fund með blaðamönnum um kaup Baugs á House of Fraser. Tengiliður var látinn afboða og þótti vandræðalegt að gefa umferðina sem ástæðu. Skilaboðin voru því að eitthvað hefði komið upp á og af stefnumótinu yrði ekki.

Reuters sendi þegar í stað frá sér skeyti um að fundurinn hafi ekki verið haldinn. Markaðurinn tók þegar við sér og fór af stað orðrómur um að Baugur væri hættur við að kaupa HoF. Bréfin lækkuðu um þrjú prósent eða um tíu milljónir punda sem er yfir milljarður króna. Enginn fótur var fyrir þessum orðrómi og því velti umferðarhnúturinn milljarði þarna.

## Mikil er trú þín markaður

Umferðarhnúturinn hafði meiri áhrif á verðmyndun markaðar en þetta. Eins og tíðkast gjarnan þá þarf að barna söguna. Samhliða orðrómnum fór nefnilega af stað orðrómur á breska markaðnum um að Baugur hygðist í stað House of Fraser kaupa Morrisons. Það félag er metið á um áttahundruð milljarða króna sem er hátt í landsframleiðsla Íslendinga.

Það hlýtur að hafa farið sæluhrollur um stjórnendur félagsins yfir þeirri trú sem breski markaðurinn hefur á fjárfestingargetu Baugs. Bréfin í Morrisons hækkuðu vegna þessa og í svo stóru félagi telur hvert prósent háar upphæðir. Þrátt fyrir talsverðan styrk Baugs verður að efast um að enn sem komið er ráði félagið við Morrisons. Ályktun breska markaðarins var því fljótfærnisleg og ef markaður í hinni stóru London er ekki skilvirkur og skynsamur, þá verður vonin veik um að slíkur markaður sé til annars staðar en í fræðibókum









Ertu í framkvæmdahugleiðingum? Getum bætt við okkur jarðvegsframkvæmdum í görðum, sumarhúsalóðum o.fl. Uppl. í s. 893 4495 & 893 5531

Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. Úði, Brandur Gíslason, skrúðgarðam. Sími 553 2999.

## Bókhald

**Bókhald**
Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Vantar góðann bókhaldara til að taka að sér lítið fyrirtæki strax. Uppl. í s. 695 2589.

## Málarar




Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við félagsmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

**Vantar þig málara?**
Þarft þú að láta mála húsið að utan? Get bætt við mig verkum. Er með lyftu. Uppl. í s. 821 1333, Hallgrímur.

## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.




**Húsaviðgerðir og málun.**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.




## Stífluþjónusta







Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir**
Láttu fagmenn sjá um tölvuna þína. www.start.is
**Start tölvuverslun, Bæjarlind 1, 201 Kópavogur. Sími 544 2350. www.start.is**

Tölvuviðgerðir Allar almennar tölvuviðgerðir,uppsetningar,vírushreinsun kem á staðinn.Bjarni S:6634965 8-23 alla daga

Gagnvirkni auglýsir. Myndbönd yfir á DVD, 20% kynningarafsláttur. Gagnvirkni. Sími 517 4511.

Veftilboð. www.8.is

Myndbönd yfir á DVD, 20% kynningarafsláttur. Gagnvirkni.

Grillað lambakjöt. www.bestalambid.is

## Dulspeki-heilun

Heilun, sjálfsuppbygging, áruteiknun, hugleiðsla og mataræði. Halla Sigurgeirsdóttir s. 663 7569.

## Snyrting

Opnunartilboð! ICY-neglur, sími 577 7711.

Vertu flottust! ICY-neglur.

## Spádómar













Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín 908 5050**
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Spámiðill. Er byrjuð aftur. Spái í 4 teg. spila og kristal. Áratuga reynsla. Þóra frá Brekkukoti. Spái ekki í síma. S. 557 4391.

## Veisluþjónusta

Thailenskur matur, hádegistilboð 3 réttir á aðeins kr. 650 kr. Hamborgari, franskar og kók á kr. 650 kr. Einnig ljúffengar steikur og fiskréttir. Thailand take away, Engihjalla 8. Opið alla daga 10-22.

## Múrarar

Múrari óskast. Maurer gesucht für 2-3 monte. Unterkunft gestelt. Tel. 848 0938 & hjaltalin@snerpa.is

## Rafvirkjun




## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Svandís 867 3048.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Indverskt nudd með heilun! Mjög gott við bakverk, stressi og slökun. Sími 846 2775 www.indversktnudd.net

## Snyrting

Til sölu fótsnyrtistóll og vaskborð með skáp. Uppl. í s. 820 0802 & 690 5365.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu furu kojur, 85x200 cm. Nánari uppl. í síma 663 3797.

Til sölu Medicott (Nasa) rúmdýna 180-200 cm. Upplýsingar í síma 565 7712.

Svartur stór leðurhornsófi til sölu. Sem nýr, verð 30 þ. Uppl. í síma 862 5132.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi**
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

4 ára kæliskápur og lítil gömul frystikista saman á 10 þús. Uppl. í s. 699 2707.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

**Hundaræktin Dalsmynni**
Papellon hvolpar til sölu.
**Upplýsingar í s. 566 8417.**



Persakettlingar til sölu, hreinr. & ættbókaf. Uppl. í s. 586 1486 & 868 7150. Eftir kl. 17.



Nýkomið frábært úrval af froskum og salamöndrum. Fískó Hlíðarsmára 12. S. 564 3364.

Vegna óviðráðanlega aðstæðna þarf ég að gefa frá mér 3 mánaða hvolp af cavalier kyni, algjört krútt. Sími 896 6278, Gunni.

**Gefins kettlingar**
4 kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 568 1609 & 693 2607.

3 mánaða chiuahua hvolpur til sölu. Upplýsingar í síma 562 5339.

4 yndislegir, kassavanir kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 699 5229.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

Sjóstöng, Hafsúlan hvalaskoðun.

Golfaðu þig í veiði. www.langa.is

## Gisting



Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

## Fyrir veiðimenn






Fluguveiðimenn og hnýtarar Verslunin Gallerí Flugur Hryggjarseli 2, kj Opnunartími Mið 20-22 Lau 10-14.

Laxa og silungamaðkar til sölu uppl. í s. 557 4483 & 867 8045.




## Hestamennska




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Er með 151 fm 4 herb. íbúð til langtímaleigu í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 565 0398 & 699 7220.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki óskar eftir 3-4 herbergja íbúð miðsvæðis í RVK í einn mánuð þ.e.a.s í júlí . Öruggar greiðslur. Uppl. í síma 696 9696.

Vantar 2 herb. íbúð til leigu frá 1 júlí. Á svæði 104-112. S. 846 7692 e.kl 15.

3-4 herb. íhúð óskast á stórreykjavíkursvæðinu. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Uppl. í s. 899 2710 & gunnlth@visir.is

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

## Vegna aukinna verkefna víða um land, sérstaklega við uppbyggingu Fjarðarárvirkjunar á Seyðisfirði, eru laus til umsóknar eftirtalin störf:

- Reyndan bormann vantar á nýjan Tamrock 800 borvagn.
- Reyndan ýtumann vantar á jarðýtu.
- Reyndan bílstjóra vantar á námubifreið.
- Einnig vélamenn á fleiri tæki, og handverksmenn við lögn þrýstipípu.

**AFREK VERKTAKAR**

Endilega bjallaðu í hann Alfreð í síma 897 0561, og fáðu frekari upplýsingar.

## Pláss til leigu

Inn af hárgreiðslustofu á góðum stað við Smáralind. Hentar vel fyrir snyrtistofu eða sambærilegan rekstur.

**Upplýsingar í síma 898-9457, 663-4080 & 698-6401.**

## Rafvirki óskast

til starfa. Fjölbreytt framtíðarstarf.
Upplýsingar í síma 824-4080 eða 824-4090.

**Straumbrot ehf.**
Löggiltur rafverktaki

## Prentsmiður óskast!

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða prentsmið í almenna forvinnslu prentverka.

Upplýsingar gefur prentsmiðjustjóri í síma 860-2404, einnig hægt að sækja um á netfangið isprent@isprent.is

Íslandsprent ehf., sem var stofnað haustið 2003, er til húsa að Steinhellu 10 í Hafnarfirði. Frá stofnun hefur markmið fyrirtækisins verið að bjóða upp á alhliða prentþjónustu á hagstæðum kjörum, í miklum gæðum og á sem skemmstum tíma.




Íslandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjörður • 569 7200 • www.isprent.is

FASTEIGNIR

**Draumahús 530 1800**

**Sólheimar 25, 2. hæð - 104 Rvk**

## Opið hús í dag kl 18:30 - 19:30




**25.200.000**
Góð 4ra herbergja 101,4 fm íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi með fallegu útsýni.
**Lára og Dan taka á móti gestum**

## Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

**allt heimili**
Alla fimmtudaga

## Forritun og umsjón

**Internet á Íslandi hf, ISNIC, óskar eftir að ráða til sín öflugan starfsmann í forritun og umsjón skráningarkerfis.**

isnic

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Þekking og reynsla af Unix
- Reynsla af forritun í PHP og HTML
- Reynsla af SQL gagnagrunnum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

B.Sc í tölvunarfræði eða sambærileg menntun er kostur.

Ráðning er í upphafi til eins árs með endurskoðun eftir 6 mánuði.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 3. júlí nk. Númer starfs er **5598**.

Upplýsingar veita Ásthildur Guðlaugsdóttir og Guðný Sævinsdóttir hjá Hagvangi.

Netföng: asthildur@hagvangur.is og gudny@hagvangur.is

**HAGVANGUR** - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi



## Kaupvangur, Egilsstaðir.

**TIL SÖLU & LEIGU**





### 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

| 2 herb. verð frá KR. 12.850.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR | 3 herb. verð frá KR. 16.450.000* TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR |
|---|---|

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)



| ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS | Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf. | domus |
|---|---|---|
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934




HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## OPIÐ HÚS - KIRKJUVELLIR 7 - HF.

### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00 TIL 19.00

Tilbúnar sýningaríbúðir.
Glæsilegt 23 íbúða fjölbýlishús á sex hæðum.
2ja, 3ja & 4ra herbergja íbúðir
4 íbúðir á hæð.

Lyfta í stigagangi
Bílastæði í bílakjallara

Glæsilegar innréttingar frá Brúnás
Eldhústæki frá AEG
Vandað myndasímakerfi
Vandaður frágangur

Byggingaraðili er Gunnar og Ólafur ehf.

Sölumenn Hraunhamars á staðnum





Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali Bæjarhrauni 10, Hafnarfirði - Sími 520 7500 - Fax 520 7501 - hraunhamar@hraunhamar.is - www.hraunhamar.is

# Til hamingju fasteignasalar

Útskriftarnemar löggildingar fasteigna- og skipasala.
Innilega til hamingju með áfangann.

RE/MAX LIND er flutt í stærra og betra húsnæði að Bæjarlind 14-16 í Kópavogi.

**Við óskum eftir fasteignasölum og sölufulltrúum til starfa.**

Hjá okkur er góð vinnuaðstaða, þjálfun og frábær starfsandi.
Með RE/MAX LIND getur þú hámarkað tekjumöguleika þína,
verið sjálfstæð/ur og öðlast frelsi.

**Viðtalstímar bókaðir í síma 822 0491**

ÞITT *líf* - ÞINN *ferill* - ÞÍN *leið*

Þórarinn Jónsson hdl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali
Bæjarlin 14 -16, 201 Kópavogur
www.remax.is

RE/MAX LIND

# Draumahús

## Atvinnueignir 530 1810

## Atvinnueignir

### Austurmörk - 810 Hve



**52.900.000**
Virkilega gott 490 fm atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð. Húsnæðið er í dag einn salur og skrifstofa auk 51 fm óskráðs millilofts samtals 538 fm Auðvelt er að skipta eigninni upp í 5 bil, þar af 4 ca 120 fm bil, 80 fm grunnfleti auk 40 fm, og eitt sem er 160 fm auk 51 fm millilofts eða samtals 211 fm fm Hvert bil getur verið með sér innkeyrsluhurð. Heildarstærð eignarinnar skv. teikningum verður því ca 700 fm.

### Bíldshöfði - 110 Rvk



**Tilboð óskast!**
160 fm skrifstofuhúsnæði. Eigninni fylgir leigusamningur við ríkisstofnun fyrir ca 150.000 kr. á mánuði.

### Síðumúli - 108 Rvk



**Tilboð óskast!**
2.293 fm iðnaðar og skrifstofuhúsnæði í Síðumúla.

## Atvinnueignir

### Hólmgarður - 230 Rbæ



**6.500.000**
45,5 fm atvinnuhúsnæði á 1. hæð í verslunarkjarna.

### Langarimi - 112 Rvk



**Tilboð óskast!**
949,8 fm húsnæði í Langarima. Skipist í 5 einingar sem eru allar í útleigu fyrir kr. 1.255.458 á mánuði.

### Lækjarmelur - 116 Rvk



**320.000.000**
Góð fjárfesting. Lækjarmelur/Kistumelur. 3270 fm atvinnhúsnæði sem skiptist í 12 iðnaðarbil með skrifstofuaðstöðu.

### Móhella - 221 Hfj



**2.550.000**
Nýir 26,3 fm geymsluskúrar/bílskúrar í Móhellu í Hafnarfirði. Malbikuð og afgirt lóð.

### Úlfarsfell - 113 Rvk



**48.000.000**
Lóð fyrir 4 raðhús í Úlfarsfelli. Hvert hús má vera allt að 218 fm að stærð. Samtals byggingarmagn 872 fm.

### Síðumúli - 108 Rvk



**5.500.000**
Mjög gott 25 fm skrifstofuhúsnæði í Síðumúla. Frábær staðsetning, góð aðkoma og sameign.

### Skipholt - 108 Rvk



**14.900.000**
40,6 fm atvinnuhúsnæði á 1 hæð. Húsnæðið hentar vel fyrir smærri rekstur s.s. verslunar, hárgreiðslustofu eða lítið þjónustufyrirtæki.

### Steinhella - 221 Hfj



**24.300.000**
157,7 fm gott iðnaðarbil. Góð innkeyrsluhurð, skrifstofu og kaffiaðstaða.

## Atvinnueignir

### Grænatún - 200 Kóp



**70.000.000**
436 fm verslunarkjarni í Kópavogi. Eigninni fylgja leigusamningar fyrir ca 440.000 kr. Ca. 100 fm eru óleigðir í dag.

### Viðarhöfði - 112 Rvk



**58.000.000**
Virkilega gott, nýstandsett ósamþykkt gistihús á Viðarhöfða. Skiptist í 14 stór herbergi og sameiginlega aðstöðu. Húsnæðið er 351 fm auk stórra svala (ca 150 fm) sem snúa í suður og mögulegt er að byggja yfir. Húsnæðið er í dag leigt til eins trausts aðila fyrir 550.000 kr. á mánuði tengt vísitölu. Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Einarsson í síma 897 8266.

### Hafnarstræti - 101 Rvk



**600.000.000 - 3 EIGNIR**
2493 fm skrifstofu-, verslunar- og veitingahúsnæði við Hafnarstræti. Eignunum fylgja leigusamningar fyrir ca 3.000.000 kr. á mánuði.

### Akralind - 201 Kóp



**27.900.000**
Gott 150 fm iðnaðarbil með góðri innkeyrsluhurð og Skrifstofu- og kaffiaðstöðu. Hentar vel fyrir td. Léttan iðnað eða verkstæði.

### Auðbrekka - 200 Kóp



**19.900.000**
137,7 fm skráð vörugeymsla á 3. hæð á góðum stað í Kópavogi.

### Tranavogur - 104 Rvk



**Tilboð óskast!**
1101 fm iðnaðar og skrifstofuhúsnæði við Tranavog. Eigninni fylgja 3 leigusamningar, samtals kr. 1.001.000 kr. á mánuði.

### Tunguháls - 110 Rvk



**Tilboð óskast!**
1692 fm skrifstofu og iðnaðarhúsnæði við Tunguháls. Eignin er á 4 hæðum. Eigninni fylgja 7 leigusamningar, samtals kr. 1.220.000 á mánuði.

### Ármúli - 108 Rvk



**Tilboð óskast.**
568,1 fm skrifstofuhúsnæði í Ármúla. Eigninni fylgir leigusamningur kr. 550.000 á mánuði

### Flatahraun - 220 Hfj



**14.600.000**
105 fm iðnaðarhúsnæði í Flatahruni með 40 fm milli lofti. Mjög góð snyrti- og eldunaraðstaða, góðar innkeyrsludyr.

### Vagnhöfði - 110 Rvk



**Tilboð óskast!**
1224 fm iðnaðarhúsnæði í Vagnhöfða í Reykjavík.

### Viðarhöfði - 110 Rvk



**39.000.000**
529 fm atvinnuhúsnæði á 2. hæð í góðu húsi. Húsnæðið er óinnréttað. Gæti hentað vel undir skrifstofur eða fyrir félagasamtök.

Óskum eftir iðnaðarbilum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, stærð 50-150 fm. Ákjósanlegar staðsetningar eru í hverfum 104, 108, 110 eða 200.

Óskum eftir verslunarbilum af öllum stærðum með leigusamningum eða þar sem seljandi er til í að gera langtíma leigusamning.

Eigum á söluskrá mikið af fleiri góðum fjárfestingarkostum af öllum stærðum.

Áhugasamir hafi samband við
***Magnús Einarsson í símum***
***530 1810 og 897 8266***

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.482 **-1,52%** **Fjöldi viðskipta:** 231 **Velta:** 1.535 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Flaga** +0,79%
**Marel** +0,28%

MESTA LÆKKUN

**Landsbankinn** -3,77%
**Avion** -3,21%
**Mosaic Fashions** -2,47%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Hlutabréf í úrvalsvísitölu: Actavis 62,70 -0,79% ... Alfesca 3,86 -1,28%... Atorka 6,12 -1,29% ... Bakkavör 44,30 -0,45% ... Dagsbrún 5,70 -1,38% ... FL Group 17,50 -0,57% ... Flaga 3,83 +0,79% ... Glitnir 17,70 +0,00% ... Kaupþing banki 734,00 -1,61% ... Landsbankinn 20,40 -3,77% ... Marel 70,90 +0,28% ... Mosaic Fashions 15,80 -2,47% ... Straumur-Burðarás 18,30 -2,14% ... Össur 106,50 -1,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Prenta bæði Newsweek og Time

Breska prentsmiðjan Wyndeham Press Group, sem er í eigu Dagsbrúnar, hefur gengið frá samningum um prentun á tímaritunum Time og Newsweek fyrir Bretlandsmarkað næstu þrjú árin. Wyndeham mun vikulega prenta 195.000 eintök af blöðunum, 142.000 eintök af Time og 53.000 eintök af Newsweek.

Í tilkynningu frá Dagsbrún segir að prentunin muni fara fram í Heron prentsmiðju Wyndeham í Maldon í Essex. Tímaritin eru send frá prentsmiðjunni klukkan ellefu á sunnudagskvöldi í viku hverri og verða í hillum verslana víðs vegar um Bretland á mánudagsmorgni.

Dagsbrún keypti Wyndeham Press Group, sem er þriðja stærsta prentfyrirtæki Bretlands, í mars síðastliðnum og hafa bresk samkeppnisyfirvöld samþykkt yfirtökuna. **- jab**



**EINN AF BÍLUM PRENTSMIÐJUNNAR** Vikuritin Time og Newsweek eru prentuð í prentsmiðju Wyndeham Press Group, sem er í eigu Dagsbrúnar.

# Með ódýra 3G-síma

Suður-kóreska hátæknifyrirtækið Samsung Electronics, sem er þriðji stærsti farsímaframleiðandi heims, ætlar að einbeita sér að framleiðslu ódýrra farsíma sem styðja þriðju kynslóð í farsímatækni.

Símarnir munu kosta um fimmtíu til sextíu bandaríkjadali, eða allt að 4.400 íslenskar krónur.

Samdráttar hefur gætt í sölu á farsímum hjá Samsung síðustu misserin. Sérfræðingar segja að ástæðan fyrir því sé að fyrirtækið hafi ekki sett á markað ódýra farsíma þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir þeim á nýmörkuðum á borð við Indland og Kína. **- jab**



**MEÐ FARSÍMA FRÁ SAMSUNG** Samsung ætlar að framleiða ódýra farsíma sem styðja þriðju kynslóð í farsímatækni.

# Seldu fyrir milljarð

Innlendir aðilar seldu erlend verðbréf fyrir einn milljarð króna í maí síðastliðnum samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Nokkuð jafnt var keypt af hluta- og skuldabréfum.

Fram kemur á vef greiningardeildar Glitnis að eftir mikinn straum fjármagns í kaup á erlendum verðbréfum virðist breyting hafa orðið á. Síðustu þrjá mánuði hafi verið seld verðbréf fyrir 3,1 milljarð króna samanborið við 81,1 milljarðs kaup þrjá mánuðina þar á undan. Telur greiningardeildin að þessi viðsnúningur sé til þess fallinn að draga úr gengislækkun krónunnar. **-jsk**



**SAMKOMULAGIÐ STAÐFEST** Magnús E. Kristjánsson hjá Ec Web og Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, staðfesta samkomulag um Útflutningshandbókina. Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs fylgist með.

# Útflutningshandbókin fer yfir til Heims

Útflutningshandbókin Iceland Export Directory verður eftirleiðis gefin út af Útgáfufélaginu Heimi sem meðal annars gefur út tímaritið Frjálsa verslun. Handbókin hefur verið gefin út frá árinu 1992 í samvinnu Útflutningsráðs og íslenskra fyrirtækja.



Í bókinni er að finna ítarlegar upplýsingar um helstu útflutningsfyrirtæki landsins, bæði á vöru og þjónustu, en upplýsingar er jafnframt að finna á vefnum icelandexport.com. Vefurinn er helsta upplýsingaveita fyrir útlendinga sem vilja komast í samband við íslensk fyrirtæki en bókin er einnig sögð gegna mikilvægu hlutverki, enda send á mörg þúsund aðila erlendis, auk þess að vera dreift á vörusýningum.

Fram til þessa hefur Ec Web ehf. sem gefur út handbókina Íslensk fyrirtæki séð um útgáfu útflutningshandbókarinnar. Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, segir nýja verkefnið styrkja fyrirtækið, en Heimur hefur einbeitt sér að útgáfu rita um viðskipti eins og Frjálri verslun og Vísbendingu, auk rita fyrir ferðamenn, bæði tímaritum og árbókum.

Iceland Export Directory er sögð mikilvæg viðbót við upplýsingar sem fram koma á vefnum www.iceland-review.com, en þar eru bæði fréttir og upplýsingar um land og þjóð. Fram að þessu hafa upplýsingarnar einkum snúið að ferðamönnum, en nú bætist við upplýsingaveita um fyrirtækin, því vefirnir verða sameinaðir. „Við höfum líka góða reynslu af samvinnu við Útflutningsráð, en við sjáum um útgáfu blaðsins Issues and Images fyrir ráðið. Þannig að þetta er á allan hátt eins og best verður á kosið,“ segir Benedikt. **- óká**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN
þýsku neytendasamtakanna

HREINN SPARNAÐUR

**Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum**

**Allt að 30% afsláttur**

**Á Miele þvottavélum**

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

3 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

Miele
Íslenskt stjórnborð

vilborga@centrum.is




Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

MIELE ÞVOTTAVÉL - *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 138.428 | **kr. 96.900** |
| Þvottavél W2241 *1400sn/mín/5 kg.* | kr. 164.000 | **kr. 114.800** |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 191.300 | **kr. 162.605** |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 112.200 | **kr. 78.540** |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 131.000 | **kr. 91.700** |



*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK
*– hágæðaheimilistæki*
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**FRANZ FERDINAND (1863-1914)**

*„Hvers virði er ræða þín? Ég heimsæki Sarajevó og fæ yfir mig sprengjur. Þetta er svívirðilegt.“*

***Ríkisarfi Austurríkis-Ungverjalands lét þessi orð falla í miðri ræðu borgarstjóra Sarajevó-borgar nokkrum klukkustundum áður en hann var drepinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 28. JÚNÍ 1674

## *Frakkar innlima Guadeloupe í ríki sitt*

Á þessum degi árið 1674 innlimuðu Frakkar eyjaklasann Guadeloupe inn í heimsveldi sitt. Eyjan er austur í Karíbahafi og er enn hluti Frakklands þótt nokkur styr hafi staðið um hana í gegnum söguna.

Frá árinu þrjú hundruð fyrir Krist hafa menn búið á Guadeloupe. Á áttundu öld bjó indíánaþjóðflokkurinn Karíbar á eyjunum, sem þeir kölluðu Karukera eða eyju fallegu vatnanna.

Þegar Kristófer Kólumbus kom í annað sinn til Ameríku lenti hann á Guadeloupe og var þar með fyrsti Evrópubúinn til að stíga fæti sínum á eyjarnar. Frakkar komu svo þangað árið 1635, drápu eins marga Karíba og þeir gátu og innlimuðu eyjarnar í veldi sitt á þessum degi árið 1674. Bretar höfðu þó lengi augastað á Guadeloupe og náðu henni af Frökkum í nokkra daga árið 1794. Þeir náðu henni svo aftur árið 1810 og réðu Bretar eyjunum fram til ársins 1813 þegar Svíar fengu yfirráð yfir henni eftir Napóleónstríðin. Með Vínarsamningnum árið 1815 fengu Frakkar hana aftur til yfirráða sem þeir hafa haldið til dagsins í dag.



**FRÁ GUADELOUPE**

## MERKISATBURÐIR

**1541** Siðaskiptin hefjast formlega hérlendis þegar klerkar Skálholtsbiskupsdæmis samþykkja nýja kirkjuskipan.

**1940** Bretar viðurkenna Charles de Gaulle hershöfðingja sem leiðtoga frjáls Frakklands.

**1947** Landbúnaðarsýning er opnuð í Reykjavík. Hún stendur í tvær vikur og tæplega helmingur þjóðarinnar kemur að sjá hana.

**1948** Sovétríkin reka Júgóslavíu úr COMINFORM sem stofnuð var árið áður til að samræma kommúnistahreyfingar í ýmsum löndum.

**2001** Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er formlega opnaður.



**KVENNALANDSLIÐIÐ FRÁ 1956** Þær hittust fyrst á fimm ára fresti en síðar meir árlega til að halda upp á fyrsta íslenska kvennalandsleikinn í handbolta. Myndin var tekin þegar þær hittust í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**FYRSTA KVENNALANDSLIÐ Í HANDBOLTA:** SEX STELPUR SKIPAÐAR ÚR SEX FÉLAGSLIÐUM

# Stelpurnar okkar í handboltanum

Fyrsti kvennalandsleikur Íslands í handbolta fór fram í Noregi þann 19. júní 1956, fyrir fimmtíu árum síðan. Landsliðið, sem skipað var stúlkum úr sex félagsliðum, er mjög samheldið enn þann dag í dag og þær hittast árlega og halda upp á daginn sem þær sköpuðu kvenþjóðinni nýjan grundvöll til afreka.

Guðlaug Elísa Kristinsdóttir var aðeins fjórtán ára gömul þegar hún keppti í fyrsta landsleiknum, en hún lék þá með meistaraflokki FH. „Við kepptum allar með hinum og þessum félögum, en það var ekkert handknattleikssamband á þessum tíma, svo þetta lið var valið á vegum Handknattleiksráðs Reykjavíkur,“ segir Guðlaug.

Fyrsti leikurinn sem þær kepptu var gegn Noregi kvöldið 19. júní 1956 á Bistel leikvanginum í Osló. Mikið hafði rignt fyrir leikinn, en hann var spilaður á grasvelli utandyra. Íslensku stelpurnar, sem voru bara í strigaskóm, en ekki takkaskóm eins og mótherjarnir, náðu 3-1 forystu, en töpuðu loks leiknum 10-7. Dagblöðin lofuðu þó engu að síður íslenska liðið fyrir baráttuna og mál manna var að



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og stjúpmóðir,*

**Guðríður Eiríksdóttir**

Eikarlundi 26, Akureyri,

sem lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri að kvöldi mánudagsins 19. júní sl. verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 30. júní nk. kl. 13.30.

**Gunnar Ragnars**
**Ragnar Friðrik Ragnars**
**Eiríkur Geir Ragnars**
**Gunnar Sverrir Ragnars**
**Ágústa Ragnars**
**Ólafur Friðrik Gunnarsson.**



†

*Kona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hallgerður Sjöfn Helgadóttir**

Dynskógum 1, Egilsstöðum,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 26. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristinn Árnason**
**Árni Kristinsson**
**Helgi Kristinsson** **Svava Þórey Einarsdóttir**
**Aðalheiður Sjöfn og Kristinn Viktor.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Laufey Guðlaugsdóttir**

Mýrargötu 18, Neskaupstað,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 21. júní. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 30. júní kl. 14.

**Hulda Sveinbjörnsdóttir**
**Sveinn Sveinbjörnsson** **Margrét Samúelsdóttir**
**Matthea G Ólafsdóttir**
**Sigurður Sveinbjörnsson** **Guðbjörg Friðjónsdóttir**
**Anna Maren Sveinbjörnsdóttir** **Jónas Jónson**
**Gunnar Sveinbjörnsson** **Elísabet Grettisdóttir**
**Ólafur Sveinbjörnsson** **Ingibjörg Stefánsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær faðir okkar og afi,*

**Sigmar Jóhannesson**

til heimilis að Egilsbraut 2, Þorlákshöfn,

varð bráðkvaddur mánudaginn 26. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helena Rós Sigmarsdóttir**
**Ægir Snær Sigmarsson**
**Hrannar Már Sigmarsson**
**Ástríður Rán, Askur Máni og Breki Blær.**

†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Anna Þórarinsdóttir**

sjúkraþjálfari, Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum þann 24. júní sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórarinn Stefánsson** **Ragnheiður Karlsdóttir**
**Guðni Stefánsson** **Ewa Sunneborn**
**Tryggvi Stefánsson** **Unnur Sigursteinsdóttir**
**Valgerður Stefánsdóttir** **Sigurður G. Valgeirsson**
**Ástríður Stefánsdóttir** **Jón Á. Kalmansson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Haukur Sveinsson**

vélstjóri, Háengi 19, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands laugardaginn 24. júní sl.

F.h. aðstandenda,

**Lilja Friðbertsdóttir.**






## 60 ára afmæli

*Á MORGUN, FIMMTUDAGINN 29. JÚNÍ VERÐUR sextugur*

***Sigurgeir Þór Sigurðsson***

*Af því tilefni bjóða hann og eiginkona hans, Sigríður Guðlaugsdóttir, ættingjum og vinum til samgleði í Danshöllinni, Drafnarfelli 2, Reykjavík e. kl. 18 á afmælisdaginn.*




**ÁHANGENDUR ARGENTÍNU** Þeir eru margir litríkir, fótboltaaðdáendurnir. Hér eru tveir stuðningsmenn Argentínu, annar málaður í framan, en hinn með grímu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull fimm ára

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001. Heillandi náttúra og sögulegar minjar voru ástæðan fyrir stofnuninni og vonast var til þess að fólk ætti auðveldara með að ferðast um svæðið og kynnast því.

Sérstaða þjóðgarðsins er meðal annars sú að hann nær fram að sjó. Þjóðgarðsvörður sér um daglegan rekstur þjóðgarðsins, en öllum er frjálst að ferðast um hann, hlýti þeir reglum sem um hann gilda. Nokkrum sinnum í viku eru farnar skipulagðar gönguferðir og yfir sumarmánuðina starfa þar landverðir við fræðslu, eftirlit og umhirðu. Í þjóðgarðinum er bannað að hrófla við menningarminjum og óheimilt að fara um á hestum nema á sérmerktum reiðstígum.



stelpurnar hefðu öðlast nauðsynlega reynslu fyrir næstu leiki.

Eftir nokkra leiki í Noregi kepptu þær svo á Norðurlandamótinu í Finnlandi og svo aftur á Norðurlandamótinu 1959 í Þrándheimi og stóðu sig mjög vel. Guðlaug spilaði sem skytta, en neyddist til að ljúka handboltaferlinum vegna læknisráðs eftir þá keppni, en fór að keppa í frjálsum íþróttum og vann þar fjölda verðlauna. Hún segist þó enn fylgjast með handknattleik eins og þær flestar.

Stelpurnar hittust 28. maí síðastliðinn til að fara á kvennalandsleikinn í handbolta milli Íslands og Makedóníu. „Við höldum líka alltaf upp á 19. júní, út af landsleiknum,“ segir Guðlaug. „Svo var bara tilviljun að þetta var kvenréttindadagurinn!“

Síðastliðinn kvenréttindadag héldu þær svo eins og vanalega upp á daginn og skoðuðu Landnámsskálann og borðuðu hátíðarmat á Fjalakettinum í kjölfarið. Árið 1991 hins vegar fóru þær í „pílagrímsferð“ til Osló: „Við vorum búnar að hafa samband við aðila úti. Það var tekið afar vel á móti okkur, okkur var boðið heim til þeirrar einu sem er á lífi af þeim norsku, sem spiluðu á móti okkur. Við höldum enn sambandi.“

Guðlaug segir að stelpurnar í liðinu hafi verið mjög reglusamar og miklir íþróttamenn. „Við drukkum ekki einu sinni kaffi, bara mjólk og engin okkar reykti. Stelpurnar í hinum Norðurlandaliðunum keðjureyktu flestar og voru jafnvel með sígarettupakkana í íþróttafötunum sínum,“ segir Guðlaug og hlær.

„Við vorum fyrirmyndarstelpur með geysilegan áhuga á boltanum, sem var allt annar þá, en í dag.

Stúlkurnar í dag eru í mjög strangri þjálfun og sumar hverjar í atvinnumennskunni.“

## ÚTFARIR

**13.00** Magdalena Eiríksdóttir (Balla), Dvergabakka 28, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**13.00** Sigríður Sigbjörnsdóttir verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**14.00** Sigurbjörg Jónína Jónsdóttir verður jarðsungin frá Hólmavíkurkirkju.

**15.00** Guðrún Gísladóttir, Arnarhrauni 11, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.









## STUÐ MILLI STRÍÐA Svartur blettur

KRISTJÁN HJÁLMARSSON ER MEÐ FORDÓMA



Síðustu ár hefur orðið mikil breyting á íslensku samfélagi. Ný tegund fólks hefur rutt sér til rúms á þessu annars ágæta landi.

Þetta er fólk sem lifir eftir eigin menningu og forðast það eftir fremsta megni að aðlagast þeirri menningu sem hér ríkir.

Þetta er fólk sem lifir eftir öðrum gildum en þeim sem hafa tíðkast hér á landi um árabil. Þetta er fólk sem borðar annan mat en það venjulega fólk sem hér býr. Þetta er fólk sem rottar sig saman og vill helst ekki eiga samskipti við nokkra aðra en fólk af sama toga.

Þetta er fólk sem hefur ekki áhuga venjulegri launavinnu sem flestir myndu taka fegins hendi. Þetta er fólk sem vill lifa annars konar lífi en hinir. Þetta er fólk sem hefur aðrar fyrirmyndir, aðhyllist önnur trúarbrögð og hefur aðra guði.

Það sem verra er þá talar þetta fólk eigið tungumál sem fáir aðrir skilja. Þetta er fólk sem þykist hafa skilning á því þegar þýskir bankar á borð við Rentenbank og KfW gefa út krónubréf fyrir milljarða króna sem verða útleysanleg eftir nokkra mánuði. Því miður, ólíkt öðru fólki sem flutt hefur hingað til lands síðustu ár, hefur þetta fólk ekki aukið á fjölbreytni mannlífsins því það lítur allt eins út.

Þetta fólk er í daglegu tali kallað bísnessfólk og er að vissu leyti svartur blettur á samfélagi okkar. Bísnessmenn eru nefnilega, ólíkt öðrum hópum, ekki minnihlutahópur svo ég hef talið sjálfum mér trú um að það sé allt í lagi að vera uppfullur af fordómum í garð þeirra og það sem er kannski versta, þá skammast ég mín ekki neitt fyrir það.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Sneiddur frosinn lambahryggur
og sneitt lambalæri
KJARNAFÆÐI
Kryddum sjálf!
SNEITT FROSIÐ LÆRI
1079 KR.
Merkt verð 1199 KR.
SNEIDDUR FROSINN HRYGGUR
1259 KR.
Merkt verð 1399 KR.
Bragð sem allir elska!
bonus.is
Allt að gerast í Bónus!
XXL pitsa 760-800g
XXL FRESCHETTA
399 KR.
760/800g
800g
PIZZA SPECIALE
Sauce Filled
Egils GULL
Létt Egilsgull
49 KR.
500 ml
Eitt kíló af hamborgurum
XL alvöru brauð!
899
1 kíló
BÓNUS
HAMBORGARAR
4 XL brauð
98 KR.
100% NAUTAKJÖT
Sjávarréttaspjót á grillið
Kartöflusalat og hrásalat frá KF
GÓÐ LAUSN!
Kartöflu salat
Hrá salat
KF SALAT
98 KR.
350g
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
FISKI GRILLSPJÓT
1198 KR.
kílóverð
Chips
Paprika
Chips
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
500 ml
x18
Frábært úr frystinum!
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is

**Kl. 20.00**
*Hljómsveitin Narodna Musika leikur á Café Cultura í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu. Eldfjörug tyrknesk, búlgörsk og grísk tónlist sem fær fólk á fætur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Leika fyrir japanska aðdáendur

Félagarnir Björn Thoroddsen, Gunnar Þórðarson og Jón Rafnsson í Guitar Islancio munu leika á þrennum tónleikum í Japan í þessari viku. Útgáfufyrirtækið Aljjos Music í Yokohama hefur milligöngu um tónleikana í samvinnu við Japan Iceland Society en fyrirtækið samdi nýlega um útgáfu þriggja hljómplatna með Guitar Islancio í Japan.

Fyrsta platan, Scandinavian Songs, er þegar komin í verslanir og eru tónleikarnir nú hugsaðir til þess að styrkja útgáfu Guitar Islancio enn frekar í Japan og verður virtum tónlistarblaðamönnum ásamt fulltrúum útvarps- og sjónvarpsstöðva boðið á hljómleika Guitar Islancio og á fund listamanna og útgefenda.

Tónlist tríósins er nú í útvarpsspilun í þremur heimsálfum og er þess getið í fréttatilkynningu frá útgefanda þeirra, Zonet útgáfunni, að tríóið sé verðugur fulltrúi íslensks tónlistarlífs á erlendum vettvangi og að framganga þeirra á erlendri grund hafi opnað dyr fyrir öðrum íslenskum listamönnum, til dæmis hafi íslenskir tónlistarmenn átt fulltrúa á hverju hausti á hinni árlegu kínversku alþjóðlegu listahátíð í Shanghai, síðan Guitar Islancio riðu þar fyrstir á vaðið.



**TRÍÓIÐ GUITAR ISLANCIO** Stórir í Japan?

### > Ekki missa af...

hljómsveitinni **Ham** á Nasa annað kvöld. Hin **geðþekku prúðmenni** í ísfirska slagarabandinu **9/11'**s verða sérstakir gestir kvöldsins.

ljósmyndasýningu **Andrésar Kolbeinssonar** í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. **Svart/hvítar** mannlífs- og borgarmyndir frá litríkum tíma.

sumartónleikum í **Bláu kirkjunni** á Seyðisfirði. Eitthvað fyrir alla á miðvikudagskvöldum í sumar, fleygið **fjarstýringunni** og opnið eyrun.



**SJÁLFSMYND EFTIR HELGA ÞORGILS FRIÐJÓNSSON** Fróðleg og margbrotin sumarsýning á Kjarvalsstöðum.

## Sögulegur þverskurður

Sumarsýning Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum er samansett úr verkum í eigu safnsins og veitir hún innsýn í íslenska listasögu allt frá því um aldamótin 1900 til dagsins í dag. Fagurfræðin var höfð til hliðsjónar við val á verkunum og kemur fram í fréttatilkynningu að hefðbundin listasöguleg viðmið hafi verið látin víkja fyrir samhljómi verkanna í sölum safnsins.

Á sýningunni birtast helstu viðfangsefni íslenskra myndlistarmanna, en sérstök áhersla er lögð á málverk. Margir af helstu málurum þjóðarinnar eiga verk á sýningunni, þar á meðal Helgi Þorgils Friðjónsson, Jón Stefánsson, Hringur Jóhannesson og Georg Guðni, auk þess sem nokkur verk eru eftir listamenn sem vinna með aðra miðla, til dæmis eftir Sigurð Guðmundsson.

Um þessar mundir er einnig sýningaröð í norðursal Kjarvalsstaða sem sérstaklega er ætluð börnum. Verkin á þeim sýningum má finna í bókinni Skoðum myndlist sem kom út í vor en nú geta áhugasamir gestir á öllum aldri séð verk Errós, Gunnlaugs Scheving, Katrínar Sigurðardóttur og Kristínar Jónsdóttur í safninu.

Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga frá kl. 10-17 en sumarsýningin stendur til 17. september.

-khh

# Uppruni ímyndar Íslands

**Íslendingar hafa löngum verið viðkvæmir fyrir sjálfum sér og líkar ekki alltaf það sem misglöggir erlendir gestir láta út úr sér og frá sér um menningu og staðhætti hérlendis.**



**ER GESTS AUGAÐ GLÖGGT?** Teikning af Brúará sem birtist í bókinni Travels in the Island of Iceland eftir George Steuart Mackenzie er kom út árið 1811.

Sagnfræðingurinn Sumarliði Ísleifsson þekkir þessa viðkvæmni býsna vel, enda hefur hann um árabil rannsakað skrif erlendra manna um Ísland og í fyrirlestri sínum í bókasal Þjóðmenningarhússins í dag mun hann fjalla um þær ímyndir og hugmyndir. Fyrirlesturinn markar opnun sýningar í Þjóðmenningarhúsinu sem nefnist „Í spegli Íslands," en þar er fjallað um slík skrif og saga þeirra rakin allt til 16. aldar. Sumarliði kallar erindið „Carta Marina og ímyndir Íslands," og mun hann fjalla um kort eitt sem Svíinn Olaus Magnus teiknaði á fyrri hluta 16. aldar en þar dregur hann ekki aðeins upp myndir af löndunum heldur greinir einnig frá ýmsu sem hann telur sig vita um þau.

„Ég velti því fyrir mér hversu góð heimild kortið er um Ísland, um staðhætti hér, örnefni og náttúrufyrirbæri og annað slíkt. Einnig er forvitnilegt að kanna þær hugmyndir sem koma fram á kortinu um land og þjóð - uppruna þeirra hugmynda, hversu lengi þær hafa enst og hvort þær séu ljóslifandi enn þann dag í dag," segir Sumarliði.



**SUMARLIÐI ÍSLEIFSSON SAGNFRÆÐINGUR** Ræðir um ímyndir og hugmyndir erlendra manna um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sumarliði útskýrir að teiknarinn hafi aldrei stigið fæti hér á land, en ásamt því að gera kortið skrifaði hann líka þúsund síðna bók sem fjallar um sögu Norðurlandanna og þar á meðal Íslands. „Sennilega er hvatinn að baki þessu framtaki hans að Magnus var síðasti sænski katólski biskupinn og var landflótta í Róm á þessum tíma og þar suður frá voru menn að spyrjast fyrir um Norðurlöndin." Hann verður var við ranghugmyndir um Norðurlöndin og tekur á vissan hátt að sér að leiðrétta misskilning um sína heimahaga og þar með um Ísland. „Hann aflar sér upplýsinga hér og þar og hefur greinilega haft aðgang að öðrum ritum um Ísland en hann hefur tæplega, þótt það sé ekki vitað, haft neinn íslenskan heimildamann."

Sumarliði segir að kortið sé merkilegt fyrir margra hluta sakir, til dæmis sé það mjög fallegt. „Út frá mínum rannsóknum er það líka forvitnilegt vegna þeirra ímynda sem þar birtast. Það sýnir tvenns konar öfgar - annars vegar furðueyjuna Ísland, þar sem paradísareyjan birtist, og hins vegar hin slæma eyja. Frá sjónarhóli nútímamanna er sérkennilegt að birta þær á sama kortinu."

Sumarliði telur að kortið hafi haft mikil áhrif á hugmyndir útlendinga um Ísland og þar af leiðandi áhrif á sjálfsskilning Íslendinga en áréttar jafnframt að slíkur skilningur verði til í víxlverkun og eigi sér flóknar en forvitnilegar hugmyndasögulegar rætur.

Erindið flytur Sumarliði í hádeginu í dag en sýningin sjálf stendur til 13. ágúst.

kristrun@frettabladid.is




# Víst er fagurt á fjörðum

Fyrr á dögum tíðkaðist að flytja þjóðlögin við strengjaundirleik en annað kvöld verða sérstakir tónleikar í Stykkishólmskirkju þar sem Gerður Bolladóttir sópransöngkona, Hlín Erlendsdóttir fiðluleikari og Sophie Schoonjans hörpuleikari munu flytja þjóðlög í nýjum útsetningum fyrir rödd og strengi.

Yfirskrift tónleikanna er „Fagurt er á Fjörðum" og samanstendur efnisskráin af veraldlegum og trúarlegum þjóðlögum. Veraldlegu lögin voru útsett af Ferdinand Rauter fyrir píanó en verða flutt af hörpu. Trúarlegu lögin eru útsett af Önnu Þorvaldsdóttur í tilefni þessara tónleika en á næstu vikum er væntanlegur diskur frá þeim stöllum með sama nafni.

Tónleikarnir í Stykkishólmskirkju hefjast kl. 20.30, en á föstudagskvöldið munu þær halda aðra tónleika á Hólum í Hjaltadal. -khh



**GERÐUR BOLLADÓTTIR, HLÍN ERLENDSDÓTTIR OG SOPHIE SCHOONJANS** Þjóðlög í nýstárlegum en gamaldags útsetningum.

# Við erum Mazda




sóltilboð



| Mazda6 Touring 2,0i 4 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur* | Mazda6 Touring 2,0i Wagon, sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Sóltilboð 2.525.000 kr. | Sóltilboð 2.575.000 kr. | Sóltilboð 2.625.000 kr. |
| Bílasamningur 34.726 kr. | Bílasamningur 35.414 kr. | Bílasamningur 36.102 kr. |
| Rekstrarleiga 46.100 kr. | Rekstrarleiga 47.100 kr. | Rekstrarleiga 48.700 kr. |

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.730.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltilboði.



| Mazda3 Touring 1,6i 5 dyra, 5 gíra* | Mazda3 Touring 1,6i 4 dyra, 5 gíra* | Mazda5 Touring 2,0i 7 manna, 5 gíra* |
|---|---|---|
| Sóltilboð 1.890.000 kr. | Sóltilboð 1.920.000 kr. | Sóltilboð 2.390.000 kr. |
| Bílasamningur 25.897 kr. | Bílasamningur 26.307 kr. | Bílasamningur 32.748 kr. |
| Rekstrarleiga 34.700 kr. | Rekstrarleiga 35.200 kr. | Rekstrarleiga 43.400 kr |

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 06/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Margfalt fagnaðarefni í Iðuhúsinu. FRÉTTALBLAÐIÐ/HARI

## Steinunn í Iðu

Annað kvöld verður efnt til kvöldvöku í Iðuhúsinu í Lækjargötu þar sem rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir mun fjalla um verk sín og lesa úr nýjustu skáldsögu sinni, Sólskinshesti, sem út kom fyrir síðustu jól. Bókin kemur nú út í kilju og einnig sem nethljóðbók á heimasíðu útgáfunnar, www.edda.is. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem íslensk skáldsaga er gefin út óstytt í því formi.

Dagskráin hefst kl. 20 og munu góðir gestir einnig líta við. Hallgrímur Thorsteinsson og Ásdís Kvaran lesa ljóð Steinunnar og Úlfhildur Dagsdóttir flytur stutt erindi um höfundinn og verk hennar.

Ennfremur mun Steinunn flytja framhald þjóðhátíðarljóðsins „Einu-sinni-var-landið," sem fjallkonan Tinna Hrafnsdóttir flutti á Austurvelli þann 17. júní. -khh

# Bjartar nætur á næstunni

Ferðaleikhúsið frumsýnir The Best of Light Nights í Iðnó í kvöld, en að vanda byggir sýningin á íslensku efni að mestu og er flutt á ensku. Ferðaleikhúsið er atvinnuleikhús, stofnað í árslok árið 1965 en frá árinu 1970 hefur markhópur þeirra aðallega verið erlendir sumargestir í Reykjavík. Sýningar Ferðaleikhússins eru fyrir löngu orðnar fastur liður í menningarlífi borgarinnar. Þær bera jafnan heitið Light Nights - Bjartar nætur, en efnisskráin er breytileg milli ára.

Fjölmargir sviðslistamenn, tónskáld, ljósmyndarar og fræðimenn hafa komið að sýningunum í gegnum árin - og margir þjóðþekktir leikarar hafa stigið sín fyrstu spor á leiksviði í sýningum Ferðaleikhússins.

Sýningin að þessu sinni inniheldur átján atriði. Þjóðsögur og senur úr Íslendingasögunum eru færðar í leikbúning og á milli leikatriða er sýnt fræðsluefni með skyggnum og tilheyrandi tónlist og leikhljóðum. Meðal atriðanna eru tvö leikdansatriði samin af Þorleifi Einarssyni, glímusýning, þjálfuð af Herði Gunnarssyni og einþáttungur um upphaf huldufólksins, samin af Kristínu G. Magnús forsprakka Ferðaleikhússins, sem einnig hefur samið leikgerð upp úr hinni sígildu drauga-þjóðsögu um Djáknann á Myrká.

Sýnt verður í Iðnó öll mánudags og þriðjudagskvöld í júlí og ágúst en veitingahúsið Tjarnarbakkinn töfrar fram sælkerakvöldverð á undan sýningunum fyrir þá sem þess óska. -khh



**LEIKARARNIR EMIL FREYSSON OG ARNA BJÖRG JÓNASDÓTTIR** Bright Nights - Bjartar nætur er sumarleikhússýning fyrir erlenda ferðamenn og aðra áhugasama leikhúsgesti.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

25 26 27 **28** 29 30 1

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 Kvintettinn **Atlas** leikur í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar** í **Laugarnesi**. Hópurinn er **Skapandi sumarhópur** á vegum Hins hússins og Reykjavíkurborgar og skipaður ungu tónlistarfólki úr **Listaháskóla Íslands**.

☐ 20.00 Hljómsveitin **Narodna Musika** leikur á **Café Cultura** í **Alþjóðahúsinu** við **Hverfisgötu**. Tyrknesk, búlgörsk og grísk tónlist sem fær alla á fætur.

### SKEMMTANIR

☐ Dúettinn **MoR**, **Margrét Eir og Róbert**, leika á skemmtistaðnum **Yello** í **Reykjanesbæ**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Sumarliði R. Ísleifsson** sagnfræðingur heldur erindi í bókasal **Þjóðmenningarhússins** í tilefni af opnun sýningar um skrif erlendra manna um Ísland. Fyrirlesturinn nefnist **Carta Marina og ímyndir Íslands.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Býflugur og helgimyndir

**[BÆKUR]**

UMFJÖLLUN

Leyndardómur býflugnanna er ein af þessum bókum sem fara sigurför um alþjóðlega bókamarkaðinn, bandarísk skáldsaga sem kom fyrst út árið 2002 og hefur síðan verið þýdd á meira en tuttugu tungumál, íslenska útgáfan kom út hjá Bjarti núna í byrjun sumars í neon-ritröðinni. Sue Monk Kidd er frá Suðurríkjunum, upphaflega menntuð í hjúkrun en aflaði sér ritreynslu og nokkurrar frægðar með blaðamennsku og sjálfsævisögulegum bókum. Leyndardómur býflugnanna er fyrsta skáldsaga hennar en ber þess vitni að hér skrifar vanur höfundur.

**Logi ástarinnar**

Bókin ber líka vitni um áhugamál höfundar síns: Hún hefur pælt í kvennaguðfræði, goðsögnum og kenningum sálgreinandans C.G. Jung og hún er óhrædd við tákn og tilvísanir í þeim anda. Aðalpersónan er fjórtán ára stúlka, Lily Owens, sem hefur misst móður sína fyrir tíu árum, og býr hjá föður sínum sem rekur ferskjubú í Suður-Karólínu. Hann beitir dóttur sína miklu harðræði og svo fer að hún stingur af að heiman ásamt fóstru sinni, blökkukonunni Rosaleen. Þetta er árið 1964, Johnson forseti er nýbúinn að skrifa undir mannréttindalögin sem skyldu tryggja jafnrétti kynþátta til kosninga og menntunar, og þessi bakgrunnur kemur mjög við sögu, því Lily verður að frelsa Rosaleen úr fangelsi sem henni var varpað í eftir að hafa lent í árekstri við kynþáttahatara, þegar hún hugðist skrá sig til kjósanda. Þær fá skjól hjá þremur systrum, blökkukonum sem leggja stund á býflugnabúskap og tilbiðja auk þess styttu af hinni svörtu guðsmóður.

Meira er ekki rétt að upplýsa um söguþráðinn en bókin fjallar líka um sígild viðfangsefni, tilvistarvanda unglingsins, samband við föður og móður, æskuástir og baráttuna við að finna sjálfan sig. Sterkar kvenpersónur, litríkur bakgrunnur og goðsagnakennt ívafið geta minnt á sagnagerð Isabel Allende: þetta eru innlifunarbókmenntir, lesandinn verður að ganga sögumanninum á hönd, annars er hætt við að hann hristi hausinn yfir ýmsu sem frá er sagt. Gangi lesandinn inn í verkið er margt vel gert, ekki síst í lýsingu á kenndum Lily, sem líður lengi vel ekki einsog stelpu, „heldur eins og ég væri með stelpu í gíslingu" (13). Einnig er sterk lýsingin á systurinni May, sem þjáist af of mikilli „samlíðun með Ástu Sóllilju á jörðinni", svo vitnað sé til Sjálfstæðs fólks; kærleikurinn og angistin ber hana ofurliði. Og höfundurinn leyfir sér líka að vera skáldleg og kemst oft vel að orði: „Heimurinn er ekkert annað en risastór eldiviðarkubbur sem fleygt hefur verið á gráðuga loga ástarinnar" (121).

**Vandi verksins**

Vandi verksins sem skáldsögu er að hún efnir ekki alveg sín eigin loforð. Hún er sterk og grípandi framan af, dregur upp sérstætt sögusvið, og leggur upp með alvöru sögu. En í seinni hlutanum er eins og höfundur geti ekki alveg staðið við fyrirætlun sína, sé of annt um að koma sinni sýn og skoðunum að, og framvindan verður fyrirsjáanleg, enda eru jákvæðu persónurnar, sem eru í miklum meirihluta, alveg einstaklega göfugar. Það er mikið um tilfinningalýsingar og mikið grátið en minna um alvöru þjáningu. Og samtenging býflugnanna, dýrkunar hinnar heilögu guðsmóður og þess að finna móðurina í sjálfri sér er full mikil móðurmystík fyrir þennan lesanda. Eftir situr sú tilfinning að þótt þetta sé vissulega læsileg saga, er hún ein af þeim sem hefði getað orðið betri, hér var allt til reiðu fyrir mikinn söngleik.

*Sterkar kvenpersónur, litríkur bakgrunnur og goðsagnakennt ívafið geta minnt á sagnagerð Isabel Allende, þetta eru innlifunarbókmenntir, lesandinn verður að ganga sögumanninum á hönd, annars er hætt við að hann hristi hausinn yfir ýmsu sem frá er sagt.*

Án þess að hafa gert á því neinn samanburð virðist mér að þýðing Guðrúnar Evu sé vel af hendi leyst, þetta er blæbrigðaríkur texti með góðum orðaforða. En það má stundum gæta sín á amerískunni: Martin Luther King var prestur, ekki ráðherra (eins og hann er kallaður á bls. 23). Hér er það breska merking orðsins „minister" sem þvælist fyrir.

Að lokum er rétt að þakka bókaforlaginu Bjarti fyrir að sinna þýddum bókmenntum vel í neon-ritröðinni.




**LEYNDARDÓMUR BÝFLUGNANNA**
EFTIR SUE MONK
GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR ÞÝDDI

**Niðurstaða:** Sannarlega læsileg saga, en hefði getað orðið betri, hér var allt til reiðu til þess.


Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Uppselt biðlisti
Hella Safnaðarheimilið 28. júní
Miðasala: 487-7710, 892-5912
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

KJÓLAR ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

Miðasala á netinu!
www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

Footloose
29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose
Á ÞAKINU
3 SAGAS entertainment

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**LÍTUR VEL ÚT**
**Santa Fe**

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

# *NJÓTTU ATHYGLINNAR!*
# *NÝR SANTA FE*

## *HYUNDAI HEFUR GÆÐIN!*

**Hyundai var í 3. sæti, næst á eftir Porsche og Lexus, í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power & Associates. Í niðurstöðum könnunarinnar segir m.a. að þessi glæsilegi árangur sýni, að Hyundai sé orðinn fremsti framleiðandi bifreiða í almennum flokki (non-luxury class).**

**„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir, sérstaklega með hliðsjón af því að þessar niðurstöður staðfesta fyrri árangur Hyundai í IQS gæðakönnuninni. Það hefur jafnframt verið áhugavert að fylgjast undanfarin ár með góðu gengi Hyundai í alþjóðlegum gæðakönnunum sem þessum. Ef eitthvað skiptir okkur hjá B&L máli, þá eru það gæði jafnt vörunnar okkar, sem þjónustu."**

**IQS gæðaönnunin er tvíþætt, þar sem hún snýr annars vegar að framleiðslugæðum og hins vegar að gæðum hönnunarinnar. Þarna er því ekki aðeins verið að mæla áreiðanleika bíla, heldur einnig hversu ánægðir eigendur þeirra eru með búnað þeirra, þægindastig o.fl.**
***www.jdpower.com***

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# Tvær persónur deyja í lokabókinni

**Tvær persónur í sjöundu og síðustu Harry Potter-bókinni sem er væntanleg á næsta ári munu láta lífið. J.K. Rowling, höfundur bókanna, viðurkenndi þetta í viðtali í enska sjónvarpsþættinum The Richard and Judy Show. Snæbjörn Arngrímsson, bókaútgefandi, er undrandi á þessum fregnum.**

Rowling var þögul sem gröfin um hvaða persónur þetta væru en sagðist sjálf hafa vitað um örlög þeirra síðan í kringum 1990 þegar hún skrifaði lokakaflann. Sagðist hún jafnframt ekki búast við því að eiga eftir að skapa aftur jafn vinsæla persónu og Potter.



**SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON** Eigandi Bjarts hefur enga trú á að sjálfur Harry Potter muni deyja í sjöundu og síðustu bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Fyndin markaðssetning

Snæbjörn Arngrímsson, eigandi bókaforlagsins Bjarts sem gefur út Harry Potter, segir þessar fregnir koma nokkuð á óvart. „Hún er svolítið fyndin þessi markaðssetning þar sem það er boðaður dauði mörgum mánuðum áður en bókin kemur út. Þetta var gert fyrir síðustu bók og ég hugsaði með mér núna: „nei, ekki aftur," segir Snæbjörn í léttum dúr.

„Það verður spennandi að sjá hver það er sem verður fyrir árás og fyrir þá sem þekkja þessar bækur vel er þetta dálítið „scary."

### Harry lifir af

Í síðustu bók, Blendingsprinsinn, var það galdrakarlinn Dumbledore sem fór yfir móðuna miklu en áður hafði Sirius Black hlotið sömu örlög. Snæbjörn segist ekki hafa trú á því að Harry sjálfur muni deyja í lokabókinni þrátt fyrir að oft séu aðalsöguhetjurnar látnar deyja til að koma í veg fyrir að framhald verði gert síðar meir. „Það var talað um að félagi Harry myndi fara í síðustu bók, en ég veit það ekki, það er ómögulegt að segja. Ég held að Harry lifi þetta af, ég trúi því," segir hann.

### Ekki hægt að biðja um meira

Bækurnar um Harry Potter hafa verið algjör gullnáma fyrir bókaforlagið Bjart undanfarin ár. Snæbjörn kvíðir ekki framtíðinni hjá forlaginu þrátt fyrir að aðeins ein bók um galdrastrákinn sé eftir. „Það er óvenjulegt að fá sjö metsölubækur frá sama höfundinum, maður getur ekki beðið um meira. Allt gott tekur einhvern tímann enda," segir hann. „Svona nokkuð kemur ekki nema á tíu ára fresti og það kemur ekkert beint í staðinn fyrir Potter. Kannski eftir einhver ár grípur nýtt æði um sig og þá kannski grípum við þá gæs, maður veit aldrei."

### Hætt við flugeldasýningu

Aðspurður segist Snæbjörn ekki vera búinn að skipuleggja sérstakt kveðjuhóf til heiðurs Potter þegar síðasta bókin dettur í hús. „Þegar síðasta bók kom út átti að vera flugeldasýning á flóanum þegar skipið kom inn með bókina. Yfirvöld bönnuðu það en það verður örugglega gert eitthvað til hátíðarbrigða," segir hann. „Bókin kemur út á ensku fyrst og við fáum ekki handritið fyrr en bókin er komin út. Hátíðarhöldin verða fyrst og fremst þegar enska bókin kemur út."

### Lykill Salómons væntanleg

Harry Potter er ekki eini gullkálfur Bjarts því bókaforlagið gefur einnig út bækur Dan Brown, höfundar Da Vinci-lykilsins. Ný bók frá honum, Lykill Salómons, er væntanleg um áramótin. „Hann er ekki búinn að skila handriti að bókinni en það liggur í loftinu að það verði um áramótin. Hann ætlaði að skila henni í sumar en það hefur dregist," segir Snæbjörn.

freyr@frettabladid.is



Mynd úr Harry Potter og fanginn frá Azkaban

**DUMBLEDORE** Galdrakarlinn og vinur Potter, Dumbledore, lést í síðustu bók.

**HARRY POTTER** Margir halda að Harry Potter muni deyja í næstu bók.



**AXL ROSE** Söngvari Guns N´ Roses var stungið í steininn eftir að hafa bitið öryggisvörð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Axl Rose í steininn

Axl Rose, söngvari rokksveitarinnar Guns N´ Roses var handtekinn í Stokkhólmi fyrir að bíta öryggisvörð í fótinn í slagsmálum sem brutust út á hóteli.

Rose var handtekinn vegna gruns um að hafa ráðist á og hótað öryggisverðinum og fyrir að hafa valdið skemmdum á Berns-hótelinu. „Hann var talinn of ölvaður til að geta farið í yfirheyrslu," sagði talsmaður lögreglunnar.

Meðlimir Guns N´Roses héldu tónleika í Globe-höllinni í Stokkhólmi á mánudagskvöld og fóru síðan í partí á næturklúbbi á eftir. Ekki er vitað hvað olli slagsmálunum en samkvæmt sænskum slúðurblöðum reyndi öryggisvörðurinn að skrerast í leikinn þegar hinn 44 ára Rose átti í rifrildi við konu í anddyri hótelsins.




TVEIR FYRIR EINN Á ÖLLUM JÖKKUM

40-60% AFSLÁTTUR Á ÖÐRUM VÖRUM

| Dæmi um verð: | Áður | Núna |
|---|---|---|
| Jakkapeysa | 6.700.- | 2.900.- |
| Hekluð peysa | 6.900.- | 2.900.- |
| Vafin peysa | 5.900.- | 2.900.- |
| Pólóbolur | 3.300.- | 1.900.- |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.900.- | 1.900 |
| Langerma bolur | 3.900.- | 1.900.- |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | 1.900.- |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | 1.900.- |
| Tunika m/bróderíi | 4.900 | 2.900.- |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | 2.900.- + einn frír |
| Renndur jakki | 7.600.- | 2.900.- + einn frír |
| Hörkjóll | 4.600.- | 2.900.- |
| Gallapils | 6.900.- | 1.900.- |
| Sítt pis | 4.900.- | 1.900- |
| Hörbuxur | 7.900.- | 4.900.- |
| Gallabuxur | 7.900.- | 3.900. |

Tveir fyrir einn tilboð á eldri fatnaði
Þú greiðir kr 990 og færð aðra flík frítt
Opið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870


# Sæglópur fær fjórar og hálfa stjörnu

Smáskífulagið Sæglópur með hljómsveitinni Sigur Rós fær fjórar og hálfa stjörnu af fimm mögulegum á heimasíðunni vinsælu gigwise.com.

„Lagið málar myndir af fjarlægu landslagi sem gefa þeim von sem hafa enga og vekja upp ástríður hjá þeim sem hafa ekkert að lifa fyrir," segir m.a. í umsögninni. Þar segir einnig að það sé ótrúlegt að svo þungt lag geti verið svo fallegt áheyrnar. Bætir blaðamaðurinn því við að platan Takk sé aðgengilegri en fyrri plötur Sigur Rósar og því gætu harðir aðdáendur sveitarinnar orðið vonsviknir með hana. Engu að síður sé ekkert betra en Sigur Rós sem stígi þungt niður án þess að meiða nokkurn mann.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós spilar á Hróarskelduhátíðinni á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rokka á Ölstofunni

Rokkhljómsveitin Langi Seli og Skuggarnir treður upp á Ölstofunni í kvöld. Að sögn Kormáks Geirharðssonar, trommuleikara sveitarinnar og verts á Ölstofunni, hefur lítið verið um tónleikahald á Ölstofunni fram til þessa. „Þetta er alla vega í fyrsta skiptið sem alvöru rokk fær að heyrast," segir Kormákur.

Langi Seli og Skuggarnir hafa verið í pásu frá tónleikahaldi um árabil þar til fyrir skemmstu að þeir léku á Sirkus. „Við erum smám saman að stækka tónleikastaðina og höldum okkur í spilaæfingu á meðan. Það er fínt að geta prófað þessi lög sem verða á plötunni," segir Kormákur. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 í kvöld.



**LANGI SELI OG SKUGGARNIR** Leika ný lög á Ölstofunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ALEXANDER MCQUEEN** Fatahönnuðurinn knái hefur hannað íþróttaskó sem bera nafnið ManCat. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hannar Puma-skó

Hátískuhönnuðurinn Alexander McQueen frumsýndi nýja skólínu sína fyrir íþróttamerkið PUMA í fyrrakvöld. Þetta var gert með glæsilegri viðhöfn í Carla Sozzani listasafninu í Mílanó. Hönnun McQueen var ekki einungis frumsýnd því einnig var sýnd heimildarmynd um samvinnu hans og Nick Knight, aðalhönnuðar Puma, við gerð skónna. Skórnir bera nafnið ManCat og eru væntanlegir í búðir í haust. McQueen er ekki fyrsti fatahönnuðurinn til að hanna íþróttavörur en stalla hans Stella McCartney hefur verið að hanna línu fyrir Adidas. Alexander McQueen er iðinn þessa dagana því hann hélt einnig tískusýningu á herrafatnaði fyrir vor/sumar´07 í Mílanó en nú stendur yfir tískuvika þar á bæ.



**TÓNLISTARPAR** Miðað við tónlistarhæfileika foreldranna ætti frumburður þeirra að vera mjög tónelskur.

# Eiga von á barni

Djasssöngkonan Diana Krall og tónlistarmaðurinn Elvis Costello eiga von á sínu fyrsta barni í desember. Krall og Costello giftust árið 2004 í glæsihýsi Elton John og hafa látið mikið í sér heyra í heimi djasstónlistarinnar, bæði saman og í sitthvoru lagi. Þau gerðu saman plötuna The girl in the other room sem kom út 2004 og komst í fimmta sæti vinsældalistans í Bretlandi. Costello er nú á tónleikaferðalagi með bandaríska tónlistarmanninum Allen Toussaint og Krall er að vinna að nýrri plötu sem kemur út í september.



**CYNTHIA NIXON** Ætlar aldrei aftur að skammast sín fyrir að vera samkynhneigð.

# Stolt lesbía

Cynthia Nixon segist aldrei aftur ætla að fara í felur með þá staðreynd að hún er samkynhneigð. Rauðhærða fegurðardísin, sem þekkt er fyrir hlutverk sitt í Sex and the City, skildi við eiginmann sinn í fyrra og tók upp samband við konu. „Ég á mitt einkalíf en ég hef samt ekkert að fela,“ segir Cynthia sem er tveggja barna móðir.



## STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU

# *Að verða sjóaðri*

Önnur hátíðin á enda, Southside á flugbraut í Neuhausen ob Eck í Suður-Þýskalandi. Hátíðin var svona sæmileg, ósköp hefðbundin rokkhátíð, með nöfnum á borð við Muse, The Strokes, Arctic Monkeys og fleiri í þeim dúr sem fengu misgóða lendingu á flugbrautinni. Minni hljómsveitirnar voru skemmtilegastar: Pretty Girls Make Graves, The Gossip, Brian Jonestown Massacre og Eagles of Death Metal, til þess að nefna fáar. Svo má heldur ekki gleyma Sigur Rós, sem héldu skothelda tónleika þar sem ég sá fjölmörg tár falla hjá áhorfendum í kringum mig. Sá meðal annars einn gaur strunsa í burtu hágrátandi.

Annars var ég mest í því að nýta hátíðina í að safna í reynslubankann. Svaf til dæmis í fyrsta skipti í tjaldi og á óþægilega þunnu dýnunni minni. Harkaði hins vegar af mér og hugsaði til forfeðra minna eins og sannur Íslendingur. Þeir höfðu lítið annað undir sér en hart trérúm, í besta falli húsfreyjuna (sem getur reyndar verið öfundsvert). Skórnir mínir eru líka lítið annað en tauskór með litlu gúmmí undirlagi, ekki ósvipaðir gömlu góðu sauðskinsskónum. Þrátt fyrir miklar blæðingar fyrstu dagana hefur mér tekist að búa til massíft sigg á fótunum á mér sem jafnvel Gísli Súrsson yrði stoltur af.

Þreytan í löppunum er líka alltaf að verða minni og minni eftir því sem maður harkar af sér fleiri tónleika í kyrrstöðu. Hef líka komist að því að gott dill og kannski örfá létt spor geta komið í veg fyrir verki, stirðleika og harðsperrur. Að klappa líka vel og lengi með upprétttar hendur, hvenær sem tækifæri gefst til, er góð hreyfing og liðkar upp á axlirnar. Svo er það blessuð staðsetningin í sjálfum áhorfendaskaranum. Á ég að vera í stuðinu og þrengslunum eða í aðeins afslappaðra andrúmslofti með smá plássi í kringum mig? Oftast kýs ég seinni kostinn sem þýðir reyndar að maður verður að hálgerðum æðavegg, þar sem að yfirleitt myndast æðar meðal áhorfenda þar sem þeir streyma inn og út. Og auðvitað myndast þessar æðar á svæðum þar sem er eitthvað pláss, ergo: þar sem ég kýs yfirleitt að vera. Hef þess vegna verið að þróa með mér sérstök röntgenaugu sem finna svæði sem eru laus við slíkar æðar.

Svona hefur maður verið að leggja inn í reynslubankann og þegar ég kem heim í lok júlí eftir að hafa staðið af mér sex tónleikahátíðir þá verður maður heldur betur orðinn sjóaður í fræðunum.



**ÞÉTTIR OG FLOTTIR** Íslandsvinurinn Anton Newcomb og félagar í The Brian Jonestown Massacre voru þéttir og flottir á Southside. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR











**DANIEL OLIVER** Fyrsta lag Daniels Olivers er væntanlegt á næstunni.

# Fyrsta lag Daníels

Fyrsta lag Daniels Olivers, sem tók þátt í Idol-Stjörnuleit fyrr á árinu, kemur út á næstunni ásamt tónlistarmyndbandi. Lagið nefnist Over You og er ballaða eftir Daniel sjálfan. Verður það að finna á væntanlegri plötu Daniels, sem hefur ekki fengið útgáfudag.

„Með hjálp frá góðu fólki er ég að gera plötu sem vonandi kemur út um jólin. Ég er samt ekkert að flýta mér og það getur verið að hún dragist fram á næsta ár ef ég verð ekki hundrað prósent sáttur við hana," segir Daniel, sem hefur haft sig lítið í frammi síðan hann lauk keppni í Idol. „Ég hef aðeins verið að koma fram en ekkert opinberlega. Ég er aðallega að vinna í laginu og myndbandinu," segir hann.

Myndbandið kemur út á svipuðum tíma og lagið. Gerist það í Reykjavík og er tekið upp í svarthvítu.

-fb

# Seldi lag í hafnaboltaauglýsingu

**Nýverið var fjallað um plötuna Hole and Corner með íslenska tónlistarmanninum Bela í bandaríska tónlistartímaritinu Billboard. Bela er listamannsnafn Baldvins Ringsted sem fluttist til Glasgow í listnám á síðasta ári.**

Á heimasíðu Billboard segir að á plötunni sé blandað saman gömlu rokki og nýju. Raddirnar séu viðkvæmar og slide-gítarleikurinn sé myrkur en fágaður. „Stundum hljómar röddin eins og John Mayer en bjartur og naumhyggjulegur gítarleikurinn í lögum eins og Stones minnir meira á Nick Drake," segir í umfjölluninni.

**Útgáfusamningur í Bretlandi**

Áður en Baldvin fór út hafði hann tekið upp töluvert af efni og fékk þar m.a. aðstoð Pálma Gunnarssonar, bassaleikara, og Birgis Hilmarssonar, söngvara Ampop, sem syngur bakraddir og spilar á ásláttarhljóðfæri í nokkrum lögum.

Þegar út var komið sendi Bela demó á nokkur útgáfufyrirtæki og Say Dirty Records hringdu til baka nánast samdægurs og buðu samning. Þegar sá var í höfn var hafist handa við að púsla saman plötu með Marcus MacKay (Snow Patrol, Reindeer Section, Zephers) var fenginn til aðstoðar, sem og ýmsir hljóðfæraleikarar. Söngkonan Gemma Hughes syngur jafnframt í tveimur lögum.

**Upptökur á sjö stöðum**

Baldvin segist hafa byrjað á plötunni snemma á síðasta ári. „Það er búið að taka hana upp á sjö stöðum allt í allt. Maður er að innheimta greiða hjá einhverjum og betla út greiða hjá öðrum," segir Baldvin, sem ólst upp við að hlusta á allskonar tónlist. Segir hann plötuna endurspegla það að miklu leyti. „Þetta er svolítið eins og ég ólst upp við hjá foreldrum mínum. Ég man þegar ég var lítill þá festust í manni hljómsveitir eins og Crosby og Stills og America og allt það dót. Svo fer maður seinna að hlusta á Nick Drake og eitthvað nýrra eins og Elliott Smith og Belle and Sebastian. Þessir listamenn hafa líka svolítið verið að taka úr þessu gamla," segir hann.

**Lag í auglýsingu**

Hole and Corner var gefin út í Bretlandi þann 19. júní en fer þó ekki í almenna dreifingu fyrr en í lok júlí þar sem útgáfudeginum var frestað. Platan er ekki enn komin út í Bandaríkjunum en einhverjir Bandaríkjamenn sem búa á austurströndinni hafa þó hugsanlega heyrt lagið Jerome sem er að finna í hafnaboltaauglýsingu nokkurri.

Bela mun spila hér á landi í júlí og heldur meðal annars tónleika í verslun 12 Tóna og spilar á Rás 2.

Þeir sem vilja nálgast frekari upplýsingar um Bela er bent á heimasíðuna www.myspace.com/belamusicforpeople.

freyr@frettabladid.is



**BELA** Tónlistarmaðurinn Bela hefur gefið út plötuna Hole and Corner.






# Svíkur Take That

Söngvarinn og hjartaknúsarinn Robbie Williams hefur nú svikið gömlu félaga sína í hljómsveitinni Take That. Þeir Gary Barlow, Mark Owen, Jason Orange og Howard Donald eru nú komnir saman aftur og spila þeir í Bretlandi í sumar. Einnig ætla þeir að taka upp nýja plötu sem kemur út um jólin. Robbie var búinn að gefa út þá yfirlýsingu að hann mundi koma fram á tónleikum með þeim en hefur nú snúist hugur og segist vera of upptekinn.

Williams hætti í hljómsveitinni árið 1995 og er sá eini sem hefur náð frama í bransanum eftir að hljómsvetin lagði upp laupana. Hann er nú í sinni eigin hljómleikaferðalagi um heiminn og næstu tónleikar eru um helgina í Svíþjóð.



**ROBBIE WILLIAMS** Er of upptekinn fyrir Take That.

# Beck breytir til

Tónlistarmaðurinn Beck Hansen segir að hip-hop verði í aðalhlutverki á næstu plötu sinni sem kemur út í haust. Upptökustjóri verður Nigel Godrich sem stýrði upptökum á plötum Beck, Mutations og Sea Change. Einnig var hann m.a. upptökustjóri plötunnar OK Computer með Radiohead, sem margir telja bestu plötu sveitarinnar.

Á meðal laga á nýju plötunni verða Soldier Jane, Nausea og 1000 BPM. „Áður en við byrjuðum sagðist Nigel vilja gera hip-plötu. Hún er það að mörgu leyti en að sumu leyti ekki. Það eru hip-hop lög á henni. Á plötunum Mutations og Sea Change horfði ég mikið inn á við og þessi nýja plata færir svolítið þessa tvo heima saman," sagði Beck.



**BECK HANSEN** Tónlistarmaðurinn Beck gefur út nýja plötu í haust.

Einnig er væntanleg frá Beck tíu ára afmælisútgáfa af plötunni Odelay þar sem Aphex Twin og Dust Brothers eiga endurhljóðblönduð lög. Á plötunni verða einnig B-hliða smáskífulög og sjaldheyrð lög. Einnig verður þar lagið Deadweight sem var í kvikmyndinni A Life Less Ordinary.




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3-5:30-8-10:20 | B.I. 12 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 VIP | KL. 4:15-8-10:20 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| SHE´S THE MAN | KL. 3-5:45-8 | |
| POSEIDON | KL. 10:30 | B.I. 14 |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3:30-6-8:15-10:30 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3:30-5:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 3:30-6-8-10:30 | |
| *POSEIDON | KL. 8:30 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 8-10:10 | |
| THE CLICK | KL. 8-10:10 | B.I. 10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 | |
| CARS enskt tal | KL. 5:40-8 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:20 | B.I. 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20 | B.I. 14 |
| SLITHER | KL. 11 | B.I. 16 |
| MI:3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

# FRÉTTIR AF FÓLKI

**Angelina Jolie** og **Brad Pitt** hafa sigað lögmönnum á pressuna í Bandaríkjunum og hóta því að ef fjölmiðlarnir birti ljósmyndir sem hafi verið stolið úr fórum þeirra sé voðinn vís. „Stafrænu minniskorti, með fjölmörgum myndum sem hjónin hafa höfundarrétt á, var stolið," sagði í yfirlýsingunni sem lagastofa Pitt og Jolie sendi fjölmiðlum. „Sá sem birtir myndirnar á yfir höfði sér greiðslu hárra skaðabóta," sagði einnig í yfirlýsingunni. Talið er að myndirnar séu frá lítilli veislu með nánum vinum og ættingjum sem haldin var til heiðurs litlu **Shiloh**, dóttur Pitt og Jolie.



**Gwyneth Paltrow** virðist ekki vera sátt við að vera leikkona í Óskarsverðlaunaflokki, því hún stefnir nú á tónlistarbransann. Gwyneth fæddi soninn **Moses** í apríl og ku hafa uppgötvað að tónlist hjálpi henni að slaka á. Bóndi hennar, Coldplaysöngvarinn **Chris Martin**, ætti nú að geta hjálpað henni en hún réð samt sem áður til liðs við sig **William Orbit** sem pródúseraði Ray of Light með **Madonnu**. Gwyneth hefur nú þegar tekið upp eina smáskífu sem ætlunin er að gefa út.



**Naomi Campbell**, sem á að mæta fyrir rétt í vikunni fyrir að hafa hent farsíma í áttina að ráðskonu sinni, hefur nú verið kærð af annarri þjónustustúlku fyrir árás. Í Hæstarétti New York fylkis á Manhattan á mánudag kröfðust lögmenn þess að konan fengi skaðabætur fyrir árásina. Réttargögn segja ekki nánar frá uppákomunni en konan, **Gaby Gibson**, sagði í viðtali í apríl að Campbell hefði lamið hana og kallað hana öllum illum nöfnum því að fyrirsætan fann ekki gallabuxurnar sínar.





**Aaron Spelling**, einn helsti sjónvarpsþáttaframleiðandi Bandaríkjanna, lést á föstudag, en hann framleiddi meðal annars Melrose Place, 7th Heaven, Dynasty og The Mod Squad þættina. Aaron spelling var faðir leikkonunnar **Tori Spelling**, en hún og Aaron höfðu nýlega sæst eftir mikið ósætti. Auk Tori voru fjölmargir leikarar úr Hollywood í jarðarförinni sem fram fór á sunnudag.






## Lessa til Fylkis

Hinu unga úrvalsdeildarliði Fylkis í kvennaboltanum hefur borist góður liðsstyrkur, því hin bandaríska Christiane Lessa hefur gengið í raðir félagsins frá Haukum. Lessa er 24 ára gömul.

**sport**

sport@frettabladid.is

ENSKA UTANDEILDARLIÐIÐ ALDERSHOT TOWN: FYLGIST MEÐ KEFLVÍKINGUM

# *Aldershot Town á eftir Keflvíkingum*



Enska utandeildarliðið Aldershot Town FC gerði sér lítið fyrir um síðastliðna helgi og sendi útsendara á leik Dungannon Swifts og Keflavíkur í Intertoto-keppninni. Terry Brown, knattspyrnustjóri liðsins, segir að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem félagið sendir menn erlendis til að fylgjast með leikmönnum.

„Intertoto-keppnin veitir okkur það tækifæri að skoða hæfileikaríka knattspyrnumenn frá öðrum löndum sem eru ekki of dýrir. Félagið býr nú yfir þeirri getu að fylgjast með hvaða leikmenn standa okkur til boða og við skulum vona að eitthvað komi úr förinni til Belfast.”

Hvorki Kristján Guðmundsson þjálfari Keflavíkur né Guðmundur Steinarsson fyrirliði höfðu heyrt af áhuga Aldershot þegar Fréttablaðið hafði samband við þá. „Ég veit að það voru einhverjir að fylgjast með leiknum frá erlendum félögum en það er ekki óvenjulegt í leikjum í Evrópukeppninni, sérstaklega á Bretlandseyjum,” sagði Kristján. Guðmundur tók í svipaðan streng.

„Það hefur verið að fylgjast með einhverjum leikmönnum okkar, enda erum við með ungt og efnilegt lið. 4-1 sigurinn hér heima vakti líka talsverða athygli.”

En skyldi Guðmundur hafa áhuga á að spila í ensku utandeildinni? „Nei, það held ég ekki,” sagði hann í léttum dúr. „Ég efast um að það heilli nokkurn leikmann efstu deildar hér á landi að spila í þeirri deild.”

Paul Fairclough, knattspyrnustjóri enska 2. deildarliðsins Barnet, ætlaði einnig að fylgjast með leiknum í Belfast en hætti við þar sem þeir leikmenn Keflavíkur sem hann hafði áhuga á voru hvíldir í leiknum.

## > Heiðar í 20.-25. sæti



Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr Kili í Mosfellsbæ, lauk í gær keppni á móti í Brönderslev í Danmörku í 20.-25. sæti en mótið er liður í dönsku keppnismótaröðinni. Davíð Heiðar spilaði þriðja og síðasta hringinn á þremur höggum yfir pari og samtals á átta höggum yfir parinu. Hann átti frábæran fyrsta hring á mótinu er hann spilaði á einu höggi undir pari en náði ekki að leika það eftir.

Stórsigur Valsstúlkna á FH:

## Metjöfnun Vals

**FÓTBOLTI** Sigur Vals á FH í Landsbankadeild kvenna á mánudagskvöld var metjöfnun hjá félaginu yfir stærsta sigur í deildarleik frá upphafi. Kvennalið Vals vann leikinn 15-0, eða með sömu markatölu og gegn Leikni árið 1981. Þá var þetta stærsti ósigur kvennaliðs FH frá upphafi í deildarleik en fyrir leikinn var það leikur gegn KR fyrir sex árum sem Hafnarfjarðarliðið tapaði 12-0.

Valur hefur skorað 7,3 mörk að meðaltali í leik í sumar en FH fengið á sig 7,1 að meðaltali, ótrúlegt en satt. - egm


WOLF Garten

Rafm.sláttuvélar



Vandaðar vélar og öflugir mótorar

ÞÓR HF

REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500

Lónsbakka - sími 461-1070


# Þróunin bitnar á kvennalandsliðinu

**Það fer lítið fyrir spennu í Landsbankadeild kvenna og margir velta fyrir sér stöðu kvennaknattspyrnu á Íslandi. Vanda Sigurgeirsdóttir hefur miklar áhyggjur af stöðu mála í kvennaboltanum, líkt og margir fleiri.**

**FÓTBOLTI** Vanda er margfaldur Íslandsmeistari með KR og Breiðablik, auk þess sem hún þjálfaði íslenska kvennalandsliðið á sínum tíma. Hún er nú formaður knattspyrnudeildar Tindastóls en hún hefur búið á Sauðarkróki síðustu ár.

Valur á sæti efst í deildinni og hefur þá ótrúlegu markatölu 51-3 eftir aðeins sjö leiki. Deildin er mjög ójöfn og sárafáir spennandi leikir sjást. Ekkert jafntefli hefur verið gert í deildinni sem segir sitt.

„Skiptingin á deildinni hefur verið vandamál lengi, í tíu ár í það minnsta frá því hugmyndir komu fyrst upp til að auka skemmtanagildið. Eftir að ÍBV datt út er þetta orðið einu liði færra, sem er samkeppnishæft á meðal þeirra bestu,“ sagði Vanda við Fréttablaðið í gær.

„Þetta bitnar að mínu mati á landsliðinu okkar af því það eru einfaldlega of fáir hörkuleikir á sumrin. Þar af leiðandi verður of mikill munur á landsleikjunum hjá stelpunum enda viðbrigðin gríðarleg eftir að hafa kannski unnið 10-0 fimm dögum fyrir landsleik gegn ógnarsterku landsliði á borð við Þýskaland til að mynda. Ísland er í 18. sæti styrkleikalistans og er ekki langt frá því að komast í úrslitakeppni á stórmóti en þessi þróun seinkar því. Það vantar aðeins herslumuninn til að komast alla leið en með þessu áframhaldi sér maður ekki að það gangi eftir,“ sagði Vanda ákveðin en ljóst er að hún er ekki ein á þessari skoðun.

„Auðvitað vildi maður helst hafa stóra deild en ég held að það verði að skoða þetta fyrirkomulag. Það græðir enginn á þessu og gerir engum gott, hvorki þessum stelpum sem eru að tapa svona stórt og ekki heldur þeim sem vinna með þessum markamun,“ sagði Vanda sem vonast eftir breytingum hið snarasta.

„Mér finnst að menn ættu að vera óhræddir við að breyta og þrátt fyrir að eitthvað fyrirkomulag sé prófað þarf ekki að vera að það sé endanlegt. Við höfum séð handboltahreyfinguna gera mikið af breytingum á fyrirkomulaginu, það hafa ekki alltaf allir verið ánægðir, en þeir eru í það minnsta að reyna að koma sér niður á eitthvað gott fyrirkomulag,“ sagði Vanda sem hefur sínar eigin hugmyndir um nýtt fyrirkomulag.

„Það væri kannski hægt að spila einfalda umferð á hverju ári með átta eða tíu lið, sem skiptust síðan í tvær deildir þar sem spilaðar væru tvær umferðir. Ég er kannski ekki með réttu lausnina en það er undir KSÍ komið að finna réttan flöt á þetta. Það er fyrir löngu kominn tími á að breyta til, ég held að það væri til hagsbóta fyrir alla, ekki síst landsliðið okkar,“ sagði Vanda.

Áhuginn á kvennaboltanum bíður líka hnekki miðað við þróunina. „Það er hætt á því að áhuginn fari minnkandi. Maður myndi halda að fjölmiðlar missi áhugann, eitt af því sem fjölmiðlar gera væntanlega kröfu til er að leikir séu spennandi. Það er ekki gott þegar þetta er svona óspennandi og stelpurnar hafa kvartað yfir því í gegnum tíðina að umfjöllunin sé ekki næg um kvennaboltann. Þetta er ekki líklegt til að auka hana,“ sagði Vanda Sigurgeirsdóttir. hjalti@frettabladid.is

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **7** | **7** | **0** | **0** | **51-3** | **48** | **21** |
| BREIÐABLIK | 7 | 6 | 0 | 1 | 33-7 | 26 | 18 |
| **STJARNAN** | **7** | **5** | **0** | **2** | **16-10** | **6** | **15** |
| KR | 7 | 4 | 0 | 3 | 39-13 | 26 | 12 |
| **KEFLAVÍK** | **7** | **3** | **0** | **4** | **20-22** | **-2** | **9** |
| FYLKIR | 7 | 2 | 0 | 5 | 7-34 | -27 | 6 |
| **ÞÓR/KA** | **7** | **1** | **0** | **6** | **9-38** | **-29** | **3** |
| FH | 7 | 0 | 0 | 7 | 2-50 | -48 | 0 |



**ÓJAFNT** Fjórir varnarmenn FH sést hér reyna að stöðva Margréti Láru Viðarsdóttur, leikmann Vals, í leik liðanna á mánudaginn. Margrét skoraði fjögur mörk í 15-0 sigri og hefur þar með skorað nítján mörk í sjö leikjum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Íslandshjólreiðunum er lokið eftir æsispennandi fimm daga keppni:

# Hafsteinn Ægir fór með sigur af hólmi

**HJÓLREIÐAR** Hafsteinn Ægir Geirsson sigraði í hinni árlegu keppni Hjólað um Ísland en hann gerði sér lítið fyrir og vann allar fimm dagleiðir keppninnar. Fór hann kílómetrana 256, sem hjólaðir voru í keppninni, á tímanum 7 klst 3 mín og 35 sek, sem gerir 36, 2 km að meðalhraða.

Íslandshjólreiðarnar eru að fyrirmynd stærstu reiðhjólakeppni heims, Frakklandshjólreiðanna (Tour De France), og er stærsti viðburður á götuhjólum sem haldinn er hérlendis og ein af fáum keppnum sem standa yfir í fleiri en einn dag. Að sjálfsögðu var forystumaður í gulri treyju í keppninni og hélt Hafsteinn þeirri treyju alla dagana. - hþh



**Á FLEYGIFERÐ** Hópurinn við Vatnsfelli á fjórða degi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐNI DAGUR

Fjórir athyglisverðir leikir eru á dagskrá Landsbankadeildar karla í kvöld:

# Eykst forysta FH enn frekar í kvöld?

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir verða í níundu umferð Landsbankadeildar karla í kvöld en umferðinni lýkur síðan annað kvöld með viðureign KR og Vals, eftir þann leik verður mótið nákvæmlega hálfnað. FH er með sjö stiga forskot í deildinni og getur aukið það með því að sigra Grindavík, sem er í öðru sæti, á heimavelli í kvöld. Grindvíkingar eiga ekki góðar minningar frá Kaplakrikavelli en þeir töpuðu 8-0 gegn FH á vellinum í fyrra. Þeir mæta þó fullir sjálfstrausts í leikinn í kvöld eftir að hafa burstað lið KR 5-0 í síðustu umferð og þá geta þeir glaðst yfir því að Allan Borgvardt sé ekki lengur hjá FH en hann skoraði fjögur af mörkunum átta í fyrra. Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, er þarna að heimsækja gamlar slóðir, en hann þjálfaði FH fyrir nokkrum árum síðan.

Á Akranesvelli koma Víkingar í heimsókn en leikurinn er sérlega mikilvægur fyrir heimamenn. ÍA er í neðsta sæti deildarinnar með sex stig og er fjórum stigum frá öruggu sæti í deildinni, takist liðinu ekki að sigra í kvöld gæti það verið komið enn lengra niður á botninn. Víkingum hefur ekki tekist að landa sigri í þremur síðustu leikjum sínum en þeir eru um miðja deild.

Keflvíkingar hafa ollið vonbrigðum það sem af er móti og spilamennska liðsins verið ansi sveiflukennd. Í kvöld taka þeir á móti nýliðum Breiðabliks en leikurinn átti upphaflega að fara fram á morgun en var færður vegna þátttöku Keflavíkur í Intertoto keppninni. Þrír af leikjunum fjórum í kvöld hefjast klukkan 19:15, en klukkan átta verður leikur Fylkis og ÍBV í Árbænum í beinni útsendingu á Sýn. Þessi lið mættust í lokaumferðinni í fyrra og vann þá Fylkir 1-0 í Vestmannaeyjingar fögnuðu þó vel í leikslok enda var þá ljóst að liðið náði að halda sæti sínu í deildinni. - egm

HVAÐ EF ÞÚ ÆTTIR
FJARSTÝRINGU...
...SEM GÆTI
STÝRT LÍFI ÞÍNU?




A D A M   S A N D L E R

# CLICK

FRÁ FRAMLEIÐENDUM “ANGER MANAGEMENT”
FRUMSÝND 28. JÚNÍ




Sendu SMS skeytið **JA CKV** á númerið **1900**
og þú gætir unnið!

SONY ERICSSON
W810i

DVD MYNDIR

BÍÓMIÐA Á MYNDINA
FYRIR TVO

VARNING TENGDAN
MYNDINNI

TÖLVULEIKI

... og margt fleira!

**9.** hver vinnur!

D3 MOBILE

BÍÓ.IS
– allt á einum sta

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr. skeytið



**AÐ BIÐJA UM FLUTNING?** Ronaldo er eftirsóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Cristiano Ronaldo:

## Fær ekki að fara til Real

**FÓTBOLTI** Spænska dablaðið Marca birti í gær viðtal við Cristiano Ronaldo, leikmann Manchester United, þar sem hann lýsir yfir áhuga sínum á því að ganga til liðs við Real Madrid.

„Ég hef sagt umboðsmanni mínum að ég sé tilbúinn til að fara, en ég vil gera það á sem bestan hátt fyrir alla. Ég vil spila fyrir Real Madrid og upplifa drauminn minn. Næsta skref er að þeir tali við Manchester United," sagði Ronaldo við Marca.

Manchester United gáfu út yfirlýsingu í gær þar sem þeir kváðust vera furðu lostnir yfir þessum ummælum og sögðu að það kæmi alls ekki til greina að Ronaldo yfirgæfi herbúðir liðsins í sumar. - hþh

Tenniskappinn Arnar Sigurðsson hefur gert það gott að undanförnu en árangur hans er ekki ókeypis:

# Borgar mikið úr eigin vasa en kvartar ekki

**TENNIS** Arnar Sigurðsson tennisspilari hefur undanfarið gert það gott á atvinnumannamótum í Noregi og Írlandi. Í síðustu viku komst hann í undanúrslit á móti í Limerick á Írlandi og svo komst hann inn í aðalkeppnina á móti í Dublin þar sem hann tapaði fyrir Bandaríkjamanni í fyrstu umferð þess móts.

Engu að síður er árangurinn frábær, sérstaklega þar sem Arnar er að stíga sín fyrstu skref á mótaröðinni eftir að hann útskrifaðist úr háskóla í Bandaríkjunum í vor, þar sem hann var á íþróttanámsstyrk. Þegar síðasti styrkleikalisti alþjóða tennissambandsins var gefinn út var hann í kringum 1400. sætið en eftir árangurinn í Limerick er viðbúið að hann hækki sig um fjögur hundruð sæti á næsta lista.

Arnar var enn staddur í Dublin þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann ætlaði að reyna að komast inn á stórt mót sem hefst þar í vikunni. „Ég veit þó ekki hvort ég ætli að bíða eftir mótinu," sagði Arnar.

„Ég er að spá í að skella mér heim og taka mér frí í nokkra daga, fyrir Davis Cup landsliðamótið sem hefst eftir tvær vikur. Það er enda búið að vera mikið álag á mér undanfarið og hef ég til að mynda spilað sex þriggja setta leiki á átta dögum. Ég er aðeins farinn að finna til í öxlinni."



**ARNAR** Hefur verið að gera það mjög gott að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Aðspurður um fjármálin á bak við þetta ævintýri segir hann að þetta sé vissulega dýrt fyrirtæki.

„Ég er á afreksmannastyrk, auk þess sem Kópavogsbær hefur verið duglegur að styrkja mig. En annars borga ég þetta úr eigin vasa og þarf ég því að velja mótin vel.

Þetta er frábær reynsla fyrir mig og hef ég fundið undanfarið að ég hef verið að bæta minn leik. Ég á vel heima á þessum mótum enda hef ég verið að vinna marga sem eru langt fyrir ofan mig á styrkleikalistanum."

Arnar skildi við háskólann með því að verða fyrsti nemandi skólans sem kemst inn á stærsta mót ársins þar sem aðeins bestu tennisleikmenn háskólanna í Bandaríkjunum fá þátttökurétt. „Ég á þar að auki öll met skólans, hvað varðar sigra og vinningshlutfall og fleira í þeim dúr," sagði Arnar sem reynir sig nú meðal þeirra bestu í heiminum. - esá




Roger Federer, hefur skráð nafn sitt í sögubækurnar:

## Sló met Björns Borg í gær

**TENNIS** Roger Federer sló í gær met sænsku goðsagnarinnar Björns Borg þegar Svisslendingurinn vann 42. leik sinn í röð á grasi eftir sigur gegn Richard Gasquet á Wimbledon mótinu. Federer vann settin þrjú örugglega, 6-3, 6-2 og 6-2, en hann mætir Tim Henman í næstu umferð.

„Að komast á slíkt skrið eins og ég hef gert er augljóslega frábært en ég er ekki búinn enn, ég á bara eftir að verða enn betri. Þrátt fyrir það er met Borg ótrúlegt, hann vann fimm Wimbledon mót og að vinna það sex sinnum er eitthvað sem er nánast ómögulegt fyrir hvaða tennisleikara sem er. Fyrir mér er hann enn hetja," sagði Federer, sem var ánægður með að hafa komist áfram á mótinu. - hþh



**MAGNAÐUR** Það fær enginn skákað Svisslendingnum frábæra Roger Federer þessa dagana, enda í fantaformi eins og venjulega. NORDICPHOTOS/AFP



**BECKHAM** Hefur legið undir ámæli undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Enskir landsliðsmenn standa með David Beckham:

## Standa þétt við bakið á fyrirliða sínum

**FÓTBOLTI** David Beckham, hefur verið gagnrýndur nokkuð fyrir frammistöður sínar á HM, þá sér í lagi af goðsögnunum Sir Geoff Hurst og Terry Butcher. Þeir gátu þó étið hattinn sinn eftir að frábært mark Beckham tryggði England áfram í 8-liða úrslit HM.

„Beckham er í öðrum klassa, algjörum heimsklassa. Við þurfum á honum að halda og hann hefur enn og aftur sýnt hversu mikilvægur hann er fyrir okkur," sagði Paul Robinson, markmaður liðsins, og Frank Lampard tók í sama streng.

„Hann á gagnrýnina sem hann hefur fengið ekki skilið. Fólk á að styðja á bak við liðið og hvetja það áfram, þá sér í lagi David sem hefur staðið sig frábærlega," sagði Lampard en auk þeirra tveggja komu Steven Gerrard og Owen Hargreaves, Beckham einnig til varnar. - hþh




9. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KARLA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| mið. | 28. júní | kl. | 19:15 | Keflavík - Breiðablik |
| mið. | 28. júní | kl. | 19:15 | ÍA - Víkingur |
| mið. | 28. júní | kl. | 19:15 | FH - Grindavík |
| mið. | 28. júní | kl. | 20:00 | Fylkir - ÍBV |
| fim. | 29. júní | kl. | 20:00 | KR - Valur |

8. UMFERÐ | LANDSBANKADEILD KVENNA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| þri. | 4. júlí | kl. | 19:15 | Stjarnan - Valur |
| þri. | 4. júlí | kl. | 19:15 | FH - Þór/KA |
| þri. | 4. júlí | kl. | 19:15 | Keflavík - Fylkir |
| þri. | 4. júlí | kl. | 19:15 | KR - Breiðablik |

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is

Philip Cocu, fyrrum leikmaður Barcelona, um Eið:

## Leikmaður að mínu skapi

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Phillip Cocu, fyrrum leikmaður Barcelona, er einn þeirra fjölmörgu sem hafa lagt orð í belg um komu Eiðs Smára Guðjohnsen til Börsunga. Cocu lék með liðinu árin 1998-2004 en sneri þá aftur til PSV Eindhoven þar sem hann ætlar að klára ferilinn. Þegar Cocu kom fyrst til PSV árið 1995 hitti hann fyrir ungan sautján ára Íslending sem hann hreifst mikið af.

„Ég sá strax þá að þetta var leikmaður að mínu skapi," sagði Cocu við spænska blaðið Sport í vikunni. „Það fyrsta sem ég tók eftir var hversu fljótur hann var. En hann hefur þróast mikið sem leikmaður og ætti að vera frábær viðbót fyrir liðið og ætti að samsvara sér vel með Eto`o, Giuly, Messi og Ronaldinho. Hann skorar ekki jafn mikið af mörkum og Henrik Larsson, en hann er mjög sterkur leikmaður sem býr yfir góðri tækni. Þetta er leikmaður sem kann vel að spila fyrir liðið og liðsfélaga sína," sagði Cocu og bætti því við að fjölhæfni hans þýddi að hann getur leyst margar stöður á vellinum. - esá



**PHILLIP COCU** Gefur Eiði Smára toppeinkun. NORDIC PHOTOS/AFP



**HARRY KEWELL** Kom Áströlum í 16-liða úrslit en þvagsýrugigt varð kappanum að falli. NORDIC PHOTOS/AFP

Harry Kewell:

# Er með þvagsýrugigt

**FÓTBOLTI** Harry Kewell gat ekki leikið með Áströlum gegn Ítalíu í fyrradag þar sem hann var með þvagsýrugigt. Þetta upplýsti Scott Chipperfield, liðsfélagi hans.

Þvagsýrugigt er afar sársaukafullur sjúkdómur sem leggst á smáliði í útlimum, oftast stóru tá. Þvagsýrukristallar, sem líkaminn losar sig venjulega við í þvaginu, berast í þessu tilviki með blóðinu út í liðina með þeim afleiðingum að minnsta hreyfing verður mjög sársaukafull.

„Hann getur ekki gengið og verður að styðjast við hækjur. Honum líður hræðilega illa," sagði Chipperfield. - esá

Valentin Ivanov dómari:

# Erfiðasti leikur ferilsins

**FÓTBOLTI** „Þetta er líklega erfiðasti leikur sem ég hef dæmt á ferlinum hvað varðar grófleika leikmanna," sagði rússneski dómarinn Valentin Ivanov, sem dæmdi leik Hollands og Portúgals í 16-liða úrslitum HM. Portúgal vann leikinn, 1-0, en Ivanov lyfti gula spjaldinu sextán sinnum í leiknum og því rauða fjórum sinnum. Það er met í heimsmeistarakeppninni og hefur Ivanov mátt þola mikla gagnrýna fyrir. - esá



**FRANSKUR FÖGNUÐUR** Frakkar sýndu nýja taka gegn Spáni í gær og komust áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Frakkar vöknuðu til lífsins

**Dapurt gengi Spánverja á stórmótum hélt áfram í gær þegar Spánverjar töpuðu fyrir Frökkum í sextán liða úrslitum HM, 3-1. Frakkar mæta næst liði Brasilíu.**

**FÓTBOLTI** Hið dapra lið Frakka á HM rankaði við sér í gær og sló út sprækt lið Spánverja í sextán liða úrslitum HM. Frakkar höfðu lítið getað í keppninni fram að þessu en Spánverjar fóru að sama skapi á kostum í riðlakeppninni. Að því er ekki spurt í útsláttarkeppninni og reynsla Frakka vó þungt í gær.

Frakkar höfðu yfirhöndina þegar Lilian Thuram braut klaufalega á Pablo á 28. mínútu. David Villa tók vítið og skoraði örugglega, 1-0 fyrir Spán. Frakkar létu ekki bugast og Frank Ribery jafnaði fyrir þá fjórum mínútum fyrir leikhlé þegar hann fékk góða stungusendingu frá Patrick Vieira, hljóp fram hjá Casillas í markinu og lagði boltann í tómt markið. Staðan 1-1 og loksins mark hjá Ribery sem hefur fengið fjölda færa á mótinu.

Luis Aragones, þjálfari Spánverja, tefldi djarft í síðari hálfleik og setti Joaquin og Luis Garcia inn á völlinn á 54. mínútu. Við það tóku Spánverjar aftur völdin en gekk samt illa að brjóta niður frönsku vörnina. Leikurinn var á leið í framlengingu þegar Spánverjar gleymdu Patrick Vieira í teignum á 83. mínútu og hann skallaði aukaspyrnu Henrys í netið.

Spánverjar reyndu hvað þeir gátu að jafna undir lokin án árangurs. Um leið opnaðist vörn þeirra og Zinedine Zidane fékk uppreisn æru þegar hann skoraði þriðja markið í uppbótartíma. Langbesti leikur Frakka í keppninni er staðreynd og þeir verða til alls líklegir gegn Brasilíu, spili þeir svona áfram.

Sorgarsaga Spánverja heldur áfram á móti áfram og niðurstaða mótsins eru þeim klárlega mikil vonbrigði. henry@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

25 26 27 **28** 29 30 1

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Keflavík** og **Breiðablik** mætast í Landsbankadeild karla.
- 19.15 **ÍA** og **Víkingur** mætast í Landsbankadeild karla.
- 19.15 **FH** og **Grindavík** mætast í Landsbankadeild karla.
- 20.00 **Fylkir** og **ÍBV** mætast í Landsbankadeild karla.
- 20.00 **Fjölnir** og **Fram** mætast í 1. deild karla.
- 20.00 **Þróttur** og **Leiknir** mætast í 1. deild karla.

### SJÓNVARP

- 16.45 **Landsmót hestamanna** á Rúv. Endursýndur þáttur frá því í gær með samantekt þriðjudagsins. Það er Samúel Örn Erlingsson sem tekur saman, en hann er staddur í Skagafirði á Landsmótinu.
- 19.50 **Fylkir og ÍBV** á Sýn. Bein útsending frá leik liðanna í Árbænum.
- 21.40 **Landsmót hestamanna** á Rúv. Samantekt dagsins með Samúel Erni Erlingssyni.
- 22.00 **Landsbankamörkin** á Sýn. Öll mörk og tilþrif 9. umferðar.
- 22.20 **Íþróttakvöld** á Rúv.

**HM 2006**
**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*16-liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| BRASILÍA-GHANA | 3-0 |
| 1-0 Ronaldo (5.), 2-0 Adriano (45.), 3-0 Ze Roberto (84.). | |
| SPÁNN-FRAKKLAND | X-X |
| 1-0 David Villa (28.), 1-1 Frank Ribery (41.), 1-2 Patrick Vieira (83.), 1-3 Zinedine Zidane (90.). | |



**MÖRKIN FIMMTÁN** Ronaldo sést hér fagna öllum mörkunum fimmtán. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Braslía í átta liða úrslit á HM eftir 3-0 sigur á Gana:

# Ronaldo sló markamet Gerds Mullers

**FÓTBOLTI** Brasilíski framherjinn Ronaldo skráði nafn sitt með gylltu letri á spjöld knattspyrnusögunnar í gær þegar hann skoraði eitt marka Brasilíu í 3-0 sigri á Ghana í sextán liða úrslitum HM. Ronaldo hefur þar með skorað fimmtán mörk á HM en það hefur engum öðrum leikmanni tekist. Gerd Muller átti metið en þrjú mörk Ronaldos í keppninni til þessa hafa lyft honum yfir Þjóðverjann skotfasta.

„Ég er mjög ánægður með úrslitin og að hafa bætt metið," sagði Ronaldo en Adriano og Ze Roberto skoruðu hin mörkin í leiknum en mark Adriano var mjög umdeilt en hann virtist vera rangstæður. Ghanamenn kvörtuðu síðan yfir því að dómarinn hefði dregið taum Brasilíumanna í leiknum og höfðu nokkuð til síns máls. - hbg






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„What kind of place is this? It's beautiful: Pigeons fly, women fall from the sky! I'm moving here!"**

Svar: Guido úr kvikmyndinni La Vita è bella árið 1997.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEIN SIGURÐSSON RÁMAR Í LÍF UTAN SKAFTAHLÍÐARINNAR

# *Maður, líttu þér fjær*

Á undan hverjum leik á heimsmeistaramótinu í fótbolta býður sjónvarpsstöðin Sýn upp á upphitun, þar sem knattspyrnuáhugamenn eru fengnir í myndver til að spá í spilin. Ekki þarf að koma á óvart að fjölmiðlamenn eru tíðir gestir, þeir eru margir hverjir vanir að vera fyrir framan myndavél og eru í starfi sem krefst þess að þeir orði hugsun sína skýrt. Hins vegar verður að gæta hófs í þessum efnum, sérstaklega þykja mér umsjónarmenn gjarnir á að fá kollega sína innanhúss í myndverið. Stundum á maður jafnvel bágt með að sjá hvor er spyrillinn og hvor gesturinn, Logi Bergmann eða Haukur Holm.

Til að bæta gráu ofan á svart koma margir gestir oftar en einu sinni í heimsókn, og þegar þetta er skrifað situr Sigmundur Ernir Rúnarsson í gestasæti í að minnsta kosti annað sinn (og það er nóg eftir af mótinu). „Það er ekki til neitt annað en heitir gúrkutíð, bara latir fréttamenn," segir Sigmundur stundum. Hvað um þá sem nenna ekki að leita að nýjum viðmælendum?

Vissulega eru margir leikir á mótinu og það getur verið vesen að fá fólk til að mæta en í alvöru talað, er virkilega ekki hægt að fá fjölbreyttara úrval af gestum? Konur hafa til dæmis ekki riðið sérlega feitum hesti frá gestalistanum. Ólíkt körlunum þurfa þær helst að vera í Landsbankadeildinni til að fá að tjá sig um HM á Sýn (nema auðvitað þær vinni hjá 365).

Sá plagsiður að leita ekki út fyrir Skaftahlíðina að viðmælendum teygir sig líka yfir á NFS. Í þættinum Pressan á laugardaginn fékk Róbert Marshall fjóra fjölmiðlamenn til liðs við sig til að ræða fréttir vikunnar. Þrír þeirra vinna hjá 365, einn hjá RÚV. Vissulega eru margir sjálfstæðir fjölmiðlar innan þessa fyrirtækis, en fyrr má nú vera. Róbert hefði rétt eins getað kallað þáttinn Úr matsalnum.



**ALLTAF Í BOLTANUM** Fréttir á NFS eða upphitun á Sýn? Ég er hreint ekki viss.


▶ 20.50 *Gaman*
GREEN WING


▶ 21.40 *Sakamál*
MEDIUM


▶ 21.00 *Gaman*
STACKED


▶ 23.20 *Spjall*
JAY LENO


▶ 22.30 *Umræða*
HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.45** Landsmót hestamanna **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (55:58) **18.28** Sígildar teiknimyndir (38:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (61:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Tískuþrautir (6:11)** (Project Runway II)
▶ **20.50 Græna álman (3:9)** (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**21.40 Landsmót hestamanna** Sjónvarpið sýnir daglega samantekt frá keppni og mannlífi á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní til 2. júlí.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld**

**23.00** Vesturálman (9:22) **23.45** Kóngur um stund (3:12) **0.15** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Coupling **14.25** Las Vegas **15.10** Amazing Race **16.00** Sabrina **16.25** BeyBlade **16.50** Fífí **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 What Not To Wear (2:5)** Trinny og Susannah taka nú í gegn tvær ungar konur sem litla sem enga tilfinningu segjast hafa fyrir tísku og stíl.
**20.55 Oprah (72:145)**
▶ **21.40 Medium (15:22)** (Miðillinn) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfinu sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og stunda samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
**22.25 Strong Medicine (14:22)** (Samkvæmt læknisráði 5) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum.

**23.10** Stelpurnar **23.35** Grey's Anatomy **0.15** Cold Case (B. börnum) **1.00** The Pilot's Wife (B. börnum) **2.25** Ganga stjörnurnar aftur? **3.10** The Believer (Str. b. börnum) **4.50** Homeland Security (B. börnum) **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (3:10) (e)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanar taka upp á alls kyns vitleysu.
**20.00 Friends (6:17)**
**20.30 Sirkus RVK**
▶ **21.00 Stacked (3:13)** (Darling Nikki) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókabúðinni.
**21.30 Clubhouse (9:11)** (Clubhouse) Heitasta ósk Petes Young rætist þegar hann fær draumavinnuna sína.
**22.20 Bootmen** Það eru ekki fjölbreytt atvinnutækifæri í Newcastle í Ástralíu.

**23.50** Supernatural (20:22) (e) (Bönnuð börnum) **0.40** Jake in Progress (6:13) **1.05** Friends (6:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær (e)

**15.40** Everybody loves Raymond (e) **16.10** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Beautiful People**
**21.30 America's Next Top Model V** Leitin að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi, og er meðal vinsælustu raunveruleikaþátta í heiminum.
**22.30 The L Word** Þessum þáttum hefur verið líkt við þætti á borð við Sex and the City og Desperate Housewives. Fylgst er með hópi lesbía í Los Angeles, ástum þeirra og sorgum, sigrum og ósigrum.

▶ **23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Beverly Hills 90210 (e) **1.40** Melrose Place (e) **2.25** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Veður / íþróttir / Kvöldfréttir NFS

**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Frontline 2006** (Meth Epidemic)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.30 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Looney Tunes: Back in Action **8.00** Path to War **10.40** Along Came Polly **12.10** Win A Date with Ted Hamilton! **14.00** Looney Tunes: Back in Action **16.00** Path to War **18.40 Along Came Polly** (Svo kom Polly) Ráðgjafinn Reuben Feffer vill alltaf hafa hlutina á hreinu. Allt fer því skiljanlega í rúst þegar eiginkonan heldur fram hjá honum í brúðkaupsferðinni! **20.10 Win A Date with Ted Hamilton!** (Stefnumót með stórstjörnu!) Rómantísk gamanmynd. **22.00 The Whole Ten Yards** (Vafasamur nágranni 2) Stórskemmtileg glæpagrínmynd þar sem taugaveiklaði tannlæknirinn Oz og leigumorðinginn Jimmy túlípani Tudeski hittast á nýjan leik. **0.00** The Adventures of Pluto Nash (B. börnum) **2.00** Poltergeist 3 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Number One Single **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** 101 Most Starlicious Makeovers **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest **0.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **2.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

The L Word *Skjár Einn kl. 22.30*

### *L-orðið lesbíur*



Þáttunum The L Word hefur verið líkt við þætti á borð við Sex and the City og Desperate Housewives. Fylgst er með hópi lesbía í Los Angeles, ástum þeirra og sorgum, sigrum og ósigrum. Þættirnir hafa verið lofaðir í hástert fyrir greinargóða mynd af samfélagi samkynhneigðra kvenna, og notið mikilla vinsælda.
Nú er komið að annarri þáttaröð, sem margir hafa beðið óþreyjufullir eftir síðan Skjár Einn sýndi þá fyrstu fyrir nokkru síðan.








▶ **18.12** *Íþróttir*

SPORTIÐ

SÝN *besta sætið*

**14.30** HM 2006 **16.15** HM 2006 **18.00** Íþróttaspjallið
▶ **18.12** Sportið

**18.30** **A1 kappaksturinn 2005/2006** (A1 Grand Prix 2005/2006 – Review Program) Svipmyndir frá því besta sem gerðist á síðustu keppnistíð í A1 heimsbikarnum í kappakstri.
**19.30** **4 4 2** (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J. og Heimis Karlssonar.
**20.30** **Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi.
**21.30** **Stjörnugolf 2006**
**22.00** **Landsbankamörkin 2006**
**22.30** **HM 2006** (1. sæti F – 2. sæti E) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2006.

**0.15** HM 2006

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Skáldskapur og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.05** Mozart og fjölskylda

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölsk ldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþre ing
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fá Sólrún Jónsdóttir og Ingrid Jónsdóttir fyrir að vera fyrstu íslensku lesbíurnar til að staðfesta sambúð sína.*

## ÞRÍR SPURÐIR NÝ LÖGGJÖF Á ÍSLANDI

# *Hvað finnst þér um rétt samkynhneigðra til ættleiðinga?*



**Rósa Guðmundsdóttir söngkona:**
„Allt fólk á að fá að taka þátt í öllum siðum og venjum samfélagsins."



**Illugi Gunnarsson viðskiptafræðingur:**
„Ég styð þessi réttindi."



**Sigríður Rut Júlíusdóttir lögfræðingur:**
„Þetta var löngu tímabært og sjálfsögð mannréttindi."

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** smátota **6** skammstöfun **8** hress **9** stormur **11** samanburðartenging **12** rót **14** blossaljós **16** í röð **17** þunnur vökvi **18** enþá **20** ekki heldur **21** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1** klöpp **3** tveir eins **4** fargið **5** utan **7** úr augsýn **10** frostskemmd **13** mas **15** der **16** húðpoki **19** á líðandi stundu.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** sepi, **6** eh, **8** ern, **9** rok, **11** en, **12** grams, **14** flass, **16** hi, **17** lap, **18** enn, **20** né, **21** snúa. **LÓÐRÉTT: 1** berg, **3** ee, **4** pressan, **5** inn, **7** horfinn, **10** kal, **13** mal, **15** spél, **16** hes, **19** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Herbert Walker
2. Erla Tryggvadóttir
3. 35 mörk

allt
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf
vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



**FJÖR Á TÖKUSTAÐ** Mikið fjör var á tökustað enda var stundum tekið upp á fimm stöðum í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR AÐALGEIRSSON

GUINNESS: HEIÐRAÐUR FYRIR GÓÐA AUGLÝSINGU

# Sagafilm fékk verðlaun á auglýsingahátíð í Cannes

Auglýsingin „noitulovE," eða Þróun, sem gerð var fyrir Guinness bjórframleiðandann, hlaut Grand Prix-verðlaunin á auglýsingahátíðinni í Cannes fyrir skömmu. Íslenska kvikmyndafyrirtækið Sagafilm kom að framleiðslu auglýsingarinnar en hluti af henni var tekinn upp hér á landi.

„Þessi verðlaun eru góð kynning fyrir Ísland og fyrir framleiðsludeildina okkar hér á landi," segir Lárus Halldórsson, markaðsstjóri Sagafilm, en Grand-Prix verðlaunin eru þau stærstu sem veitt eru á auglýsingahátíðinni í Cannes. „Þessi auglýsing vakti mikla athygli eins og gerist alltaf með auglýsingar sem fá svona verðlaun."

„Noitulove," eins og auglýsingin heitir, er í raun enska orðið Evolution skrifað afturábak. Auglýsingin rekur þróunarkenninguna í öfugri röð og bakgrunnar, sem nýttir voru til að myndgera breytingar jarðarinnar, voru teknir upp á sex til sjö dögum víðs vegar um Ísland.

Lárus segir að mikið fjör hafi verið á tökustöðum og í raun hafi verið tekið upp á fimm stöðum í einu. „Við tókum mikið upp á hálendinu og myndavélarnar voru stilltar á ákveðinn tíma, það er þær tóku upp eitt skot á fimm tímum. Þannig sjást breytingarnar sem verða á skuggum og himni," útskýrir Lárus en Dan Kleinman heitir leikstjóri auglýsingarinnar. „Kleinmann var á fleygiferð á milli staða til að koma myndavélunum af stað."

Sagafilm hefur unnið töluvert með erlendum framleiðsluhúsum og útvegaði meðal annars fyrirtækinu AMV BBDO, sem gerði Guinness auglýsinguna, tæki, tól og starfsfólk.

Lárus á von á því að nokkuð verði af því að stórir auglýsendur komi hingað til lands til að taka upp auglýsingar eins og verið hefur síðustu ár. **kristjan@frettabladid.is**



Úr Guiness auglýsingu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur **Erla Tryggvadóttir** gengið til liðs við Kastljós, um stundasakir að minnsta kosti, þar sem hún leysir af á meðan aðrir umsjónarmenn fara í sumarfrí. Erla er mikil áhugamanneskja um jafnréttismál og fjallaði lokaritgerð hennar í stjórnmálafræði um femínisma og frjálshyggju. Hún hefur líka skrifað greinar á kvennavefritið Tíkina og var auk þess varaformaður Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, en markmið þess er meðal annars að auka þátttöku kvenna í stjórnmálum. Erla lét þó af því starfi fyrir nokkru enda gera reglur RÚV ráð fyrir að starfsmenn taki ekki þátt í stjórnmálastarfi.



Talsverð ólga er komin upp innan félagsskaparins Kallarnir.is. **Jóhann Ólafur Schröder**, eða **Partí-Hans** eins og hann kallast, lokaði heimasíðu félagsskaparins um helgina og í Fréttablaðinu í gær sagði Egill „Gillzenegger" Einarsson að sú ákvörðun hefði ekki verið borin undir sig og hann væri hreint ekki sáttur við hana. Fréttablaðið hefur upplýsingar um að fjölmargir úr Köllunum séu ósáttir við að síðunni hafi verið lokað, enda hafi þeir ekki lagt blessun sína yfir það. Nokkrir þeirra munu vera farnir að hugsa sinn gang og heyrst hafa sögur af því að Egill sé að skoða möguleika á að opna eigin heimasíðu.



Lítið hefur farið fyrir spéfuglinum **Eyvindi Karlssyni** frá því að hann sagði skilið við spurningaþáttinn Jing-Jang sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Popptíví fyrir nokkru. Eyvindur hefur þó ekki alveg sagt skilið við sjónvarpið því nú er hann byrjaður að þýða teiknimyndir af miklum móð og fetar þar með í fótspor karls föður síns sem er enginn annar en **Karl Ágúst Úlfsson**, Spaugstofumaður með meiru.



**-bs/-hdm/-kh**



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, LAX, SKÖTUSELUR, KEILA OG FISKISPJÓT.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Kominn með nóg af skjánum

„Ég hugsa að ég sé hættur á skjánum og hef takmarkaðan áhuga á því að halda áfram þar," segir Hugi Halldórsson sem er einn af Strákunum á Stöð 2. Nú liggur fyrir að þátturinn um Strákana hefur runnið sitt skeið og ný verkefni taka við hjá þeim félögum. Hugi hefur starfað sem hjálparkokkur hjá þeim félögum Audda, Pétri og Sveppa síðan 2003 og finnst nóg komið. „Þetta eru orðin þrjú ár og það er ágætis tími svona áður en fólk fær nóg," segir Hugi sem býst þó jafnvel við að fara á bak við sjónvarpsmyndavélarnar og starfa sem kvikmyndatökumaður. „Ég hef að vísu ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera en það skýrist vonandi fljótlega."



**HUGI HALLDÓRSSON** Hefur starfað sem hjálparhella Péturs, Sveppa og Audda í ein þrjú ár en hefur fengið nóg. Hann hefur þurft að reyna eitt og annað á þessum þremur árum.

Hugi hefur síðustu ár einnig fengist við knattspyrnuþjálfun kvenna. Fyrst hjá Tindastóli á Sauðárkróki en síðan hjá FH og Stjörnunni. Hugi er aðalþjálfari 2. flokks kvenna hjá Stjörnunni og aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki. „Það eru ekki margir sem vita að ég þjálfa fótboltalið. Okkur hefur gengið nokkuð vel. Við urðum Íslandsmeistarar í 2. flokki í fyrra og nú er meistaraflokkur í þriðja sæti í deildinni og við höfum sett stefnuna ofar en það," segir Hugi sem er í sumarfríi um þessar mundir og spilar golf eins og óður maður. „Ég spila golf átta tíma á dag en er samt með fulla forgjöf. Ég hef nefnilega aldrei keppt á móti," segir Hugi sem er samt ekki í vafa um að hann sé orðinn nokkuð góður í að sveifla kylfunni: „Ég er allavega orðinn betri en Auddi," segir Hugi Halldórsson, fyrrverandi sjónvarpsstjarna. **-kh**




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

# Accord Öryggi




Fjölstjörnuöryggi, ABS, EBD og hugarró
fyrir fjölskylduna á Honda-góðu verði.

honda.is

Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Fjölstjörnuöryggi, þriðja kynslóð ABS bremsa með EBD ásamt sex loftpúðum og loftpúðagardínum er bara grunnurinn að stöðluðum öryggisbúnaði í Honda Accord. Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Komdu og opnaðu hurð að öryggi þínu – ræstu Accord.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
GERÐAR KRISTNÝJAR

# *Skylduæfingar í poppinu*

Um daginn sá ég nýtt myndband með Nelly Furtado. Lagið heitir Maneater eins og gamall slagari með Hall og Oates. Þetta lag er allt hálfundarlegt. Það er drungalegt, ómelódískt og afar óeftirminnilegt. Nelly spratt fram á sjónarsviðið fyrir sex árum og gerði garðinn frægan með mörgum góðum lögum. Þá gerði hún líka skemmtileg myndbönd þar sem hún var lífsglöð og kát. Í því fyrsta, sem gert var við lagið I'm Like a Bird, var hún tolleruð eins og hver annar MR-ingur. Þetta var allt öðruvísi stelpa en óþekktarormurinn Pink eða kyntáknið Kelis sem komu fram á svipuðum tíma.

**NÚ** virðist sem Nelly hafi ekki lengur viljað vera káta stelpan heldur falla frekar inn í hópinn – nema þetta tengist slæmu viðtökunum sem annar diskurinn hennar fékk. Nú hefur hún líklega ætlað sér að duga eða drepast og því var líka nýr upptökustjóri fenginn til starfa. Í nýja myndbandinu dansar Nelly töffaralega í hópi annars ungs fólks og býður upp á klassískar skylduæfingar sem poppurum er uppálagt að sýna í myndböndum. Nelly tekst til að mynda afar vel upp í fyrrnefndum hópdansi sem og bol-lyftunni þar sem magavöðvar verða að sjást, vilji viðkomandi poppari ná góðum stigafjölda.

**ÖÐRUM** skylduæfingum gæti Nelly ætlað að bregða fyrir sig í myndböndunum við næstu smelli en það sem við gætum átt von á er til dæmis stóladansinn, eins og Pussycat Dolls og Britney Spears kunna svo vel, sýning á flottum gsm-síma, eins og þau 50 Cent og Jennifer Lopez hafa staðið fyrir, og síðast en ekki síst upptalning merkjavara. Þar hefur Gwen Stefani náð hæstu hæðunum, þar sem hún nefnir oftast eigið fatamerki. „Love, Angel, Music, Baby," heyrist hún syngja í nokkrum laga sinna. Það er runan sem L.A.M.B. stendur fyrir en svo nefnist tískumerki Gwen.

**NÚ** þyrfti að bjóða upp á sérstakan þátt með tónlistarmyndböndum þar sem þulur útskýrir fyrir áhorfendum allt það sem ber fyrir augu, svo þeir geri sér grein fyrir skylduæfingunum og því þegar tónlistarmenn þora að fara eigin leiðir. Við þurfum að læra að meta áhættu, svo sem eins og þegar Coldplay býður upp á dans ungs manns við nær aldargamla konu og gott ef þau eru ekki bæði í g-strengjum. Það er ekki skylduæfing. Það er frumleiki.


MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**






ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33323 06/2006

Þegar Lexus IS250 ber þig mjúklega eftir veginum og þú finnur aflið, sem þér er gefið, verður fjarlægðin nálæg. Fyrr en varir ertu kominn á áfangastað og líður eins og þú hafir aldrei lagt af stað. Innrétting, munaðarþægindi og tæknibúnaður, sem tekur öðru fram, eru umgjörð um líf þeirra sem vilja ná langt. Á Lexus IS250 verður fjarlægur draumur að veruleika.

Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus IS250. Við erum sannfærðir um að niðurstaðan verður gagnkvæm virðing. Það mun ef til vill koma þér á óvart en við sáum það fyrir. Við gerum nefnilega sömu kröfur til lúxusbíla og þú og njótum þess að tvinna saman afl og hugvit.

Verð frá 4.320.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection